

# Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2031



TILLAGA

25.04.2022



# **SKAFTÁRHREPPUR**

## **Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031**

**Greinargerð og umhverfisskýrslu þessari fylgja sveitarfélagsuppdrættir og  
þéttbýlisuppdráttur dagsettir 25.04.2022**

**Marginerð Ólafsdóttir, Kristín Una Sigurðardóttir  
Óskar Örn Gunnarsson og Eyrún Pétursdóttir**





## Innihald

1.	INNGANGUR .....	8
1.1	Samantekt.....	8
1.2	Vinnuferli og samráð .....	8
1.3	Ástæður endurskoðunar .....	8
1.4	Viðfangsefni.....	9
1.5	Breytingar á Aðalskipulagi Skaftáhrepps 2010 - 2022 .....	10
1.6	Stjórnsýsla .....	11
1.7	Gögn og framsetning .....	11
1.8	Skipulagssvæðið .....	13
1.9	Markmið og leiðarljós .....	14
2	AÐRAR ÁÆTLANIR .....	15
2.1	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	15
2.2	Landsskipulagsstefna .....	17
2.3	Rammaáætlun .....	18
2.4	Samgönguáætlun.....	20
2.5	Náttúruminjaskrá.....	20
2.6	Fjarskiptaáætlun .....	22
2.7	Kerfisáætlun .....	22
2.8	Svæðisskipulag.....	22
2.9	Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu: .....	22
3	FORSENDUR .....	24
3.1	Íbúafjöldi.....	24
3.2	Íbúaspá .....	27
3.3	Húsnaðisþörf .....	28
3.4	Atvinnulíf .....	29
3.5	Landslagsflokkun .....	31
3.6	Ferðaþjónusta.....	34

3.7	Jarðfræði .....	34
3.8	Jarðvegur og gróðurfar .....	35
3.9	Sandfok og uppgræðsla .....	35
3.10	Veðurfar.....	36
3.11	Vatnajökulsþjóðgarður .....	38
3.12	Katla jarðvangu (Katla geopark) .....	39
	<b>4 BYGGÐ, MENNING, SAMFÉLAG .....</b>	<b>42</b>
4.1	Yfirbragð byggðar í þéttbýlinu .....	42
4.2	Íbúðarbyggð (ÍB) .....	42
4.2.1	20 mínúttna bærinn.....	43
4.2.2	Íbúðarbyggð í dreifbýli.....	47
4.3	Frístundabyggð (F) .....	48
4.4	Opin svæði og íþróttasvæði .....	51
4.4.1	Opin svæði (OP).....	52
4.4.2	Íþróttasvæði (ÍP).....	53
4.5	Samfélagsþjónusta (S).....	53
4.5.1	Skólar.....	55
4.5.2	Heilbrigðis- og félagsmál .....	56
4.5.3	Menningarmál .....	57
4.5.4	Kirkjugarðar og grafreitir (K) .....	57
4.5.5	Brunavarnir.....	58
	<b>5 ATVINNULÍF .....</b>	<b>61</b>
5.1	Landbúnaðarsvæði (L) .....	61
5.1.1	Byggingar og önnur starfsemi á landbúnaðarsvæðum .....	63
5.1.2	Stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum .....	63
5.1.3	Flokkun landbúnaðarlands .....	65
5.1.4	Kolefnisbinding og minnkun á losun – endurheimt votlendis.....	68
5.1.5	Landskipti .....	68
5.1.6	Náttúrulegir birkiskógar.....	72
5.1.7	Uppgræðsla og endurheimt votlendis .....	73
5.2	Athafna- og iðnaðarsvæði.....	73
5.2.1	Athafnasvæði (AT) .....	74
5.2.2	Iðnaðarsvæði (I).....	75
5.3	Ferðaþjónusta og áfangastaðaáætlun .....	79
5.3.1	Gististaðir í þéttbýli .....	79
5.4	Stofnanasvæði (S) .....	80

5.5	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) .....	80
5.6	Verslun og þjónusta (VP) .....	87
5.7	Miðsvæði (M) .....	90
	<b>6 SAMGÖNGUR OG AÐRIR INNVIÐIR .....</b>	<b>93</b>
6.1	Samgöngur.....	93
6.1.1	Stofnvegir .....	95
6.1.2	Tengivegir .....	96
6.1.3	Götur og stígar .....	96
6.1.4	Gönguleiðir .....	97
6.1.5	Reiðleiðir .....	97
6.1.6	Hjólaleiðir .....	98
6.1.7	Vegir í náttúru Íslands.....	98
6.1.8	Flugvellir .....	100
6.2	Veitur.....	100
6.2.1	Vatnsveitur .....	101
6.2.2	Fráveitur .....	101
6.2.3	Sorp – í átt að hringrásarhagkerfinu .....	102
6.2.4	Rafveita .....	102
6.2.5	Fjarskipti.....	104
6.2.6	Orkuskipti .....	104
	<b>7 UMHVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ .....</b>	<b>107</b>
7.1	Landslag og lífríki .....	107
7.2	Óbyggð svæði (ÓB) .....	107
7.2.1	Stakar framkvæmdir á óbyggðum svæðum.....	108
7.3	Náttúrvá (NV) .....	109
7.3.1	Ofanflóð .....	109
7.3.2	Flóð.....	111
7.3.3	Loftslagsbreytingar og sjávarrof .....	113
7.4	Vatnsvernd .....	113
7.5	Vatnsból (VB).....	114
7.6	Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó .....	115
7.7	Strandsvæði.....	116
7.8	Friðlýst svæði.....	117
7.9	Önnur náttúrvernd (ÖN).....	120
7.10	Minjavernd (MV) .....	123
7.10.1	Friðlýstar minjar .....	125

7.10.2	Friðaðar minjar .....	128
7.10.3	Friðlýst hús .....	130
7.10.4	Friðuð hús.....	131
7.11	Hverfisvernd (HV) .....	132
7.11.1	Hverfisvernd vegna náttúruminja.....	132
7.11.2	Hverfisvernd í þéttbýli .....	135
7.12	Loftgæði og hljóðvist .....	135
7.13	Varúðarsvæði (VA).....	135
	8 ORKA OG AUÐLINDIR.....	138
8.1	Orkuframleiðsla .....	138
8.2	Vatnsorka.....	139
8.3	Vindorkuver.....	139
8.4	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).....	140
8.5	Vatnaveitingar í Skaftá.....	146
	9 Umhverfisskýrsla.....	147
9.1	Matskylda .....	147
9.2	Matsferli .....	147
9.3	Áhrifaþættir .....	147
9.4	Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu.....	148
9.5	Umhverfisþættir og áherslur .....	149
9.6	Umhverfisviðmið .....	151
9.7	Tengsl við aðrar áætlanir .....	154
9.8	Umhverfismat.....	159
9.8.1	Íbúðarsvæði sunnan Klausturvegar .....	160
9.8.2	Nýtt athafnasvæði á Stjórnarsandi .....	163
9.8.3	Land- og skógræktarsvæði í Bresti.....	165
9.8.4	Virkjun í Skaftárdal .....	168
9.8.5	Virkjun í Hnútu .....	170
9.8.6	Skálarvirkjun .....	174
9.8.7	Verslunar- og þjónustusvæði í Hrifunesi.....	176
9.8.8	Ný frístundabyggð í Hemrumörk .....	179
9.8.9	Verslunar- og þjónustusvæði í Hátúni .....	182
9.9	Mótvægisáðgerðir og vöktun.....	186
9.10	Matsferli og samráðsaðilar .....	186
10	Heimildaskrá.....	187

## **Myndir**

Mynd 1. Fagrifoss, ljósmyndari: Ingólfur Hartvigsson.	9
Mynd 2. Réttir í Skaftárhreppi, ljósmyndari: Margrét Ólafsdóttir.	13
Mynd 3. Núpsstaður, ljósmyndari: Erla Þórey Ólafsdóttir.	17
Mynd 4. Álftaversgígar, ljósmyndari: Kristín Una Sigurðardóttir.	18
Mynd 5. Aldursdreifing í Skaftárhreppi árin 2001 og 2021. Heimild: Hagstofa Íslands.	24
Mynd 6. Hlutfall íbúa Skaftárhrepps sem býr í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.	25
Mynd 7 Aldursdreifing í Skaftárhreppi og á landinu öllu. Heimild: Hagstofa Íslands.	26
Mynd 8. Fjöldi íbúa Skaftárhrepps - Íslenskt og erlent ríkisfang.	26
Mynd 9. Íbúaþróun í Skaftárhreppi frá 2012-2019 og íbúaspá 2019-2031.	27
Mynd 10 Lómagnúpur og Öræfajökull, ljósmyndari: Ingólfur Hartvigsson.	27
Mynd 11. Hlutfall fólks á vinnualdri í Skaftárhreppi og landinu öllu 2021	29
Mynd 12. Hlutfall vinnandi fólks í Skaftárhreppi árin 2001 og 2021	30
Mynd 13. Landslagsheildir í Skaftárhreppi.	33
Mynd 14. Úrkoma árið 2010-2019. Heimild: Veðurstofa Íslands.	36
Mynd 15. Kirkjubæjarklaustur - Stjórnarsandur vindhraði	38
Mynd 16. Kirkjubæjarklaustur - Stjórnarsandur vindátt	38
Mynd 17 Kort sem sýnir afmörkun Köllu Jarðvangs.	39
Mynd 18. Afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs til suðurs.	39
Mynd 19. Kort þetta sýnir líklegar gönguleiðir innan Kirkjubæjarklausturs,	43
Mynd 20. 10 og 20 mínútna gönguradíus út frá hugsanlega framtíðarmiðju	45
Mynd 21. 10 og 20 mínútna gönguradíus út frá núverandi miðju Kirkjubæjarklausturs.	45
Mynd 22. Frístundabyggð í Skaftárhreppi.	51
Mynd 23. Flokkun landbúnaðarlands.	67
Mynd 24. Skógræktarsvæði í Skaftárhreppi.	72
Mynd 25. Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Skaftárhreppi.	86
Mynd 26 Vegir í náttúru Íslands í Skaftárhreppi.	99
Mynd 27. Hættumatskort fyrir Kirkjubæjarklaustur.	110
Mynd 28. Útbreiðsla hlaupvatns í byggð.	111
Mynd 29. Tjónmætti hlaupa við Kirkjubæjarklaustur.	112
Mynd 30. Áhrif flóða á grunnvatnsstöðu í Eldhrauni.	112

Mynd 31. Friðlýstsvæði og svæði með aðra náttúruvernd.....	119
Mynd 32. Skýringarmynd sem sýnir Bjarnagarð í Landbroti (Margrét Ólafsdóttir 2002).....	129
Mynd 33. Eystra Eldhraun vestan við Teygingalæk .....	134
Mynd 35. Varúðarsvæði, svæði í biðflokki Rammaáætunar.....	136
Mynd 36. Efnistökusvæði í Skaftárhreppi.....	145
Mynd 37. Yfirlitsmynd yfir Hátún (blá lína). .....	185
Mynd 38. Valkostir sem voru til skoðunar.....	186

# I. INNGANGUR

## I.1 Samantekt

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar.

Stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

Aðalskipulag þetta er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Skaftárrepps 2010 - 2022. Fyrra skipulag var unnið í samræmi við þá gildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Skipulagsvinnan við heildarendurskoðunina byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við þau verður umhverfismat áætlana unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Lögð er áhersla á að nýtt Aðalskipulag Skaftárrepps sé í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

## I.2 Vinnuferli og samráð

Samið var við Landmótun sf. um skipulags-ráðgjöf við endurskoðunina. Landmótun mun starfa í samvinnu við sveitarstjórn og skipulagsnefnd Skaftárrepps ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins. Skipaður hefur verið vinnuhópur til að hafa umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins fyrir hönd Skaftárrepps. Hópinn skipa þau Eva Björk Harðardóttir, Bergur Guðnason, Jón Hrafn Karlsson, Jóna Björk Jónsdóttir og Rúnar P. Guðnason.

## I.3 Ástæður endurskoðunar

Sveitarstjórn Skaftárrepps samþykkti eftir kosningar 2018 að láta fara fram heildar-endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Meginástæður endurskoðunar eru:

- Skipulagstímabil gildandi aðalskipulags er til ársins 2022 og því kominn tími á endurskoðun.
- Núverandi aðalskipulag hefur verið breytt sex sinnum sem bendir til þess að þörf sé á endurskoðun.
- Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest, hafa tekið gildi ný skipulagslög og reglugerð og kalla þau á ákveðna uppfærslu í framsetningu aðalskipulags.
- Alþingi hefur staðfest landsskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana. Einnig hafa tekið gildi ný lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.
- Á skipulagstímabili gildandi aðalskipulags hafa orðið breytingar í sveitarfélaginu, efnahagslegar breytingar með breytingum í atvinnulífi, nokkur fjölgun íbúa og breytt samsetning þeirra.

- Uppgangur ferðaþjónustu í hreppnum hefur skapað ný tækifæri og áskoranir sem kallar á uppfærslu aðalskipulagsins.
- Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.



Mynd 1. Fagrifoss, ljósmyndari: Ingólfur Hartwigsson.

## I.4 Viðfangsefni

---

Þegar tekið er tillit til þróunar sem orðið hefur í sveitarféluginu frá því gildandi aðalskipulag var samþykkt þykir þarf að fara í endurskoðun. Efnahagslegar breytingar hafa orðið á landsvísu, atvinnutækifæri hafa breyst í sveitarféluginu og íbúum fjölgæð svo tímabært er að endurskoða heildarmarkmið og stefnu sveitarfélagsins. Viðfangsefni endurskoðunar verða endanlega ákveðin og stefna til a.m.k. næstu 12 ára mótuð.

Samráð var haft við hagsmunaaðila og íbúa í sveitarféluginu við skipulagsvinnuna frá upphafi. Farið hefur verið yfir hvaða viðfangsefni kalla á sérstaka athygli í sveitaféluginu og má þar helst nefna eftirfarandi flokka:

- **Byggð, menning og samfélag**
- **Atvinnulíf**
- **Samgöngur og aðrir innviðir**
- **Umhverfisvernd og náttúruvá**
- **Orka og auðlindir**

Efnistök málaflokkana eru eftirfarandi:

### Atvinnulíf

Í þessum málaflokki er lögð áhersla á stefnumörkun í undirstöðugreinum atvinnulífsins og að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins. Helstu undirstöðugreinar eru ferðaþjónusta og landbúnaður. Mörkuð verður stefna í þessum málaflokkum með tilliti til frekari uppbyggingar, aukinnar fjölbreytni og samþættingu málaflokkanna.

## **Samgöngur og aðrir innviðir**

Málaflokkurinn samgöngur tekur á vegamálum í sveitarféluginu, flugvöllum, þyrlupalli, lögnum og öðrum innviðum. Meðal helstu veikleika samfélagsins eru samgöngur, rafmagn og fjarskipti.

### **Byggð, menning og samfélag**

Undir þennan málaflokk falla skólar, þjónusta, frítími og varðveisla og viðhald menningarminja, kirkjur og kirkjugarðar.

Horft verður til íbúaþróunar sl. ára m.t.t. þarfa fyrir framtíðarbyggingarsvæði og farið yfir forsendur sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi. Íbúum hefur fjölgað síðustu árin í sveitarféluginu og þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnaði, einkum minni íbúðir.

### **Umhverfi og náttúruvernd**

Áhersluatriði í þessum málaflokk eru m.a. ásýnd byggðar, skipulag og sorpmál. Sveitarfélagið ætlar að vera í fararbroddi í umhverfis- og loftslagsmálum á landsvísu með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Skaftárhreppur ætlar að byggja upp miðstöð náttúrvísinda þar sem verður m.a. lögð áhersla á nýsköpun og sjálfbæra þróun.

### **Orka og auðlindir**

Í þessum málaflokk er fjallað um virkjanir og efnistökusvæði. Hvetja á íbúa og fyrirtæki á svæðinu til að nýta vatn og vindafli til raforkuframleiðslu að 200 kw með sjálfbærum hætti. Rafvæðing farartækja og vinnuvéla verði sett á oddinn. Áhersla verði lögð á að byggja upp innviði og bæta orkudreifingu og hvatt til notkunar varmadæla til upphitunar.

## **I.5 Breytingar á Aðalskipulagi Skaftáhrepps 2010 - 2022**

Breytingar sem gerðar hafa verið á Aðalskipulagi Skaftáhrepps 2010 – 2022:

Kirkjubæjarklaustur, þétting byggðar á ÍB2.

Hæðargarður, verslun og þjónusta og íbúðarbyggð, Kirkjubæjarklaustri

Efri-Vík

Verslun og þjónusta í landi Tungu

Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri

Þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri

Verslunar- og þjónustusvæði V32, efnistökusvæði N38, vatnsvernd, Orustustaðir.

Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna Hnútu.

Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps í Hrífunesi.

## 1.6 Stjórnsýsla

Skaftárhreppur er aðili að ýmsum samböndum, nefndum og ráðum, svo sem Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem eru hagsmuna-, þjónustu-, og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skaftárhreppur er hluti af Kötlu jarðvangi og einnig er hluti Skaftárhrepps innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

## 1.7 Gögn og framsetning

Aðalskipulag þetta er sett fram í þremur hlutum. Annars vegar þessi greinargerð og hins vegar sem skipulagsuppdrættir af svæðinu.

Uppdrættir eru prentaðir á eitt A0 blað.

- A. Skipulagsgreinargerð
- B. Fjórir sveitarfélagsuppdrættir. Mælikvarði: 1:50.000 og 1:100.000.
- C. Þéttbýlisuppdráttur Kirkjubæjarklaustur. Mælikvarði: 1:5.000.
- D. Skýringarmyndir í greinargerð.
- E. Forsendur og umhverfisskýrsla.

### Skýringaruppdrættir eru eftirtaldir:

- Efnistökusvæði
- Skógrækt
- Verndarsvæði
- Minjavérnd
- Frístundabyggð
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Flokkun landslags
- Flokkun landbúnaðarlands
- Samgöngur og gönguleiðir 20 mínútna bærinn
- Landslagsheildir
- Varúðarsvæði

### Almenn ákvæði um afmörkun reita

Aðalskipulag er stefnumótun um megindrætti svæðisskipulags, landnotkunar, þjónustukerfa og umhverfismála. Nákvæm útfærsla einstakra þátta er viðfangsefni deiliskipulags og framkvæmdaáætlana eftir því sem við á. Afmörkun landnotkunarreita miðast því við meginatriði, svæði og heildir en ekki nákvæma útfærslu eða lóða- og eignamörk.

**Flatarmál Skaftárhrepps er um 700.000 ha**

**Um 80 km suðurstrandar Íslands er innan sveitarfélagsins Skaftárhrepps**

Almennt eru mörk landnotkunarreita miðuð við miðlinu aðliggjandi gatna í innra gatnakerfi og jaðar veghelgunarsvæða ytra gatnakerfisins. Flatarmál landnotkunarreita er því brúttóflatarmál sem felur í sér gatnakerfi og opin svæði. Nýtingarákvæði aðalskipulags ber að skoða í því ljósi. Í deiliskipulagi getur nýtingarhlutfall einstakra byggðarreita og svæða innan landnotkunarreits verið annað en tilgreint er í aðalskipulagi þar sem miðað er við meðaltal og brúttóflatarmál reita.

Landnotkunarreitir eru auðkenndir með númeri og bókstaf.

Vegna mælikvarða sveitarfélagsuppráttar eru svæði sem eru 4 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð nákvæmlega. Landnotkun (litur) og merking reita tekur mið af megin-landnotkun viðkomandi reits. Ákveðið svigrúm getur verið fyrir aðra starfsemi innan þeirra bæði í samræmi við almenna skilmála og sérstaka skilmála einstakra reita. Í deiliskipulagi er kveðið nánar á um notkun og nýtingu einstakra lóða og gerð grein fyrir opnum svæðum, leiksvæðum, útivistarsvæðum, gatnakerfi og stígum.

Undantekning frá þessari meginreglu er að lóðir fyrir skóla, leikskóla og grunnskóla eru sýndar sem svæði fyrir samfélagsþjónustu (S).

Þau svæði sem ekki eru sérmerkt eru opin svæði innan byggðar sem ekki hafa sérákvæði og óbyggð svæði ofan byggðar. Um þessi svæði gilda almennir skilmálar viðkomandi landnotkunarflokkks.

## I.8 Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Skaftárhrepps og þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri. Það er eina þéttbýlið í hreppnum og þar er miðstöð stjórnsýslu, verslunar og þjónustu. Skaftárhreppur varð til árið 1990 við sameiningu fimm hreppa; Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álfavershrepps, og afmarkast af Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri og Sandgígjukvísl á Skeiðarársandi í austri. Hreppurinn dregur nafn sitt af ánni Skaftá, sem á aðalupptök sín undir Skaftárjökli í vestanverðum Vatnajökli og rennur til sjávar í Skaftárósi, Veiðíosi og Kúðaósi. Skaftárhreppur er nokkuð stórt sveitarfélag en heildar landsvæði þess er um 700.000 ha. Helstu atvinnuvegir á svæðinu eru ferðapjónusta og landbúnaður. Næstu þéttbýlkjarnar eru Vík í Mýrdal (74 km) og Höfn í Hornafirði (205 km).



Mynd 2. Réttir í Skaftárreppi, ljósmyndari: Margrét Ólafsdóttir.

## 1.9 Markmið og leiðarljós

Aðalskipulagið er stefna sveitarstjórnar um þróun byggðar í sveitarfélagini og er því lykilverkfæri hennar. Stefnan snýr að landnotkun, byggðamynstri, samgöngu- og þjónustukerfum í sveitarfélagini.

- Að stuðla að **hagkvæmri þróun byggðar** á svæðinu, m.a. að finna lausnir til að þéttbýlið geti vaxið.
- Að stuðla að **auknum** og **fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu frambödi lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að bæta **opinbera þjónustu**, svo sem þjónustu menntastofnana.
- Að bæta **samgöngur og stuðla að auknu umferðaröryggi, huga að vistvænum samgöngumánum.**
- Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir stoðir samfélagsins og hlúir að sérkennum þess.
- Auka sjálfbærni ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu svæðisins.
- Vernda gott **landbúnaðarland** og stuðla að sjálfbærri nýtingu þess.
- Að standa vörð um **grunnvatn** sem nytjavatn fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands. Stuðla að auknum rannsóknum og vöktun á því sviði.
- Að vinna með sjálfbærum hætti að **heftingu leirfoks** og **stuðla að bættum loftgæðum**.
- Skilgreina **hentug skógræktarsvæði** fyrir nytjaskóg og að nýta íslenskar trjátegundir til að hefta fok jökulleirs og auka kolefnisbindingu.
- Að stuðla að því að **nýting lands, auðlinda og mannauðs** sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

### Leiðarljós

*Tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu frá fyrstu stigum.*

*Stuðla að gagnsæi í öllu ferlinu og bæta upplýsingaöflun.*

*Gera skipulagsvinnuna markvissa.*

*Veita sveitarstjórn og öðrum sem koma að skipulagsgerðinni góða yfirsýn.*

## 2 AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu á endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af öðrum áætlunum. Helst ber að nefna andskipulagsstefnu, rammaáætlun, samgönguáætlun, ferðamálaáætlun og náttúruminjaskrá.

### 2.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála og alþjóðasamstarfs á gildistímanum.

Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnavalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi, ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin

**Virðing.** Í gildinu fellst virðing fyrir þeim fjölbreyttu einstaklingum sem í sveitarfélaginu búa. Einnig fellst í því einlæg ósk um virðingu fyrir hinni einstöku náttúru sem umlykur sveitarfélagið.

**Jákvæðni.** Með jákvæðni að leiðarljósi byggjum við upp samfélag þar sem íbúar og gestir eru ánægðir. Að takast á við breytingar og verkefni dagsins af jákvæðni er mikilvægt í framtíðar samfélagi Skaftárrepps.

**Samstaða.** Samstaða og samkennd er mikilvæg í því verkefni að byggja upp sterkt og gott samfélag þar sem allir njóta sín.

**Sjálfbærni.** Sveitarfélagið ætlar að leggja áherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins á öllum sviðum og því er sjálfbærni eitt af grunngildunum.



endurspeglar áherslur stjórvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða. Sveitarfélagið tekur ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttáð og metur hvort forgangsraða eigi ákveðnum markmiðum í sveitarfélaginu.

### 2.1.1 Stefnumótun í Skaftárreppi með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna

Skaftárreppur er að vinna stefnu með áherslu á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem er í takt við stefnu ríkisstjórnar Íslands um innleiðingu heimsmarkmiðanna í öllum sveitarfélögum landsins.

Skaftárreppur hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku og verndun náttúrunnar. Grunngildi sveitarfélagsins eru virðing, jákvæðni, samstaða og sjálfbærni.

Skaftárreppur hefur sett fram eftirfarandi framtíðarsýn.




- Framtíðarsýn Skaftárrepps er að verða eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem heiðarleiki, samheldni, jafnræði, gagnkvæm virðing og bjartsýni einkennir öfluga uppbyggingu. Samstarf einkennir samfélagið og íbúar eru jákvæðir og umburðarlyndir.
- Skaftárreppur hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku, verndar náttúruna og ætlar að vera leiðandi í umhverfismálum. Sveitarfélagið ætlar að setja sér metnaðarfulla stefnu í umhverfismálum þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er í lágmark, binding kolefnis verði aukin og fullkomin flokkun á sorpi þar sem endurnýting endurvinnsla er lokamarkmið.
- Skaftárreppur ætlar að byggja upp miðstöð náttúrvísinda þar sem nýsköpun í sjálfbærni og örðrum greinum mun blómstra.
- Framtíðarsýn Skaftárrepps er að sveitarfélagið byggi upp öfluga innviði, sér í lagi til stuðnings menntunar barna og tómstunda. Byggt verði upp kraftmikið samfélag þar sem bjartsýni og frumkvæði ríkir ásamt framsýni og metnaði.



## 2.2 Landsskipulagsstefna

### Landsskipulagsstefna



### Aðalskipulag

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016. Meðal markmiða Landsskipulagsstefnu er að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs sbr. kafla. 3.4.1 *Öflugir innviðir*, þar sem segir að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum sbr. kafli 3.4. Í kafli 2.4 kemur

fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. Í landsskipulagsstefnu er einnig fjallað um skipulag á haf- og strandsvæðum. Þar er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, upplýsingaöflun um vernd og nýtingu og mörkun stefnu um skipulagsmál haf-og standsvæða, í samræmi við nýja löggjöf sem samþykkt var 26. júní 2018. Mið verður tekið af gildandi landsskipulagsstefnu við endurskoðun aðalskipulags Skaftárrepps.

#### Leiðarljós landsskipulagsstefnu er:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.



Mynd 3. Núpsstaður, ljósmyndari: Erla Þórey Ólafsdóttir.

Í viðauka við landsskipulagsstefnu er bætt við yfirköflunum loftslagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd, heilsuvæn byggð og landnotkun.

## 2.3 Rammaáætlun

Rammaáætlun tekur fyrir vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðarfræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nytjar landsins. Samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætluninni skal tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningar-söglegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Virkjanakostir eru flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk. Samkvæmt rammaáætlun eru fjórir kostir í Skaftárhreppi í biðflokk, tveir í verndarflokki en enginn í orkunýtingarflokki (sjá Tafla 1/Tafla 2).



Mynd 4. Álfaversgígar, ljósmyndari: Kristín Una Sigurðardóttir.

Tafla 1. Virkjanakostir í biðflokk Rammaáætlunar í Skaftárhreppi

Vatnasvið	Virkjunarkostur
Hverfisfljót	Hverfisfljótsvirkjun
Skaftá	Búlandsvirkjun
Hólmsá	Hólmsárvirkjun við Einhyrning, án miðlunar
Hólmsá	Hólmsárvirkjun við Atley.

Tafla 2. Virkjanakostir í verndarflokki Rammaáætlunar í Skaftárhreppi.

Vatnasvið	Virkjunarkostur
Djúpá, Fljótshverfi	Djúpárvirkjun
Hólmsá	Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun.

### 3.áfangi rammaáætlunar 2013-2017

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í mars 2013 og tók til starfa í maí sama ár. Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar afhenti umhverfis- og auðlindaráðherra tillögur sínar að flokkun virkjunarkosta þann 26. ágúst 2016. Skipunartími verkefnisstjórnarinnar rann út fjórum árum síðar, í mars 2017. Verkefnisstjórn lagði til að bæta við einum vatnsafskosti í verndarflokki þ.e. Búlandsvirkjun. Virkjunarkostir í biðflokkí í vatnsafl eru Hólmsárvirkjun án miðlunar og Hólmsárvirkjun neðri við Atley. Óbreytt er frá gildandi rammaáætlun (14. janúar 2013) og nýir virkjunarkostir sem bíða frekari umfjöllunar er Hverfisfljót. Einnig hefur upptakasvæði Hólmsár verið friðlýst.

Fyrirhuguð rennslisvirkjun Hnútuvirkjun hefur ekki verið tekin fyrir í Rammaáætlun enda áætluð með afl allt að 9,3 MW og er því undir mörkum þeirra virkjana sem fjallað er um í Rammaáætlun. Þegar aflsetning virkjunar var sett fram árið 2008 og var áætluð 15 MW, voru þær tölur byggðar á rennslistöllum sem safnað hafði verið um langt skeið við brú á þjóðvegi frá 1981-2005. Síðan þá hafa farið fram rennslismælingar ofar í ánni við fyrirhugað stíflustæði árið 2006 og frá desember 2016. Þær mælingar eru nákvæmari með tilliti til virkjaðs rennslis á virkjunarstað og sýna að hagkvæmasta afl er mun minna en áður var talið eða um 9 MW.

Tafla 3. Virkjanakostir í biðflokkí Rammaáætlunar 3.áfanga í Skaftárreppi

Vatnasvið	Virkjunarkostur
Hverfisfljót	Hverfisfljótsvirkjun
Hólmsá	Hólmsárvirkjun við Einhyrning, án miðlunar
Hólmsá	Hólmsárvirkjun við Atley

Tafla 4. Virkjanakostir í verndarflokki Rammaáætlunar 3.áfanga í Skaftárreppi.

Vatnasvið	Virkjunarkostur
Djúpá, Fljótshverfi	Djúpárvirkjun
Hólmsá	Hólmsárvirkjun með miðlun í Hólmsárlóni.
Skaftá	Búlandsvirkjun

### Núgildandi rammaáætlun

Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða var samþykkt á Alþingi þann 14. janúar 2013, tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar með öðlaðist rammaáætlun í fyrsta sinn

lögformlegt gildi. Með þingsályktuninni lauk 2. áfanga rammaáætlunar, sem staðið hafði með hléum frá árinu 2003. Rammaáætlun 3.áfangi hefur ekki öðlast lögformlegt gildi.

Verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar var skipuð í apríl 2021 til fjögurra ára.

## 2.4 Samgönguáætlun

---

Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2033 er engin framkvæmd fyrirhuguð innan sveitarfélagsins á næstu árum en þó er eitt af markmiðum áætlunarinnar að fækka einbreiðum brúm á þjóðvegum landsins en skv. áætluninni eru 39 einbreiðar brýr á hringveginum og þar af eru 5 í Skaftárreppi (Samgönguáætlun 2019-2033).

## 2.5 Náttúruminjaskrá

---

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í nýju lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í 3 hluta:

A- hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar, B- hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. C- hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í náttúruverndarlögnum eru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa , vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslögini.

Eftirfarandi svæði eru á náttúruminjaskrá í Skaftárreppi:

### Náttúrvætti:

Gervigígar í Álfaveri, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúrvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 105/1975. Stærð 3.436,1 ha.

Dverghamrar, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúrvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, 446/1987. Stærð 2,14 ha.

Kirkjugólf, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem náttúrvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 426/1987. Stærð 1 ha.

## **Aðrar náttúruminjar:**

701. Núpsstaður, Núpsstaðarskógar og Grænalón, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul. (2) Sérstætt svæði vegna náttúrufars og fegurðar. Söguminjar, gamlar byggingar.
703. Fjaðrárgljúfur, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkumumikið gljúfur í móbergi.
704. Grenlækur, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangshólma og Stararflóði milli Grenlækjaróss og Þykkvabæjar. (2) Viðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf.
705. Steinsmýrarflóð, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn. Mikið fuglalíf.
706. Eldgjá, V-Skaftafellssýslu. (1) Eldgjá á Skaftártungafrétti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. Til norðausturs ræður lína úr Gjátindi í Skaftá á móts við Skælinga. Til austurs ræður Skaftá niður að brú á Syðri-Ófæru og þaðan lína um hátind Bláfjalls suðvestur í Öldufell. Til vesturs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk. (2) Eldgjá er hluti af um 40 km langri gossprungu sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útvistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.
759. Skálarheiði, Rauðhóll, Bunuhólar og Hálsagígir, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Til austurs ræður lína sem hugsast dregin um Innra-Hrútafjall, Fremra-Hrútafjall og Holtsborg. Að öðru leyti afmarkast svæðið af línu úr 374 m hæðarpunkti í Hellnamýri í topp Kanafjalla og síðan eftir Lambshagaá til ármóta við Skaftá. Frá ármótum liggja mörkin í beina línu sem hugsast dregin um Árhól suður að þjóðvegi nr. 1 og fylgja síðan þjóðveginum til austurs að Dyngjum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi. Gjallgígaraðir frá nútíma. Rauðhóll er afar sérstakur rauður gjallgígur sem stendur um 80 m yfir umhverfið. Hálsagígir eru gjall- og klepragígar á um 3 km langri gígaröð frá nútíma.
760. Grænifjallgarður, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjallgarðurinn á milli Tungnár og Eldgjár. Til norðvesturs ráða Tungná og austurmörk Friðlands að Fjallabaki. Til suðurs ræður lína úr Torfajökli austur í Svartahnúk. Til austurs og norðurs ráða norðvesturmörk svæðis nr. 706 og lína úr Gjátindi í Sveinstind og þaðan í Jökulvatn. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útvistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögu um að eftirfarandi svæði í Skaftárreppi fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluta) til verndar vistgerðum, fuglum, selum og jarðminjum:

Núpsstaðaskógar	Lauffellsmýrar
Steinsmýrarflóð–Grenlækur	Hólmsá
Kúðafljót	Torfajökull
Alþingi hefur ekki gefið út nýja þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun náttúrumínjaskrár, líkt og lög um náttúruvernd nr. 60/2013 gera ráð fyrir.	

## 2.6 Fjarskiptaáætlun

---

Stjórnvöld leggja fram á fjögurra ára fresti á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Í gildi er fjórtán ára stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033 nr. 32/149 og fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019-2023, nr. 31/149.

## 2.7 Kerfisáætlun

---

Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

## 2.8 Svæðisskipulag

---

Sveitarfélögin Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur létu vinna rammaskipulag fyrir suðurhálendið, þetta er skjal sem aldrei var staðfest en er ákveðið vinnugagn. Í vinnslu er einnig Svæðisskipulag Suðurhálendisins.

## 2.9 Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu:

---


- Samþykktir sveitarfélagsins um ýmis mál s.s. skóla- og æskulýðsstefna, húsnæðisstefna, samþykkt um innviðauppbryggingu.
- Stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (2013).
- Ferðamálastofa – Stefna 2017-2020. Framtíðarsýn, hlutverk og gildi.
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007.
- Orkustefna fyrir Ísland, 2011.
- Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum 2018 – 2030.
- Stefnumörkun um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni, 2008.
- Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017/ tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.

- Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Húsnaðisáætlun.


## 3 FORSENDUR

### 3.1 Íbúafjöldi

Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúaþróun í sveitarfélaginu Skaftárhreppi sýna að íbúafjöldi tók nokkra dýfu, úr 593 árið 1998 og allt niður í 443 árin 2012 og 2013. Þá tók íbúum að fjölgja á ný og voru þeir 560 í byrjun árs 2018. Íbúasamsetning hefur á sama tíma tekið breytingum. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur hækkað verulega á undanförnum árum, úr 1-3% á árunum 1998-2013 í 12% árið 2017 (sjá Mynd 8). Hlutfall íbúa sem býr í þéttbýlinu á Kirkjubæjklaustri hefur hækkað lítillega, úr 25% í 31% (sjá Mynd 6).





Mynd 5. Aldursdreifing í Skaftárhreppi árin 2001 og 2021. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 6. Hlutfall íbúa Skaftárhrepps sem býr í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.

Kynjahlutföll er mismunandi eftir aldurshópum (sjá Mynd 5) en aðeins fleiri karlar eru búsettir í sveitarfélaginu árið 2018 (299 karlar á móti 261 konu).


Þegar aldursdreifing og kynjahlutföll í sveitarfélaginu árið 2018 eru borin saman við árið 1998 er fjölgun íbúa á aldrinum 20-40 áberandi, sem og mikil fækkun í hópi barna og ungmenna á aldrinum 0-20 ára og fækkun fólks á miðjum aldri, á milli 40-54 ára. Ef aldursdreifing íbúa Skaftárhrepps árið 2018 er borin saman við íbúadreifingu á landinu öllu sést sama mynstur. Hlutfall fólks á aldrinum 20-34 er mun hærra í Skaftárhreppi en á landsvísu, og færri eru í Skaftárhreppi í aldurshópunum þar í kring. E.t.v. má skýra þessa miklu fjölgun fólks á aldrinum 20-34 ára á milli 1998 og 2018 með fjölgun á erlendu fólk á þessum aldri sem kemur til að vinna við störf í ferðaþjónustu. Eins og sést á mynd 7 þá er mikill meirihluti erlendra ríkisborgara í Skaftárhreppi á aldrinum 20-39 ára.



## 3.2 Íbúaspá

Spár um íbúaþróun eru byggðar á ótal breytum og óvissa ríkir að jafnaði um margar þeirra. Þessi óvissa leiðir til þess að skekkjur eru miklar þegar spáð er til lengri tíma. Spá um íbúaþróun í Skaftárhreppi þ.e. óbreytt þróun (sjá Mynd 9.), byggir á þeim vexti sem átt hefur sér stað í sveitarféluginu síðastliðin 10 ár. Til viðmiðunar eru settar inn spár Hagstofunnar, mannfjöldaspá eftir sveitarfélögum 2019-2050, mið- og háspá. Íbúafjöldi í Skaftárhreppi árið 2021 var 624 skv. tölum Hagstofunnar.

Gögn frá Hagstofu Íslands sýna að börnum á leik- og grunnskólaaldri í Skaftárhreppi hefur fjölgæð að meðaltali um tæplega 3% á árunum 2010-2021, úr 68 í 95. Ef sú fjölgun heldur áfram má gera ráð fyrir að börn á þessu aldursbili verði um 110 í lok skipulagstímabilsins. Í gögnum Hagstofu Íslands má sjá að hlutfallslega fjölgæði leikskólabörnum mun meira en grunnskólabörnum. Önnur niðurstaða fæst ef miðað er við allar konur sem eru í dag á frjósemisaldri í Skaftárhreppi það er konur á aldrinum 15-44 . Ef fjöldi þeirra er margfaldaður með fæðingartíðni á Íslandi sem er 1,7 barn á konu en dregið frá þegar fædd börn þá má gera ráð fyrir að ófædd börn séu 141.



Mynd 10 Lómagnúpur og Öræfajökull, ljósmyndari: Ingólfur Hartvigsson.

### 3.3 Húsnæðisþörf

Samkvæmt tölum Hagstofunnar er hlutfall „fjölskyldna“ mjög lágt eða um 65% í Skaftár-hreppi og meta má húsnæðisþörf út frá því um 1,5 íbúi pr. íbúð. Einnig er sett fram útreikningur samkvæmt meðalstærð fjölskyldna á landinu um 2,5 íbúi pr. íbúð. Að því gefnu að íbúafjöldi í Skaftárhreppi verði miðað við þær spár sem settar eru fram þá er húsnæðisþörf eftirfarandi:

Af þeirri fjölgun sem átt hefur sér stað í Skaftárhreppi þá er rúmlega helmingur fjölgunarinnar á

Húsnæðisþörf í Skaftárhreppi til ársins 2030			
	Fjöldi íbúða miðað við 1,5 íbúi pr. íbúð	Fjöldi íbúða miðað við 2,5 íbúi pr. íbúð	
Fjöldi íbúa í dag.	600	400	240
Fjöldi íbúa 2030, miðspá Hagstofunnar.	589	393	236
Fjöldi íbúa 2030, háspá Hagstofunnar.	605	403	242
Fjöldi íbúa 2030, óbreytt þróun.	757	505	303

Kirkjubæjarklaustri en skortur á íbúðarlóðum og íbúðarhúsnæði hefur staðið þéttbýlinu fyrir þrifum. Eftirsíðurnar eftir húsnæði hefur verið mikil.

### 3.4 Atvinnulíf

#### VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA

**10.2. Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.**

Unnið verði skv. virkri jafnréttisáætlun. Huga sérstaklega að erlendum mannauði.


Styðja þarf við starfsemi félagsamtaka og tryggja aðgengi fyrir alla.

**10 AUKINN JÖFNUÐUR**




Vinnusóknarsvæði Skaftárhrepps er að stærstum hluta innan hreppsins sem er stór. Skaftárhreppur hefur um langt skeið byggt afkomu sína á landbúnaði, en nokkrar breytingar hafa orðið á atvinnulífi hreppsins á undanförnum árum, með tæknipróun og samþjöppun í landbúnaði. Sveitarfélagið er hluti af Köllu jarðvangi og einnig er hluti hreppsins innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Gestastofa Vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs verður staðsett í Skaftárhreppi. Með þróunarstarfi og styrkingu innviða hefur aukin fjölbreytni í atvinnutækifærum skapast. Í dag eru landbúnaður og ferðaþjónusta stærstu atvinnuvegirnir í sveitarfélaginu, en undanfarinn áratug eða svo hefur orðið mikil fjölgun ferðamanna í hreppnum, líkt og víða um land. Í dag eru flest störf í sveitarfélaginu í þjónustu. Einhæfni í atvinnulífinu er ógn við stöðugleika og atvinnuöryggi, t.d. ef ferðamönnum fækkaði verulega í sveitarfélaginu, og því eru fjölbreyttari atvinnutækifæri mikilvæg.

Kirkjubæjarklaustur er eina þéttbýlið í Skaftárhreppi og þar er miðstöð verslunar og þjónustu. Þjónustustig er frekar hátt á Klaustri en bæta þarf samgöngur og fjarskipti. Þriggja fasa rafmagn er komið um hluta byggðarinnar en verið er að vinna að því að það verði lagt um allt sveitarfélagið. Mjög gott framboð er af gistingu og þjónustu við ferðamenn á Kirkjubæjarklaustri og í nálægum sveitum, og margir áhugaverðir áfangastaðir í sveitarfélaginu. Mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár í þjónustu við ferðamenn.



Mynd 11. Hlutfall fólks á vinnualdri í Skaftárhreppi og landinu öllu 2021

Þegar litið er til einstaklinga á vinnualdri (18-67) hefur bæði konum og körlum fjöldað hlutfallslega í sveitarféluginu síðustu 20 ár, en börnum og ungmennum undir 18 ára aldri fækkað á sama tímabili (sjá Mynd 12). Hlutfall eldri borgara hefur nokkurn veginn staðið í stað. Ef fjöldi fólks á vinnualdri er borinn saman við landið í heild sést að hlutfall karla á vinnualdri eru á pari við landið allt en hlutfall kvenna er hærra í Skaftárhreppi (mynd 12). Börn og ungmenni undir 18 ára aldri eru hlutfallslega færri í Skaftárhreppi en á landsvísu og eldri borgarar (eldri en 67) eru hlutfallslega fleiri í Skaftárhreppi. Þetta bendir til þess að meðalaldur er að hækka sem hefur í för með sér breytta samfélagsgerð og þjónustuþörf íbúa verður önnur. Miðað við aldursdreifingu erlendra ríkisborgara sem búa í Skaftárhreppi (mynd 7) má álykta að þakka megi erlendu starfsfólk sem komið hefur í hreppinn á undanförnum árum að hlutfall fólks á vinnualdri er á pari við hlutfall á l1andsvísu (mynd 11).



Mynd 12. Hlutfall vinnandi fólks í Skaftárhreppi árin 2001 og 2021

### **3.5 Landslagsflokkun**

---

Samkvæmt landslagsflokkun í leiðbeiningaritinu Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landsgerða á landsvísu er Skaftárhreppur í fimm landslagsflokkum.

Evrópski landslagssamningurinn hefur skilgreint landslag sem „Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta“. Landslagsgreiningu má lýsa sem ferli sem felst í því að bera kennsl á og lýsa breytileika landslags og afmarka og lýsa þeim svæðum sem hafa sameiginleg einkenni. Með landslagsgreiningu fæst því hlutlægur samanburður á því hvaða svæði eru á einhvern hátt lík og geta talist til sömu landslagsgerðar. Samkvæmt landslagsflokkun í leiðbeiningaritinu Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landsgerða á landsvísu er Skaftárhreppur í níu landslagsflokkum.

Vatnajökull er innan sveitarfélagsins og er hann í flokki 1.1.3 skv. Landslagsflokkun á Íslandi. Jökullinn rís um 1.400 til 2.010 m y.s. Fjöldi skriðjöklra gengur út úr meginjöklinum en hann hylur sex megineldstöðvar. Skriðjöklar auk fjallshryggja á milli þeirra í sunnanverðum Vatnajökli eru í flokki 1.2.1. Fjallshryggirnir eru með ógrónum hlíðum en yfirborð skriðjöklra er sprungið og oft með dökku seti sem safnast á jökulinn þegar hann skríður niður fjallshlíðar og myndar línuleg mynstur. Á láglendi eru bæði ógrónir aurar, mólendi, graslendi og birkiskógar.

Áraurar við rætur Skaftárjöklus og Síðujöklus og skriðjöklar sem ganga út úr suðvestanverðum Vatnajökli eru í flokki 3.2.2. Svæðið er óbyggt en innan þess eru jökulár sem renna undan jöklunum. Land er í um 500 til 600 m hæð yfir sjávarmáli en landform eru fremur flöt með lítt grónum áraurum og melum, land mikið rofið.

Bjarnasker, Lómagnúpur, Djúpá er í flokki 3.3.5 sem er hæðótt heiði og fjalllendi með hryggjum, en svæðið er enginn byggð. Svæðið er suðvestan Vatnajökuls en inna þess er nokkur breytileiki í hæð, frá um 200 m til 1.000 m.y.s. Sandur eða vikur þekur stærstan hluta yfirborðs en lítt gróna mosavaxna mela er að finna í lægðum. Innan svæðis eru auk þess ógrónin eða mosavaxin nútímahraun. Ár og lækir renna í döllum.

Önnur heiði er Síðuafréttur, flokkur 3.4.6. Síðuafréttur. Land er í um 200 til 800 m hæð yfir sjávarmáli, gróið land með einstaka rofsvæði. Yfirborð er votlendi eða moslendi, auk þess sem hraun hafa runnið innan svæðisins. Eitthvað er af ám og vötnum. Byggð er lítil, aðeins stöku bær í inndöllum.

Torfajökulssvæðið er í flokki 4.1.5. en innan þess er fjalllendi umhverfis og norðan Torfajökuls í 500 til 1.300 m hæð yfir sjávarmáli. Einkennandi eru líparítfjöll auk móbergsfjalla og -hryggja með skriðum hlíðum og giljum. Víða eru fannir og smájöklar í fjallstopnum. Yfirborð er gul-, græn- og rauðleitt vegna jarðhita og gufustrókar liðast upp frá hverum. Á láglendi eru nýleg hraun, vikursléttur og melar en hæðir eru víða mosagrónar. Jökulár renna í giljum og á grýttum áreyrum sem eru þurrar mestan part ársins. Eitthvað er af minni ám og lækjum auk stöku vatna. Engin byggð er á svæðinu utan fjallaskála. Svæðið er mjög vinsælt til útvistar og þar liggja gönguleiðir, auk vegslóða.


4.2.5 Veiðivötn, Langisjór og Eldgjá er í flokki 4.2.5 en þetta er hálendissvæði sem nær frá norðausturenda Mýrdalsjökuls að Þórisvatni og Vatnajökli. Svæðið er í um 200 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Samsíða móbergshryggir og gossprungur standa upp úr hraunum, sandöldum og vikri. Gígar eru víða áberandi. Hraun víða vaxin mosa og fléttum. Á láglendari hluta svæðisins er moslendi og mólendi. Ár renna samsíða hryggjum og fjöldi vatna er í lægðum. Svæðið er óbyggt en nýtt til útvistar. Veitt er í vötnum og innan svæðis eru fjallaskálar og hálendisvegir.

Eldhraun í Skaftárreppi er flokkur 4.4.3 Land nær frá sendinni strönd upp í 300 m hæð yfir sjávarmáli. Flatt landform þar sem úfin en að mestu gróin hraun þekja yfirborð. Hraunmyndanir eins og gervigíga er að finna á svæðinu. Nokkrar ár renna að hluta um svæðið og má þar t.d. nefna Skaftá. Dreifð byggð er innan svæðis auk Kirkjubæjarklausturs.

Þetta er sveitin milli sanda en inna Skaftárrepps eru margir sandar einn þeirra er 7.5.3 Skeiðarársandur sem er að hluta til í sveitarfélaginu og er í flokkur 7.5.3. Sandurinn er mjög víðfeðmur sandur sem nær frá sporði Skeiðarárjökuls og niður að sjó. Hæst er land um 100 m yfir sjávarmáli en landform er mjög flatt og yfirborð fremur lítt gróið, grýtt næst jöklum með fínni sandefnum við strönd. Síðari ár hefur birki breitt talsvert úr sér á sandinum. Stórar jökulár kvíslast um sandinn. Byggð er engin á sandinum en um hann liggur þjóðvegur.

Annar sandur er Meðallandssandur og sandar sunnan Kirkjubæjarklausturs sem er í flokki 7.5.4. Sandsvæði sem liggur meðfram suðurströnd landsins, austan Mýrdalssands. Breiðir árósar jökuláa afmarka svæðið. Land hækkar lítillega frá sjávarmáli og nær ekki meira en 50 m hæð. Landform er flatt og yfirborð þakið fínum svörtum sandi með stöku melgresishólum. Byggð er engin á söndunum.

Í flokki 7.5.5 er Mýrdalssandur sem er víðfeðmur sandur sem nær frá austanverðum Mýrdalsjökli að sjó. Þar sem land er hæst er það um 150 m yfir sjávarmáli. Landform er flatt og yfirborð að mestu sendið. Um langt árabil hefur verið stunduð uppgræðsla á Mýrdalssandi til að hefta sandfok, einkum næst þjóðveginum, melgresi og lúpína. Innar á sandinum eru mólendisflákar og einstaka hraunlendi. Um sandinn kvíslast jökulár auk nokkurra smærri áa og lækja sem renna undan Mýrdalsjökli. Um sandinn liggur þjóðvegur 1 en byggð er enginn á sandinum.



Mynd 13. Landslagsheildir í Skaftárhreppi.

## 3.6 Ferðaþjónusta

---

Undanfarin ár hefur fjölgun ferðamanna á Íslandi verið langt umfram spár og Skaftárreppur hefur verið vinsæll áfangastaður þeirra. Nú þegar hefur þó tekið að hægja á fjölgun ferðamanna á landinu. Enn er þó gert ráð fyrir fjölgun þeirra og vexti í greininni. Þetta ber að hafa í huga við alla áætlanagerð.

Í uppyggingu ferðaþjónustu felast mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætasköpunar, til viðbótar við hefðbundnar undirstöðuatvinnugreinar eins og landbúnað. Þessi tækifæri hafa verið vel nýtt í Skaftárreppi, þar sem fjölbreytt þjónusta fyrir ferðamenn er nú í boði og hefur framboð aukist mikið undanfarin ár. Í Áfangastaðaáætlun Kötlu jarðvangs er áfangastöðum skipt í þrjá flokka.

1. **FYRSTA STIGS JARÐVÆTTI.** Áherslustaðir en það eru áfangastaðir sem eru með aðráttarafl fyrir ferðamenn og þá einkum þá ferðamenn sem vilja mikla þjónustu.
2. **ANNARS STIGS JARÐVÆTTI** sem eru jarðvætti sem þurfa meiri vernd og henta ekki til fjöldafeferðamennsku.
3. **ÖLL ÖNNUR JARÐVÆTTI** sem eru jarðvætti sem eru ekki með neina innviði og eru ekki hluti af innviðum svæðisins.

Skaftárreppur hefur um langtíð verið áningarstaður fyrir ferðamenn og á áttundaáratugnum jukust vinsældir hans mikið með opnum hringvegar 1 og má segja að ferðamönnum hafi verið að fjölg a síðan, fyrst hægt en síðustu ár fyrir COVID þá fjölg aði þeim hratt. Haustið 2019 voru skv. tölum Hagstofu Íslands 997 gisti á hótelum og gistiheimilum í sveitarféluginu, 99 gisti á annarri gistingu, að auki 5 tjaldsvæði.

## 3.7 Jarðfræði

---

Skaftárreppur er eitt landmesta og strjálbýlasta sveitarfélag landsins, rúmlega 6900 km<sup>2</sup> að stærð, en þar af eru um 5120 km<sup>2</sup> utan jöklar (Landmælingar Íslands 2018). Norðurhluti hreppsins er á hálandissléttu en suðurhlutinn á láglendissvæði austan Mýrdalsjökuls sem hefur byggst upp af framburði margra áa. Hreppamörk Skaftárrepps liggja á þrjá jöklar; suðvesturhluta Vatnajökuls, austanverðan Mýrdalsjökul og Torfajökul og á two stærstu sanda landsins; Mýrdalssand og Skeiðarársand. Til suðurs afmarkast Skaftárreppur af sjávarströndinni. Hreppurinn er á jarðfræðilega virku svæði, en hluti eystra rekeltisins liggur innan hans og á rekeltinu eru miklar eldstöðvar, svo sem Katla og sprungurein frá henni til norðausturs þ.e. Eldgjá, Grímsvötn með sprungurein til suðvesturs þ.e. Lakagíga og Bárðarbunga. Eru Grímsvötn og Bárðarbunga virkstu eldstöðvar landsins. Kötlueldstöðin í Mýrdalsjökli, norðaustur frá henni Eldgjá, Lakagígar og Grímsvötn og Bárðarbunga í Vatnajökli, sem eru meðal virkstu eldstöðva Íslands (Áfangaskýrsla Skaftárnefndar 1995).

Náttúrufar innan Skaftárrepps mótað að miklu leyti af eldvirkni, jöklum og loftslagi. Hálendið innan hreppsins einkennist af löngum móbergshryggjum sem mynduðust við gos undir ísaldarjöklum og gígaröðum svo sem Eldgjá og Lakagígum frá nútíma. Eldgjá gaus einu stærsta hraungosi Íslandssögunnar árið 939, sem myndar nú víðáttumestu hraunbreiður sem runnið hafa á sögulegum tíma ásamt hraunum

frá Lakagígaeldvörpunum í Skaftáreldum 1783-84 (Áfangaskýrsla Skaftárnefndar 1995). Berggrunnurinn mótar sunnanverða hálandissléttna, sem víðast hvar er þakinn jarðvegi og gróðri að einhverju marki. Land þetta einkennist af heiðum og mýrum og láglendið er myndað af gróðri vöxnum söndum auk mosavaxinna hrauna, Eldgjárhrauns og Skaftáreldahrauna. Jökulár setja mikinn svip á landslag í Skaftárreppi, og er sú stærsta þeirra Skaftá sem hreppurinn dregur nafn sitt af.

### 3.8 Jarðvegur og gróðurfar

---

Gróðurfar í Skaftárreppi mótaður er af eldvirkni, mikilli úrkomu og fremur mildu loftslagi. Jarðvegurinn er frjósamur en mjög lausbundinn og rofgjarn, hinn íslenski eldfjallajarðvegur (andosol) (Ólafur Arnalds og Ása L. Aradóttir 2015). Víða er jarðvegur sendinn og vatnsheldni lítil sem veldur því að oft er skortur á vatni þrátt fyrir mikla ársúrkomu. Háplöntur eiga erfitt með að nýta sér úrkomu sem hripar niður í gegnum gropin hraun og vikur og þannig einkennist gróðurfar víða af mosum og fléttum sem taka úrkomuna beint upp um blöð og þal (Snorri Baldursson 2014). Lág grunnvatnsstaða í gleypnum fokjarðvegi eykur hættu á gróður- og jarðvegseyðingu og veldur því einnig að örfoka land grær seint upp (Elín Heiða Valsdóttir 2002).

Gróður- og jarðvegseyðing í Skaftárreppi er samtvinnuð sögu náttúruhamfara. Eldgos, sjávarsandar og setframburður jökuláa hafa í gegnum tíðina valdið hvað mestri gróðureyðingu en veðurfar og landnýting hefur einnig haft sín áhrif. Baráttan við sandfok í Vestur-Skaftafellssýslu hófst um árið 1880 og hefur góður árangur náðst í uppgræðslu en baráttan hefur verið nær stöðug síðan (Elín Heiða Valsdóttir 2002).

### 3.9 Sandfok og uppgræðsla

---


Eftir aldamótin 1900 voru áveiturnar gerðar í Meðallandi til að hefta sandfok að einhverju leyti í ofanverðri byggðinni. Árið 1927 var land girt til friðunar og uppgræðslu við Hnausa í Meðallandi. Það var fyrra landgræðslugirðingen í Vestur-Skaftafellssýslu, á vegum Sandgræðslu Íslands, nú Landgræðslunni (Sveinn Runólfsson 1988). Á þessum tíma höfðu margar bújarðir í Meðallandi farið í eyði vegna sandágangs, en þar sótti sandfokið að úr tveimur áttum, frá ströndinni og frá hraunjaðrinum norðan við byggðina. Í verstu stormunum mynduðust sandskaflar upp að bæjarveggjunum og fóru túnin undir sand (Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson 1985). Því var ekki um annað að ræða en að efla uppgræðslu eða eiga það á hættu að Meðallandið legðist í eyði vegna sandágangs. Sömu sögu er að segja um landgræðslu í Álfavéri og Skaftártungu þar sem stór svæði voru í hættu vegna uppblásturs og sandágangs. Frá árinu 1944 hafa svæði verið afgirt og ræktuð upp með góðum árangri. Er það ekki síst að þakka ötulu starfi bænda og heimamanna.

Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að hindra sandfok og efla uppgræðslu, svo sem með áveituvatni og dælum, byggingu varnargarða og fyrirhleðslna, auk þess sem sáning melgresis hefur skipt gríðarlega miklu máli til bindingar sandfoks sem og áburðargjöf til styrkingar gróðurframvindu innan

landgræðslugirðinga. Undan og upp úr hraunum í Landbroti og Meðallandi spretta lindarvötn og að hluta til jökulvatn úr Skaftá sem síast hefur í gegn um hraunlögin sem eru með allra lekustu jarðlögum.<sup>1</sup>

### 3.10 Veðurfar


Veðursæld er rómuð í Skaftárreppi og eru veðurfarsleg skilyrði til búskapar almennt góð í sveitarféluginu. Sumarhiti er tiltölulega hár, úrkoma er mikil og vetur mildir. Ársmeðalhiti á Kirkjubæjarklaustri tímabilið 2010-2019 var  $5,1^{\circ}\text{C}$  en til samanburðar var hann  $5,5^{\circ}\text{C}$  í Reykjavík og  $4,4^{\circ}\text{C}$  á Akureyri sama tímabili.



Mynd 14. Úrkoma árið 2010-2019. Heimild: Veðurstofa Íslands.



Úrkoma er hins vegar talsvert mikil á Kirkjubæjarklaustri en skv. Veðurstofu Íslands þá var meðalúrkoma á árunum 2010-2019 1491,3 mm á ári. Til samanburðar var hún 855 mm í Reykjavík og 404 mm á Akureyri á sama tímabili. Þá eykst úrkoma með vaxandi hæð þannig að á hálandi Skaftárrepps gæti hún verið allt að tvöföld frá

<sup>1</sup>[https://natts.is/wp-content/uploads/2019/09/J%C3%B6kulv%C3%B6tn\\_i\\_Skaft%C3%A1rhreppi2019.pdf](https://natts.is/wp-content/uploads/2019/09/J%C3%B6kulv%C3%B6tn_i_Skaft%C3%A1rhreppi2019.pdf)





	jan	feb	mar	apr	mai	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	árið
Meðalúrkoma (mm)	140,5	134,3	111,9	113,8	95,0	66,3	104,6	116,0	182,2	159,5	133,8	133,3	1491,3
Mesta sólarhringsúrk.(mm)	40,0	57,0	44,7	47,9	38,3	42,4	36,9	71,1	83,0	67,1	69,3	54,5	83,0
Dags mestu úrk.	29/2012	25/2013	10/2016	2/2017	26/2018	16/2012	18/2017	15/2016	12/2007	9/2009	11/2016	24/2006	12/9/2007

því sem hún er á Kirkjubæjarklaustri.



Á Mýrdalssandi er norðanátt langalgengasta vindáttin og hvassviðri koma einkum úr norðri og austnorðaustri en einnig stundum úr suðvestri. Ríkjandi vindáttir á Kirkjubæjarklaustri eru austurátt og norð-vestanátt, en mikill meirihluti hvassviðra kemur úr austurátt.




### 3.11 Vatnajökulsþjóðgarður

Vatnajökulsþjóðgarður er friðlýstur skv. lögum nr. 60/2007 og hluti þjóðgarðsins fellur innan Skaftárrepps. Um þjóðgarðinn gildir einnig reglugerð nr. 608/2008. Í 13. gr laganna kemur fram að sveitarstjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan þjóðgarðsins, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngum og öðrum innviðum á svæðinu. Einnig er fjallað um umferðarrétt almennings, aðgengi að svæðinu og not þess. Vatnajökulsþjóðgarður var samþykktur á heimsminjaskrá UNESCO árið 2019 fyrir náttúruminjar. Svæðið er viðurkennt sem einstakt á heimsvísu vegna samspils elds og íss sem hefur leitt til stórbrotinnar náttúru og fjölbreyttra fyrirbæra (jarðmyndana). Náttúra og menningarsaga Vatnajökulsþjóðgarðs er einstæð á heimsvísu. Mosi er hvergi á Íslandi jafn ríkjandi í gróðurfari og í suðvesturhluta þjóðgarðsins. Gamburmosi er bæði á hálandi og láglendi. Þar sem Skaftáreldhraun liggr hæst blandast gamburmosinn við breiskjufléttur og mynda breiskjuhraunavist sem er afar sjaldgæf á landsvísu og finnst líklega hvergi annars staðar í heiminum. Móbergshryggir milli Skaftár og Tungnaár við vesturmörk þjóðgarðsins eru þeir lengstu á Mið-Atlantshafshryggnum og einstakt á heimsvísu að slíkir móbergshryggir séu á þurrlendi jarðar.<sup>2</sup>


<sup>2</sup><https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/fraedsla/um-vatnajokulsthjodgard/serstada-thjodgardsins>

### **3.12 Katla jarðvangur (Katla geopark)**



## **Mynd 17 Kort sem sýnir afmörkun Kötlu Jarðvangs.**

Katla jarðvangur nær yfir 954 ha landsvæði og þekur rúmlega 9% af flatarmáli Íslands, frá Hvolsvelli í vestri að Skeiðarársandi í austri. Til norðurs teygir jarðvanguðinn sig langt inn á Vatnajökul en til suðurs afmarkast hann af löngum, svörtum sandströndum. Þéttbýliskjarnar í Kötlu jarðvangi eru Hvolsvöllur, Vík í Mýrdal og Kirkjubækarklaustur og var samanlagður íbúafjöldi á svæðinu um 3.300 manns árið 2021. Hugtakið jarðvangur er alþjóðlegt og varð til því þörf á samræmdri vernd, þróun og stjórnun margra af mikilvægustu svæðum jarðarinnar fer vaxandi. Katla Hnattrænn UNESCO Jarðvangur býr yfir merkilegum



**Mynd 18. Afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs til suðurs.**

jarðminjum á heimsvísu sem mótað hafa landið í gegnum tíðina og haft djúpstæð áhrif á sögu, menningu og lífríki þess. Hlutverk jarðvangsins er að fræða gesti um svæðið: samspil manns og náttúru, vera tákna um gæði í náttúrutengdri ferðaþjónustu sem og stuðla að sjálfbærri þróun. Jarðvangurinn byggir á samféluginu sem hann tilheyrir og er þátttaka íbúa og hagsmunaaðila mikilvægur liður í uppbyggingu og stefnumörkun. Hann einkennist af tíðri eldvirkni í bland við jöklumhverfi og hefur þetta samspil mótað mannlíf og búsetu á svæðinu frá landnámi. Náttúrufar jarðvangsins er sérstætt að því leyti að svartir sandar jökulhlaupanna og hafnleysa einkenna undirlendið sem er sundurskorið af jökulám. Undir jökulþöktum tindum liggja megineldstöðvar og út frá þeim hafa hlaðist upp móbergshryggir á tímum síðustu ísaldar. Katla, Eldgjá og gígarröðin Laki gusu á nútíma þar sem mikilhraun breiddust út, gervigígar mynduðust ásamt gríðarlegum flóðum og öskufalli frá Kötlu 1918. Allt eru þetta jarðminjar með sérstöðu á heimsvísu, sem er undirstaða þess að vera UNESCO Jarðvangur.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> <http://www.katlageopark.is/um-jardvanginn/>

# **STEFNUMÖRKUN**

## 4 BYGGÐ, MENNING, SAMFÉLAG

### Meginmarkmið

Að skapa fjölbreytt og öflugt samfélag sem er eftirsóknarvert til búsetu og velferð allra íbúa er tryggð.

#### Almenn ákvæði

- Stuðlað verði að hagkvæmri þróun byggðar í Skaftárhreppi og umhverfissjónarmiða gætt við skipulagningu nýrra svæða.
- Ný byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og taki mið af sérkennum landslags, söguslóðum og útsýnisstöðum við skipulag byggða.
- Stefnt er að notkun blágrænna ofanvatnslausna.
- Ekki verður heimilt að byggja á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útvistargildis. (15)
- Forðast skal að reisa byggð á góðu ræktarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu. Áður en ákvörðun er tekin um að breyta nýtingu á landbúnaðarlandi skal meta svæðið m.t.t. ræktunargildis og kolefnisbindingar. Gera skal úttekt á náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista, verði fyrir áhrifum framkvæmda.(15)
- Leitast skal við að fjlölgja sem minnst vegtengingum við þjóðveginn.(3)
- Skipulag nýrra svæða geri ráð fyrir opnum svæðum, sem nýst geta á fjölbreyttan hátt.

#### 4.1 Yfirbragð byggðar í þéttbýlinu

Í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri er gert ráð fyrir túi íbúðarsvæðum, samtals 30,6 ha. Sex eru innan Kirkjubæjarklausturs jarðarinnar og fjögur eru í landi Hæðargarðs. Íbúðaþéttleiki hefur verið 8-10 íbúðir á ha. Í stefnumörkun þessa aðalskipulags er gert ráð fyrir að auka þéttleika íbúða.

#### 4.2 Íbúðarbyggð (IB)


#### Almenn ákvæði

- Að ávallt sé nægt framboð lóða til byggingar íbúðarhúsnæðis m.v. áætlaða íbúaþróun og þarfir á hverjum tíma.(11)
- Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum við deiliskipulagsgerð til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa, mismunandi fjölskyldustærða og þeirra sem starfa tímabundið í Skaftárhreppi.(11)
- Sérstök áhersla verði á lóðir fyrir minna íbúðarhúsnæði, sérbýli eða fjölbýli, sem er hagkvæmt í byggingu. (11)
- Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 5.1.
- Skýr stefna sé um gististaði í íbúðarbyggð. Sjá sérkafla 5.3.1 um gististaði í þéttbýli.

- Lögð verði áhersla á að þetta byggð á Kirkjubæjarklaustri og byggja í eyður í byggðinni til að nýta land og grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum í þjónustu, með fjárhagslega hagsmuni íbúa og sveitarfélagsins í huga. (11)

#### 4.2.1 20 mínútna bærinn

Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu er skipulagshugmyndin 20 mínútna bærinn lagður til grundvallar, áhersla á byggðarmynstur í þágu loftslagsmála. Þetta felur í sér að byggð og umhverfi sé mótað að mannlegum þörfum og mælikvarða sem styður samskipti og útiveru og fellur að landslagi. Miðað er við að íbúar eigi ekki lengra



Mynd 19. Kort þetta sýnir líklegar gönguleiðir innan Kirkjubæjarklausturs, frá heimilum til ýmissar þjónustu.

að sækja í almenna þjónustu en sem nemur 20 mínútna göngufjarlægð. Áhersla 20 mínútna bæjarins er því að gera sem flestum kleift að fara erinda sinna gangandi eða hjólandi. Þannig er markmiðið að draga úr vegalengdum og ferðaþörf, með skipulagi sem þéttir byggð og staðsetur íbúðir, vinnustaði og þjónustu nálægt hvert öðru með góðum göngu- og hjólatengingum á milli.

Mikið getur áunnist í loftslagsmálum með áherslum sem þessum, með minni losun frá samgöngum og með betri nýtingu á náttúruauðlindum vegna minna lands sem þarf að brjóta undir byggð og samgöngumannvirki en ella. Skipulag 20 mínútna bæjarins getur auk þess stuðlað að bættri lýðheilsu þar sem það hvetur til aukinnar virkni íbúa, bætir loftgæði og dregur úr hávaðamengun. Auk þess getur það leitt af sér líflegri og fjölbreyttari bæjarbrag með bæjarrýmum sem styðja við aukin samskipti og betra mannlíf (Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu 2020).

Sú nálgun er tekin hér að hugmyndafræðinni að það taki íbúa að hámarki 20 mínútur að meðaltali að ganga frá einum jaðri þéttbýlisins til annars. Þannig er gert ráð fyrir að hægt sé að komast á milli allra helstu staða þéttbýlisins á innan við 20 mínútum, en þjónusta í bænum er nokkuð dreifð. Mynd 21 sýnir 10 og 20 mínútna gönguradíus út frá núverandi miðju Kirkjubæjarklausturs en mynd 22 sýnir hugsanlega framtíðarmiðju ef hugmyndir að framtíðar íbúðarsvæðum verða að veruleika.

Skaftárhreppur leggur áherslu á að byggja fyrst upp þau svæði sem eru næst núverandi byggð, en það er þó háð skiptum á landi og uppbyggingu varna við Skaftá.

## VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA


**1.2. Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.**

- Skimun fyrir fátækt


**1.3 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða. Sveitarfélagið tryggi fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Unnin verði húsnæðisáætlun og lóðaframboð tryggt"**

- Efla lýðheilsu.
- Hvetja til hollrar hreyfingar.
- Rjúfa félagslega einangrun íbúa.
- Efla forvarnarfræðslu.





Mynd 21. 10 og 20 mínútna gönguradíus út frá núverandi miðju Kirkjubæjarklausturs.



Mynd 20. 10 og 20 mínútna gönguradíus út frá hugsanlega framtíðarmiðju ef hugmyndir að framtíðar íbúðarsvæðum verða að veruleika.

Heiti svæðis	Lýsing	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
<b>ÍB1 Klausturshlað</b>	Svæðið með elstu húsum staðarins þar sem fyrir eru 3 íbúðir.	0,3	Burstabær sem er byggður 1890 hefur hátt verndargildi. Íbúðir í dag eru þrjár og ekki ger ráð fyrir að byggja á þessm reit.
<b>ÍB2 Skerja- og Skriðuvellir og Klausturvegur</b>	Elsta hverfi bæjarins. Þegar eru byggðar 19 íbúðir en innan þess eru þettingarmöguleikar m.a. við Læknisbústaðinn við heilsugæsluna og á Preststúrinu.	5,0	Á svæðinu við læknisbústaðinn er heimilt að reisa hús á einni hæð næst Skriðuvöllum en tvílyft hús á efri hluta svæðisins. Við Klausturveg skal byggðin vera lágreist og samræmast aðliggjandi byggð við Skerjavelli. Í deiliskipulagi skulu settir skilmálar vegna ofanflóðahættu. Þegar eru byggðar 19 íbúðir innan svæðisins en gert er ráð fyrir allt að 30 íbúðum til viðbótar.
<b>ÍB3 Túngata</b>	Stærð um 0,4 ha.	0,4	Innan svæðisins eru þegar byggð þrjú parhús..
<b>ÍB4 Við Kirkjubæ II</b>	Framtíðaríbúðarsvæði sem nú er nýtt fyrir landbúnað.	1,4	Svæði fyrir fjölbreytta byggð sem gæti tengst Gert er ráð fyrir 17 íbúðum.
<b>ÍB5 Skaftárvellir</b>	Skaftárvellir, þegar byggt að hluta.	7,9	Svæði sem er fjölbreytt með blöndu af einbýli, parhúsum, raðhúsum og fjölbýli. Þegar hafa verið byggðar 30 íbúðir en hægt er að byggja um 25 til viðbótar, háð samningum við landeigendur.
<b>ÍB6 Íbúðarbyggð austan Meðallandsvegar</b>	Framtíðar íbúðarsvæði við Meðallandsveg í landi Hæðargarðs. Aðkoma að svæðinu verður af Meðallandsvegi	3,3	Íbúðarsvæði með par- og raðhúsalóðum. Nýtingarhlutfall innan svæðis allt að 0,2. Yfirbragð byggðar skal vera lágreist sérþýlishúsabyggð og skulu öll hús vera á einni hæð. Gert er ráð fyrir 20 íbúðum
<b>ÍB7 Hæðargarður</b>	Svæði sunnan við Meðallandsveg. Aðkoma að svæðinu verður af Meðallandsvegi.	3,3	Fyrir einbýlis, par- og/eða raðhúsalóðir. Nýtingarhlutfall innan svæðis allt að 0,2. Yfirbragð byggðar skal vera lágreist sérþýlishúsabyggð og skulu öll hús vera á einni hæð. Leitast skal við að fella þau að umhverfi sínu og halda ljósmengun í lágmarki. 40-50 íbúðir. Áfangi sem verður byggður upp á eftir ÍB6.
<b>ÍB8 Íbúðarbyggð austan Meðallandsvegar II</b>	Liggur norðan og sunnan Meðallandsvegar Aðkoma að svæðinu verður af Meðallandsvegi.	5,4	Íbúðarsvæði með par- og raðhúsalóðum á nyrðra svæði en einbýlishús sunnan við Landbrotsveg. Nýtingarhlutfall innan svæðis allt að 0,2. Yfirbragð byggðar skal vera lágreist sérþýlishúsabyggð og skulu öll hús vera á einni hæði. Íbúðir 25.
<b>ÍB9 Svæði sunnan Klausturvegar</b>	Svæði liggur sunnan Klausturvegar, óbyggt svæði sem veltur á varnargarði við Skaftá.	3,5	Íbúðarsvæði með einsþýlishúsum og par- og raðhúsalóðum sunnan Klausturvegar. Nýtingarhlutfall innan svæðis allt að 0,2. Yfirbragð byggðar skal vera lágreist sérþýlishúsabyggð og skulu öll hús vera á einni

			hæði. 42 íbúðir. Gólfkóti þarf að miðast við 100 ára flóð í Skaftá.
	Samtals	32,8	<b>245-255</b>

## 4.2.2 Íbúðarbyggð í dreifbýli

### Almenn ákvæði

- Íbúðarbyggð í dreifbýli skal taka mið af yfirbragði sveitarinnar.
- Í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 5.1 um landbúnaðarsvæði.
- Ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið og viðkomandi jörð og vera í tengslum og samhengi við aðra byggð.

Nánar er fjallað um stefnumörkun um íbúðarhús á bújörðum í kafla 5.1 um landbúnaðarsvæði.

Heiti svæðis	Lýsing	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÍB10 Íbúðarsvæði Efri-Vík.	Íbúðarsvæði staðsett í Landbrotshólum í landi Efri-Víkur í Landbroti.	31,0	Hámarksstærð íbúðarhúsa er 250m <sup>2</sup> með bílskúr. Húsin mega vera ferhyrnd, L-laga eða T-laga. Þök skulu vera með risformi eða einhalla. Heimilt er að nýta rými í rishæð rúmist það innan tilskilinna hæðarmarka og aðlaga hús að landi með stallaðri gólfplötu. Heimilt er að reisa allt að 40 m <sup>2</sup> bílgeymslu fyrir einn til two bíla sem hluta af íbúðarhúsinu eða stakstæða innan byggingarreits og skal gæta samræmis í útliti húss og bílgeymslu. Hámarksfjöldi íbúða 20.

## 4.3 Frístundabyggð (F)

### Almenn ákvæði

- Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Bygging þriggja eða fleiri frístundahúsa verður einungis á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind fyrir frístundabyggð og er háð deiliskipulagi fyrir svæðið.
- Að jafnaði er gert ráð fyrir að um ¼ hluti lands í frístundabyggðum verði til almennrar útvistar.
- Frístundabyggðir skulu taka mið af yfirbragði sveitarinnar þar sem það á við og fullt tillit tekið til landslags, náttúrfars, dýralífs og jarðminja við skipulag þeirra og uppbyggingu.
- Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu. Enn fremur skal kveðið á um stærð og gerð húsa, form, efnisnotkun, útlit og litaval nýbygginga eftir því sem við á.

- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir neysluvatnsöflun fyrir frístundasvæði, merkja vatnstökustaði inn á deiliskipulagsupprátt og skilgreina vatnsverndarsvæði eftir því sem við á. Jafnframt skal gera grein fyrir fyrirkomulagi fráveitu og farið eftir ákvæðum laga nr.9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerðar nr.798/1999 um fráveitur og skólp.
- Í deiliskipulagi skal m.a. sýna gönguleiðir og merkja útsýnisstaði og aðra staði sem máli skipta fyrir almenna útvist eftir því sem við á, þannig að lóðir loki ekki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og viðkomandi svæði í heild.

### VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA

**3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.**

- Efla lýðheilsu.
- Hvetja til hollrar hreyfingar með góðri aðstöðu og aðbúnaði til fjölbreytrrar iðkunar.
- Rjúfa félagslega einangrun íbúa.
- Bjóða upp á fjölbreyta möguleika fyrir virka samgöngumáta.




- Tengja skal göngu- og hjólaleiðir innan svæða saman og við stofnleiðir.
- Í deiliskipulagi frístundabyggðar skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvivatn og gera grein fyrir flóttaleiðum vegna gróður- og kjarrelدا.
- Huga skal að rafhleðslutengingum fyrir bifreiðar og reiðhjól við skipulagningu frístundabyggðar.
- Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með gistingu í flokki 1. Gisting í flokki II skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er heimil hafi starfsemin tilskilin leyfi og allir lóðarhafar innan frístundasvæðis samþykki gistingu í flokki II skv. reglugerð nr. 1277/2016 nema samþykktir félags sumarhúsaeigenda innan svæðisins kveði á um annað. Slík starfsemi skal vera í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016, m.s.br. Tegund gististaða er frístundahús. Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Útleiga á stökum herbergjum til mismunandi einstaklinga innan sömu fasteignar er óheimil.

Þéttbýli				
Nr.	Heiti	Lýsing	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
F1	Hæðargarður-lóð	Stök sumarhúsalóð í landi Hæðargarðs innan þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri.	0,5	Ein lóð, ekki er gert ráð fyrir fleiri sumarhúsum innan svæðisins.
	Samtals		0,5	1 lóð.

Dreifbýli				
Nr.	Heiti	Lýsing	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
F2	Kirkjubæjarklaustur og Fornugarðar	Tvær stakar frístundalóðir í jaðri þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri.	1,2	Tvær lóðir, ekki er gert ráð fyrir fleiri sumarhúsum innan lóðanna.
F3	Hæðargarðs-vatn	Á svæðinu er samþykkt deiliskipulag frá 2002, með breytingu frá 2013. Samkvæmt deiliskipulaginu eru 56 lóðir á svæðinu, 0,2-1 ha að stærð.	38	56 lóðir
F4	Efri-Vík	Svæðið er vestan Landbrotsvegar og er um 33 ha. Deiliskipulag samþ. júní 1993.	33	18 lóðir

		Frístundalóðirnar eru samtals 18 og eru á bilinu 0,4 – 1 ha að stærð. Heimilt er að byggja allt að 220 m <sup>2</sup> sumarhús auk 25 m <sup>2</sup> gestahúss eða geymslu. Húsin mega vera ferhyrnd, L-laga eða T-laga.		
F5	Hörgsdalur	Deiliskipulag gerir ráð fyrir 15 lóðum fyrir sumarhús og tveimur lóðum fyrir þjónustuhús og þjónustuherbergi. Einnig er tjaldstæði á svæðinu.	2	17 lóðir
F6	Botnar	Svæðið tekur til 5 lóða 0,74-0,87 að stærð en heildarstærð er 3,8 ha. Deiliskipulag samþykkt 29.7 1992.	3,8	5 lóðir
F7	Hemrumörk	Sumarbústaðarsvæði úr landi Hemru. Hluti svæðisins er þegar byggður en hluti þess óbyggður. Gert er ráð fyrir allt að 25 lóðum 0,5-23,,5 ha að stærð skv. deiliskipulögum.	127,4	25 lóðir
F8	Hrífunes	Frístundabyggð – Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið. Á svæðinu er náttúrulegur birkiskógrur og skal staðsetning húsa, lega göngustíga og vega miðast við að lágmarka rask í skóginum og spilla öðrum gróðri sem minnst. Ef brýn nauðsyn er að fella tré skal það gert í samráði við Skógræktina. Framkvæmdaraðili skal einnig vinna að mótvægisaðgerðum í samvinnu við Skógræktina. Í deiliskipulagi eru settir skilmálar um varðveislu núverandi gróðurs og gróðursetningu nýrra trjáa.	233	77 lóðir
F9	Skálmarbær	Áætluð uppbygging sunnan við jarðamörkin við Hrífunes. Ekki hefur verið unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Stærð 66 ha.	66	12 lóðir
F10	Skálmarbær	Deiliskipulag samþykkt 9. janúar 2004. Þar sem gert er ráð fyrir 15 lóðum á ca. 97 ha.	97	15 lóðir
F11	Austurfit í landi Núpsstaðar	Svæðið er um 1,2 ha en deiliskipulag var samþykkt í byggingarnefnd 14.6 1990.	1,2	2 lóðir
		samtals	602,6	234 lóðir



Mynd 22. Fristundabyggð í Skaftárhreppi.

## 4.4 Opin svæði og íþróttasvæði

### Almenn ákvæði

- Að skipulag og uppbygging í samféluginu taki tillit til og hvetji til útvistar, íþróttu- og tómstundastarfs og taki mið af ávinnungi útvistar og íþróttu m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, m.a. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar.
  - Að nálægð við náttúruna og sérkenni svæðisins verði nýtt á sjálfbærar hátt til útvistar og heilsueflingar.
    - Að tengsl íbúa við náttúru og umhverfi verði efld, t.d. með bættu aðgengi og aðstöðu til fjölbreytrar útvistar og íþróttaiðkunar, og allir íbúar geti stundað hreyfingu og útvist við hæfi.
    - Áhersla skal lögð á bætt aðgengi fyrir alla að íþróttu- og útvistarsvæðum og stofnunum sveitarfélagsins, þar sem því verður við komið.
    - Lögð er áhersla á að leiksvæði barna hvetji til útvistar og hollrar hreyfingar og miða ber að því að svæðin nýtist öllum.
    - Göngu- og hjólagleiðir í og úr hverfum, til og frá skóla og til og frá tómstundasvæðum barna verði skilgreind og sett í forgang sem öruggar leiðir til að hjóla og ganga.(3)

- Markvisst verði unnið að uppbyggingu göngu- og heilsustíga og gangstétta í þéttbýli og að tengja göngustíga við útvistarsvæði.
  - Áhersla verður á hvíldaraðstöðu við gönguleiðir í og við þéttbýli.
  - Í og við áningarástaði verði sett upplýsingaskilti, listaverk og annað sem eykur upplifunargildi svæðisins.
  - Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opin svæði, enda skerði það hvorki gæði né notkun svæðisins.
  - Að unnið verði að uppbyggingu bæjartorgs á Kirkjubæjarklaustri.
- 

#### **4.4.1      Opin svæði (OP)**

Svæði fyrir útvist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útvist tilheyrir, svo sem stígum og áningarástöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útvistar.

Opnum svæðum í þéttbýlinu má nokkurn vegin skipta í þrennt, þ.e. í almenn opin útvistarsvæði þar sem áhersla er lögð á góða stíga og útvist fyrir alla, bæjargarða-/torg þar sem lögð er áhersla á ákveðna sérstöðu og svo hverfissvæði með leik- og dvalarsvæðum. Það síðast talda er yfirleitt hluti af íbúðarhverfi og þjónar þeim sérstaklega.

##### **Almenn opin útvistarsvæði:**

Svæði sem umlykja byggðarkjarna og mynda samfellt útvistarsvæði þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt gróðurfar, fjölbreytta útvistarmöguleika, skjól og stíga í bland við ósnortna náttúru ofan byggðar. Heimilt er að reisa mannvirki og byggingar allt að 100m<sup>2</sup>, sem tengast útvist, nema annað sé tekið fram í skilmálum fyrir viðkomandi reit. Áhersla er lögð á að öll mannvirki séu vönduð og falli vel að umhverfinu.

##### **Bæjargarðar-/torg:**

Svæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri útvistariðkun, afþreyingu, hátíðarhöldum, fræðslu og leik.

##### **Leik- og hverfissvæði:**

Svæði sem taka til leiksvæða, dvalarsvæða eða smærri almenningssgarð og eru ekki skilgreind sérstaklega í aðalskipulaginu. Mikilvægt er að slík svæði séu jafnan í hæfilegri göngufjarlægð frá aðliggjandi íbúðarbyggð með góðum og öruggum stígapengingum. Æskileg fjarlægð frá jaðri íbúðarbyggðar að hverfissvæði er um 150-250m og æskileg stærð þeirra er á bilinu 1.000- 2.000m<sup>2</sup>. Í nýjum hverfum skal gera ráð fyrir slíkum svæðum og staðsetning og útfærsla ákvarðist nánar í deiliskipulagi. Mikilvægt er að slíkum svæðum sé fylgt eftir í deiliskipulagi og almenna reglan sú að betra sé að hafa þau fleiri en færri.

Nr.	Lýsing svæðis	Stærð ha
OP-1	Útvistarsvæði við þéttbýlið á Klaustri þar sem gert er ráð fyrir ymiskonar útvist svo sem frisbígolfi, æfingartækjum ofl.	105
	Samtals	105

#### 4.4.2 Íþróttasvæði (Íþ)

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

##### Þéttbýli

Nr.	Lýsing svæðis	Stærð ha
Íþ-1	Hesthúsasvæði á Stjórnarsandi. Innan hesthúsahverfisins auk hesthúsa verður skeiðvöllur, dómahús, aðstöðuhús og reiðhöll. Byggingarmagn húsa 3000 m <sup>2</sup> .	6,5

#### 4.5 Samfélagsþjónusta (S)

Samkvæmt skipulagsreglugerð er samfélagsþjónusta (S) svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Landnotkunarflokkar eru kirkjugarðar og grafreitir og svæði fyrir samfélagsþjónustu

##### Þéttbýli

Nr.	Lýsing svæðis	Stærð ha
S1	Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs. Gert er ráð fyrir byggingu gestastofu á einni hæð með kjallara, hámarksbyggingarmagn er áætlað 2000 m <sup>2</sup> og hámarkshæð er 10m. Lóðin rúmar framtíðarstækkun bílastæða, í 1. áfanga er gert ráð fyrir um 100 bílastæðum og 10 rútustæðum og síðan er gert ráð fyrir að bílastæðum geti fjölgæð í tveimur áföngum þannig að heildarfjöldi geti orðið um 240 bílastæði auk rútustæða.	6,5
S2	Dæluhús fyrir kalt vatn.	0,1
S3	Kapella.	0,15 ha.

S4	Heilsugæslustöð	0,3
S5	Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra (og 8 íbúðir).	1,3
S6	Lögreglustöð og trésmiðja.	0,8
S7	Rarik og sameiginlegt hús fyrir ríkisstofnanir o.flr.	0,5

Dreifbýli		
Nr.	Lýsing svæðis	Stærð ha
S8	Pykkvabæjarklaustur	Á Pykkvabæjarklaustri var munkaklaustur á kapólskum tíma. Á svæðinu er Pykkvabæjarklausturskirkja ásamt kirkjugarði en kirkjan var byggð 1864.
S9	Herjólfsstaðaskóli	Í Herjólfsstaðaskóla í Álftaveri er félagsheimili.
S10	Hemra	Í Tungusel í Skaftártungu er félagsheimili.
S11	Gröf	Að Gröf er Grafarkirkja sem byggð var 1898. Á svæðinu er kirkja með kirkjugarði.
S12	Efri-Ey	Að Efri- Ey í Meðallandi er félagsheimili.
S13	Langholt	Langholtskirkja er byggð 1863. Á svæðinu er kirkja með kirkjugarði.
S14	Prestsbakki	Á svæðinu er Prestsbakkakirkja ásamt kirkjugarði en kirkjan var reist árið 1859 og var hönnuð af Hans Heinrich Schütte arkitekt og byggingarmeistari. Kirkja ásamt kirkjugarði.
S15	Múlakot	Múlakotsskóli á Síðu er félagsheimili.
S16	Kálfafell	Kálfafellskirkja er byggð 1863. Á svæðinu er kirkja með kirkjugarði.
S17	Núpsstaður	Núpsstaður er austasti bærinn í Skaftárhreppi. Þar standa gömul bæjarhús og bænhús. Talið er að bænhúsið sé að stofni til úr kirkju sem var byggð um 1650 en árið 1930 var bænhúsið endurgert.

#### 4.5.1 Skólar

Skólar falla undir landnotkunarflokkinn miðsvæði á uppdrætti en eftirfarandi er stefna aðalskipulags í skólamálum.

##### Almenn ákvæði

- Unnið verður eftir Skólastefnu Suðurlands.
- Markmið Skaftárhrepps er að starfrækja skóla sem standast ítrstu gæðakröfur þar sem allir leggjast á eitt um að stuðla að fjölbreyttu, skapandi og metnaðarfullu skólastarfi og sem bestum árangri
- Að skólar innan sveitarfélagsins verði til fyrirmunda og vellíðan barna og starfsfólks verði í fyrirrúmi.
- Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, kurteisi, gagnkvæma virðingu, jafnrétti og mannréttindi, samvinnu og lýðræðislega starfshætti.
- Að ávallt verði næg leikskólapláss í sveitarféluginu
- Að efla samstarf allra skóla við foreldra og styrkja tengsl þeirra við samfélagið.
- Að efla samstarf skólanna með markvissum hætti, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Að áfram verði tryggt samstarf á milli skólastiga og einnig stuðlað að samstarfi við eldri borgara.
- Að bæta samskipti og stuðla að góðum skólabrag. Sérstaklega þarf að huga að leiðum til að nemendur af ólíkum uppruna samlagist vel og myndi sterka liðsheild.
- Að styrkja samstarf fræðslu- og æskulýðsráðs skólanna og efla traust þar á milli.
- Að skólarnir nýti þekkingu og aðstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs, Kötlu jarðvangs, Umhverfisstofnunar og Skógræktarinnar á náttúru svæðisins.
- Að tónlistarskóli verði rekinn í sveitarféluginu.
- Að aðgengi hreyfihamlaðra að stofnunum sveitarfélagsins verði tryggt.
- Að umhverfi skóla sé heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og eflí þroska allra nemenda.

#### VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA

**4.3. Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.**

- Finna lausnir á fjarlægðum frá framhaldsskóla.
- Stuðningur til þeirra sem sækja skóla langt t.d. fjárhagssstuðningu og aðstaða til að nota fjarskiptatækni.

**4.4. Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgæð umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengiðmannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.**

Tryggja jafnt aðgengi að öllu námi.

Unnið að því að koma á heimavist FSU og veita húsnæðisstodu fyrir 15-17 ára nemendur sem ekki geta búið heima.

**4.5. Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunun í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.**

- Íslenskukennsla verði í boði fyrir alla nýbúa

- Að skólinn nýti sér nálægð við náttúru og góðar tengingar við opin svæði og stígakerfi.

Áhersla verði lögð á virðingu fyrir umhverfinu og að íbúar geri sér grein fyrir þeim verðmætum sem felast í óspilltri náttúru. Lögð verði sérstök áhersla á að tengja námið við nánasta umhverfi og nýta tækifæri sem gefast til útifræðslu. Skólalóðir skulu þannig vera hluti af kennsluumhverfinu og mæta þörfum nemenda í samræmi við þroskastig þeirra. Stuðlað skal að fjölbreytileika á lóð ásamt öruggum tengingum við önnur útvistarsvæði og ósnortna náttúru.

Markmið sveitarfélagsins er að starfrækja skóla sem standast ítrustu gæðakröfur þar sem allir leggjast á eitt um að stuðla að fjölbreyttu, skapandi og metnaðarfullu skólastarfi og sem bestum árangri. Vellíðan barna og starfsfólks skal vera í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, kurteisi, gagnkvæma virðingu, jafnrétti og mannréttindi, samvinnu og lýðræðislega starfshætti.

---

#### 4.5.2 Heilbrigðis- og félagsmál

---

##### Almenn ákvæði

- Tryggt verði gott rými fyrir samfélagsþjónustu, aukna starfsemi stofnana sem fyrir eru og nýja þjónustu.
- Aðgengi íbúa sveitarfélagsins að læknisþjónustu og heilsugæslu verði tryggt.
- Aðstaða sé til staðar fyrir sérhæfða þjónustu s.s. sjúkra- og iðjuþjálfun.
- Að lýðheilsa í sveitarféluginu verði efla og að því sé fylgt eftir í allri stefnumörkun og skipulagi.
- Að eldri borgarar og fatlaðir í sveitarféluginu geti valið dvalarúrræði í samræmi við þarfir og að þeir njóti persónulegs svigrúms og einkalífs ævina á enda.
- Allir íbúar sveitarfélagsins ættu að eiga þess kost að búa á eigin heimili, óháð líkamlegri og andlegri færni. Heimaþjónusta er mikilvæg þjónusta við eldri borgara en þar skipta öruggar samgöngur verulegu máli.
- Aðgengi fyrir alla verði ávallt tryggt við hönnun nýbygginga og útisvæða.

Skaftárhreppur vinnur að því að fólk með fötlun séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna.

---

### **4.5.3 Menningarmál**

---

#### **Almenn ákvæði**

- Að unnin verði menningarstefna fyrir Skaftárhrepp.
- Staðinn verði vörður um þá menningarstarfsemi sem fyrir er á svæðinu og hlúð að nýjum hugmyndum.
- Staðinn verði vörður um viðburði í sveitarféluginu sem eru mikilvægir vegna menningar og sögu sem og ferðaþjónustu.
- Menning og saga svæðisins verði kynnt gestum svæðisins og nýtt í skólastarfi.
- Byggingar- og menningaminjar sem tengjast byggðasögu, samgöngusögu og sögu rafvæðingar svæðisins verði varðveittar.

Hugað verði að hlutverki samkomuhúsa í sveitarféluginu sem eru mikilvæg í sögu og menningarlífi.

---

### **4.5.4 Kirkjugarðar og grafreitir (K)**

---

Trúarstofnanir falla undir landnotkunarflokkinn samfélagsþjónusta en svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti eru skilgreind sem slík á uppdrætti.

#### **Almenn ákvæði**

- Að varðveita kirkjur sem menningar- og þjónustuhús.
- Að varðveita kirkjur og kirkjugarða sem menningaminjar.
- Áhersla er lögð á að kirkjur geti áfram gegnt mikilvægu hlutverki sem menningar- og þjónustuhús þótt þær leggist af sem sóknarkirkjur og að útlit þeirra, kirkjugarða og nánasta umhverfis, verði verndað, þar sem það á við.
- Við endurbætur og hugsanlegar stækkanir á kirkjugörðum skal þess gætt að þær verði í samræmi við aldur og stíl kirkjunnar og að sérkenni svæðisins haldi sér.
- Huga skal að aðgengi fyrir alla að kirkjum og kirkjugörðum.
- Aðkoma að kirkjugörðum sem enn eru í notkun verði bætt. Þess skal gætt að endurbætur verði í samræmi við önnur ákvæði, s.s. vegna verndunar svæðisins.

#### **Þéttbýli**

Nr.	Lýsing svæðis	Stærð ha
K-1	Kirkjugarðurinn á Kirkjubæjarklaustri	0,23

---

Aðrir kirkjugarðar í sveitarfélagini eru skráðir undir stofnana svæði ásamt kirkjunni sem þeir eru við.

---

#### **4.5.5      Brunavarnir**

---

Slökkvilið Skaftárrepps er staðsett á Kirkjubæjarklaustri en vísað er í gildandi brunavarnaráætlun.

##### **Almenn ákvæði**

- Efla menntun slökkviliðsmanna.
- Tryggja skal aðgengi að vatni til slökkvistarfa.
- Landeigandi/félög sumarhúsa eigenda skulu vinna viðbragðsáætlanir fyrir núverandi frístundasvæði í samráði við Brunavarnir Skaftárrepps.

Vatnsból í dreifbýli er misjafnt eftir stöðum, allt frá því að ekkert vatn er í námunda við bæi og til þess að gnægð vatns er við bæjardyrnar. Í öllum bílum slökkviliðsins er kort sem sýnir vatnstökusvæði á hverjum stað. Vatnsöflun er tryggð með tankbíl þannig að alls staðar í dreifbýli fáist nægt vatn til slökkvistarfa. Slökkviliðið hefur einnig 10.000 l vatnspró svo bíllinn sé ekki bundinn við dælingu.

##### **Fyrirkomulag byggðar í sveitarfélagini m.t.t. eldhættu**

###### **Atvinnustarfsemi**

Öll helsta iðnaðar- og atvinnustarfsemi innan þéttbýlismarka er innan skipulagðra iðnaðarsvæða. Helstu áhættuþættir innan starfssviðs Slökkviliðs Skaftárrepps eru gististaðir ferðamanna, umferðarárhöpp, mengunarórhöpp og fjallaskálar.

###### **Íbúðarbyggð**

Svæðið sem telst til íbúðarbyggðar er skilgreint innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Hætta á bruna í íbúðarbyggð telst sambærileg í öllum skilgreindum hverfum.

###### **Frístundabyggð**

Flest frístundasvæði í sveitarfélagini eru minniháttar að stærð og umfangi. Tvö frístundabyggðarsvæði eru í kjarri það eru F-7 Hemrumörk og F-8 Hrífunes og þarf að huga sérstaklega að hættu af kjarrelendum innan þeirra.

###### **Sinu- og gróðureldar**

Farið er eftir reglugerð nr. 325/2016 m.s.br. um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Engin svæði eru sérstaklega tilgreind innan brunavarnaráætlunar þar sem ekki má brenna sinu.

Um öll slík leyfi fer í samræmi við reglugerð þess efnis. Trjágróður er nokkur við byggð á Kirkjubæjarklaustri.

**Brennustæði eða aðrar takmarkanir á meðferð opins elds.**

Slökkvilið fara eftir reglugerð nr. 325/2016 m.s.br. um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum fyrir brennustæði. Engin svæði eru sérstaklega tilgreind innan brunavarnaráætlunar slökkviliðanna vegna brennustæða. Um öll slík leyfi fer í samræmi við reglugerð þess efnis.

# **ATVINNULÍF**

## 5 ATVINNULÍF

### Meginmarkmið

Eitt af meginmarkmiðum Aðalskiplags Skaftárhrepps er að skapa skilyrði fyrir áframhaldandi vöxt og velgengni í helstu atvinnugreinum í sveitarféluginu en stefna um leið á aukna verðmætasköpun í sveitarféluginu byggða á nýsköpun, hugviti, og tækni, með áherslu á hringrásarhugsun í þágu sjálfbærni. Með eflingu hringrásarhagkerfisins má draga úr sóun og stuðla að verðmætasköpun og velsæld án þess að ganga frekar á náttúruna.

#### Almenn ákvæði

- Laða grænar fjárfestingar til sveitarfélagsins og leita leiða til nýsköpunar og fjölbreyttra tækifæra í atvinnumálum, að skapa til eitthvað nýtt eða bæta það sem fyrir er og stuðla þannig að framþróun.
  - Skoða möguleika á þróun grænna iðngarða á svæðinu, m.a. með skipulagi og undirbúningi svæða og tækifæra.
  - Huga að raforkuþörf og annarri aðstöðu fyrir iðnað í sveitarféluginu og tryggja afhendingaröryggi raforku.
  - Skoða tækifæri sem grænir iðngarðar skapa til að auka fýsileika Skaftárhrepps til uppbryggingar og fjárfestingar í fjölbreyttum verkefnum sem fallið gætu undir græna iðngarða.
  - Kanna tækifæri til eflingar hringrásarhagkerfis í Skaftárhreppi.

#### 5.1 Landbúnaðarsvæði (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstri, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

#### Almenn ákvæði

- Sjálfbær landbúnaður verði stundaður í sveitarféluginu og stuðlað að aukinni fjölbreytni í ræktun í hefðbundnum sem og nýjum búgreinum, s.s. kornrækt.
- Stuðlað verði að hagkvæmari landnotkun samfara eðlilegri þróun og nýbreytni í búskap.
- Gerð verði hagkvæmníkönnun á landnotkun á bújörðum sem verði grundvöllur hagræðingar og nýbreytni í búskap og búskaparháttum.
- Verndun lands og þróun gróðurfars haldist í hendur við skynsamlega landnýtingu og val búgreina.

- Stutt verði við þann landbúnað sem er til staðar og möguleika til uppbyggingar og nýsköpunar tryggðir.
  - Mat á kolefnisbúskap vistgerða verði tekið inn í skipulagsvinnu til að vernda þau svæði þar sem kolefni binst en svæði þar sem er kolefnistap verði skoðuð sérstaklega.
  - Góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar. Ræktuð svæði, svæði sem teljast auðræktanleg og góð beitarlönd skulu varðveitt sem slík. Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi annað eftir því sem kostur er.
  - Þess skal gætt að breytt nýting landbúnaðarlands hafi ekki óafturkræf áhrif og gerð grein fyrir áhrifum hagnýtingarinnar á landbúnaðarframleiðslu, m.a. um hvar hægt er að rækta eða beita í staðinn áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin.
  - Tengsl landbúnaðar og ferðajónustu verði efld.
  - Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð.
  - Merkingar á lögbýlum, eyðibýlum, ferðaleiðum og söguslóðum innan svæðisins verði bættar.
  - Vargi og meindýrum s.s. mink og ref verði haldið í skefjum.
  - Ágengar plöntutegundir verði kortlagðar og þeim haldið frá hálandinu og náttúrufræðilega mikilvægum svæðum.
  - Lögð er áhersla á eflingu hefðbundins landbúnaðar sem atvinnugreinar og að uppbygging stoðgreina hans verði auðvelduð.
  - Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta byggingar sem eru til staðar og reisa nýbyggingar fyrir atvinnustarfsemi, sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt, án þess að gera þurfi grein fyrir þeirri landnotkun á aðalskipulagsuppdrætti. Fyrst og fremst er átt við atvinnugreinar sem eru viðbót við búreksturinn og stoðgreinar við landbúnað sem falla vel að og eru hagkvæm viðbót við hefðbundna starfsemi á landbúnaðarsvæðum. Markmiðið er m.a. að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búrekstur og tryggja áframhaldandi nýtingu jarða.
  - Innan landbúnaðarsvæði verði leyfilegt að vera með gistingu í flokki I og II skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
  - Tryggðir verði möguleikar til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði með því að gera ráð fyrir að vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirkir því tengd verði innan landbúnaðarsvæða. Þetta á einnig við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er sold.
  - Gert verði ráð fyrir smávirkjunum allt að 200 kW án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.
  - Við byggingu smávirkjana skal meta áhrif á vatnsfallið, aðra landnotkun, fiska og veiði, ásýnd og lífríki.
  - Stofnanir sveitarfélagsins nýti sér þjónustu og afurðir landbúnaðarins þar sem því verður við komið.
  - Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljós fyrirtækja í landbúnaði í sveitarféluginu.

---

### **5.1.1 Byggingar og önnur starfsemi á landbúnaðarsvæðum**

---

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 300 m hæð. Ekki eru þó heimilaðar byggingar tengdar búrekstri ofar 300 m heldur gilda þar ákvæði um óbyggð svæði.

Heimilt er að byggja frístundahús og íbúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi og fer fjöldi húsa eftir stærð lands sbr. eftirfarandi töflu:

Landstærðir	Heiti	Nýtingarhlutfall	Heimildir með tilliti til aðalskipulags
0,5 til 3 ha	Íbúðarlóðir	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,02 og að hámarki 3 hús. Heimilt er að vera með samliggjandi þrjár íbúðalóðir.	Íbúðarhús, gestahús, geymsluhús.
3 – 15 ha	Landspildur/ smábýli	Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,02 en að hámarki $1000 \text{ m}^2$ samanlagt og að hámarki 5 hús. Heimilt er að vera með samliggjandi þrjár íbúðalóðir.	Íbúðarhús, gestahús, gripahús, gróðurhús, geymsluhús.
>15	Landspildur/ Bújarðir	Almenn ákvæði í samræmi við texta er varðar ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum.	Allt að 3 íbúðarhús fyrir utan þau sem tengjast búrekstri. Allt að 3 frístundahús. Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað: $1.500 \text{ m}^2$ (nýjar byggingar og þær sem fyrir eru). Hámarks fjöldi gistirúma 20.

---

### **5.1.2 Stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum**

---

Í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt

við smávirkjanir (að 200 kW), litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur (að 25 m. hæð miðað við spaða í hæstu stöðu) o.þ.h. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.“

Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi. Einnig geta framkvæmdir í flokki B verið tilkynningarskyldar, sbr. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Mörkuð er sú stefna að ekki þurfi að gera grein fyrir virkjunum undir 200 kW í aðalskipulagi og eru þær því ekki síndar á aðalskipulagsuppdraðetti. Virkjun getur verið sólarsellur, vindmylla (allt að 25 m há miðað við spaða í hæstu stöðu) eða vatnsaflsvirkjun ásamt því sem nýtingu fylgir s.s. stífla, miðlunarlón, lagnir, vegslóðar og allt að 20 m<sup>2</sup> stöðvarhús. Allar framkvæmdir vegna virkjana eru háðar leyfisveitingu sveitarfélagsins. Smávirkjanir sem hafa uppsett afl undir 200 kW kunna þó einnig að vera tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar ef þeim fylgja framkvæmdir sem geta fallið undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2001. Bygging nýrra virkjana 200 kW eða stærri krefst breytinga á aðalskipulagi enda kunna þær að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar samkvæmt flokki B í lögum um mat á umhverfisáhrifum, liður 3.22.

Upplýsinga- og þjónustusvæði. Heimilt er að byggja upp áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. vegi, göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti, áningarhólf fyrir hesta og byggja allt að 35 m<sup>2</sup> aðstöðuhús fyrir snyrtiaðstöðu og/eða aðstöðu fyrir eftirlitsaðila.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reka minni tjaldsvæði, þar sem í boði er salernisaðstaða og kalt/heitt vatn. Stærri tjaldsvæði, með umfangsmeiri þjónustu, skulu rekin í þéttbýlinu eða á skilgreindum afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðum.

Heimilt er að nýta jarðhita og vatnsból til eigin nota þar sem það er mögulegt, t.d. til upphitunar húsa, ferðaþjónustu eða almenns búreksturs.

Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu um verndun og landslag, sbr. kafla 5, ef þær eru með ársframleiðslu innan við 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu allt að 200 tonn og fráveitu til sjávar. Stærðarmörkin taka mið af því að fiskeldi fyrir ofan framangreind mörk er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2001.

Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, eru heimil á landbúnaðarsvæðum.

Gert er ráð fyrir því að heimild landeigenda til hefðbundinnar hlunnindanýtingar verði óbreytt, s.s. æðarvarp, fiskveiði og eggjataka.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir, aðrar en skógrækt, verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflu 3 bls. 69. Um fjarlægðir vegna skógræktar er fjallað í kafla um skógrækt og landgræðslu. Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir endurheimt votlendis eins og nánar er fjallað um í kafla 5.2.2.

Framkvæmdaraðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að skoða sýnileika slíkra mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Meðal annars verður tekið tillit til fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau falli að landi og skerði ekki viðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s. framkvæmda- eða byggingarleyfis frá sveitarstjórn. Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðarstærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi. Að jafnaði skulu lóðir vera undir 1,0 ha að stærð. Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umhverfi taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga skal vel frá lögnum, s.s. frárennsli, tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa og að nægt neysluvatn sé aðgengilegt. Gera þarf grein fyrir frágangi á lóð, aðkomu og byggingum í byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókn.

Á bújörðum sem eru 15 ha eða stærri mega sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað vera allt að 1500 m<sup>2</sup>, (sjá kafla 5.1.1).

Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búreksturinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.

---

### 5.1.3 Flokkun landbúnaðarlands

---

Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins mið af því. Leitast skal við að haga nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að ekki verði skertir möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

Landbúnaðarlandi er skipt upp í fjóra flokka sem eru skilgreindir á skipulagsuppdrætti.

L1. Mjög gott ræktunarland. Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar. • Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl. • Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm. • Land vel þurrt eða auðvelt að þurrra það. • Ekki miklar mishæðir í landinu. • Halli innan við 4% (2,29°). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 mL2. Gott ræktunarland. • Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar. • Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl. • Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm. • Land vel þurrt eða auðvelt

að þurrka það. • Ekki mjög miklar mishæðir í landinu. • Halli innan við 8% (4,57°). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m. Djúpur grasmói sem færi í l. flokk ef halli og þurrkstig er í lagi.


L3. Sæmilegt ræktunarland. • Lakari mýrar, móar, melar og sandar. • Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða. • Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm. • Þurrkunarskilyrði sæmileg. • Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja. • Halli innan við 12% (6,84°). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

L4 Lélegt ræktunarland. Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

Landbúnaðarlandi er skipft í fjóra landnotkunarflokkka eftir ágætum þess og gilda eftirfarandi skilmálar fyrir hvern flokk.

Nr.		Lýsing
L1	Mjög gott landbúnaðarland	<p>Gott landbúnaðarland undir 100 m.y.s o. Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Byggja skal í tengslum við núverndi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.</li> <li>Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. íþróttasvæði, tjaldsvæði, golfvellir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.</li> <li>Framkvæmdir í almannapágú s.s. veitur og vegagerð er heimil.</li> <li>Heimilt er að planta skjólbeltum og trjálundum, m.a. við bæjartorfur og akra.</li> </ul> <p>Stærð svæðis 21465,2 ha. Innan þess er Austur Síða, Meðalland og Álfaver, neðan 100 m.y.s.</p>
L2	Gott landbúnaðarland	<p>Land ágætt til akuryrkju.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi.</li> </ul> <p>Stærð svæðis 40919.8 ha, innan þess er Fljótshverfi, Brunasandur, Landbrot, Síða og Skaftartunga, 100 - 200 m.y.s.</p>
L3	Sæmilegt ræktunarInd	Annað landbúnaðarland sem síður henta til jarðræktar vegna misjafnra landgerða. Getur þó hentað til beitar eða

		<p>nytjaskógræktar, landbúnaðarstarfsemi er víkjandi, ef nýta þarf land til annars.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar, þó halli o.fl. geti takmarkað ræktunarmöguleika. Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenn ákv. um landbúnaðarland.</li> </ul> <p>Stærð svæðis 33310,7 ha, innan þess er Fljótsvherfi og Síða upp að 200 -300 m.y.s.</p>
L4	Lélegt landbúnaðarland	<p>Land í þessum flokki er beitarland sem er lítið byggt land sem flokkast í landslagsflokkun sem jökulsandar svo sem Mýrdalssandur, Skeiðarárársandur og fjörur, einnig land sem er 200 – 300 m.y.s og bratt. Stærð svæðis 123588.8 ha.</p>



Mynd 23. Flokkun landbúnaðarlands.

Í Skaftárhreppi fellur í flokk L1 austur- og mið Síðan, neðan 100 m.y.s.. Landbrot, Brunasandur og Fljótshverfi neðan 200 m.y.s. falla undir flokk L2. Í L3 eru Landbrotshólar, efri hluti Meðallands og svæði á Síðunni og Fljótshverfi sem er ofan 200-300 m.y.s . Sandarnir í Skafárhreppi falla í flokk L4 í raun þau svæði sem falla undir jökulsand í landslagsflokkuninni.

---

#### **5.1.4 Kolefnisbinding og minnkun á losun – endurheimt votlendis**

---

Skaftárhreppur stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi innan sveitarfélagsins, bæði frá samgöngum og landnotkun, og að unnið verði að aukinni bindingu kolefnis með útbreiðslu náttúruskóga, landgræðslu, skógrækt og samdrætti losunar með endurheimt votlendis og sjálfbærri landnotkun.

Mikil kolefnislosun er frá hefðbundnum landbúnaði og breyttri landnotkun. Unnið verður með Náttúrustofu Suðausturlands og Landgræðslunni til að fá sem nákvæmastar upplýsingar um kolefnisbúskap mólendis en mikið vantar upp á að til séu haldbær gögn þannig að hægt sé að kortleggja núverandi kolefnislosun landnotkunar. Verða niðurstöður úr kolefnisbúskap landgerða nýttar í tillögum að landnotkun þar sem stefnt verður að bindingu kolefnis þar sem nú er kolefnislosun, með landgræðslu, aukinni útbreiðslu náttúruskóga og skógrækt þar sem það á við og endurheimt votlendis. Þau svæði þar sem kolefnisbinding er nú þegar verður landnotkun að mestu óbreytt. Svæðum með líffræðilegan fjölbreytileika, sjaldgæfar tegundir eða sjaldgæf vistkerfi verður ekki raskað.

---

#### **5.1.5 Landskipti**

---

Við landskipti skal taka tillit til verndarsvæða og samfellds landbúnaðarlands í flokki I og II. Byggingar á nýjum lóðum/spildum skulu nýta sem best þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Ekki verða heimiluð landskipti nema aðgengi að nýjum spildum frá þjóðvegi sé tryggt. Gera þarf grein fyrir áætlaðri nýtingu lands þegar óskað er landskipta. Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að tryggja að landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu og halda í dreifbýlisfirbragð. Skógræktar- og landgræðslusvæði(SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótakógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Skógræktar- og landgræðslusvæði eru afmörkuð á skipulagsuppdrætti þar sem í gildi eru samningar um landshlutaverkefni í skógrækt. Þar er gert ráð fyrir skógrækt í samræmi við þá samninga sem í gildi eru.

Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er leiðbeiningarit sem gefið var út af Skógræktinni og Skipulagsstofnun en þar eru settar fram almennar leiðbeiningar um skógrækt og skipulagsáætlanir. Skógrækt getur haft áhrif á gróðurfar, ásýnd lands og nærveður og einnig á svæði sem njóta verndar, s.s. vegna vatns, náttúrufars eða menningarminja. Stefna um skógrækt þarf að byggjast á greiningu og flokkun lands svo ákvarðanir um framtíðarnotkun byggist á góðum upplýsingum.

### Almenn ákvæði

- Stefna skal að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útvistar, skjóls og landbóta.
- Leitast verði við að efla náttúruskóga, skógrækt og skjólbeltarækt í Skaftárhreppi m.a. m.t.t. loftslagsmála, útvistar og atvinnusköpunar.
- Náttúru- eða söguminjum verði ekki spilt með landgræðslu, þ.m.t. skógrækt.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útvistargildis, fornleifa eða söguminja verði uppgræðsla, endurheimt votlendis og skógrækt takmörkuð eða óheimil. Gæta skal þess að skógræktin hafi ekki neikvæð áhrif á náttúrulega birkiskóga eða önnur náttúruleg gæði, svo sem náttúrlegt gróðurfar og búsvæði, eða aðrar atvinnugreinar
- Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins um skógrækt á landbúnaðarsvæðum mið af því. Leitast skal við að haga skógrækt eða endurheimt votlendis á góðu landbúnaðarlandi í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að möguleikar til að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni verði ekki skertir. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við skjólbeltarækt til að skýla búpemingi og bæta skilyrði á ræktarlandi og öðru nytjalandi.
- Varðveita skal náttúrulega birkiskóga vegna verndar- og útvistargildis þeirra. Þeim skal hlífa en uppbygging í náttúrulegu skóglendi og á skógræktarsvæðum skal miðast við að gæði svæðanna verði ekki skert. Sjá kafla 5.1.6 um náttúrulega birkiskóga.
- Gert er ráð fyrir markvissri eflingu trjáræktar í jaðri og innan þéttbýlis til skjólmyndunar og fegrunar og er lögð áhersla á skóg- og trjárækt á opnum svæðum og í hlíðum ofan byggðar t.d. í tengslum við varnargarða.
- Nytjaskógrækt, þ.m.t. ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, er aðeins heimil á landbúnaðarsvæðum eða öðrum sérstaklega skilgreindum svæðum. Fjölnytjaskógrækt, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útvist fyrir almenning, er heimil á opnum svæðum.
- Skógrækt má ekki skerða útsýni frá stofnleiðum, aðgengi að útvistarsvæðum og berjalöndum né raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.
- Hafa ber í huga að skógrækt hentar ekki á öllum svæðum og tekið skal tillit til fagurfræðilegar og náttúrulegar sérstöðu svæða.
- Huga skal að líffræðilegum fjölbreytileika og sjaldgæfum vistgerðum er svæði eru tekin undir skógrækt. Votlendi skal ekki taka undir skógrækt.
- Nota skal íslenskar tegundir ef þess er kostur en að öðrum kosti skal nota fjölbreyttar tegundir og ekki ágengar trjátegundir.
- Horft skal til lítt gróinna svæða, svo sem sanda og mela, sem ákjósanlegra skógræktarsvæða og beina skógrækt þangað.

- Nýjum skógræktarsvæðum verði beint inn á landbúnaðarsvæði í landnotkunarflokk L3 og L4 á láglendi.
- Gera skal viðbragðsáætlun um skógar- og kjarrelدا, sjá kafla 4.5.5. um brunavarnir.


Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða, skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. töflu 3. Varast ber að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótnun ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæða ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarásýnd þeirra.

Tafla 3. Lágmarksfjarlægðir vegna skógræktar

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	25 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarða vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	50 m	Engin skógrækt.
Fornminjar	20 m	Engin skógrækt, skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Veitulagnir	1 m	Engin skógrækt, sbr. kafla um veitur. Á við um aðrar veitulagnir en háspennulínur.
Háspennulínur	25-90m	Engin skógrækt. Taka þarf tillit til aðstæðna á hverjum stað, en lámaksfjarlægð ræðst m.a. af spennu og kennistærða línumnar, hæð mastra og lengdar á milli þeirra, í samræmi við viðmiðunarreglur Landsnets.
Stofn- og tengivegir	100 m	Engin skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlinu stofnvega og 15 m frá miðlinu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla um samgöngur.

<b>Þéttbýlið</b>		
<b>Nr.</b>	<b>Lýsing svæðis</b>	<b>Stærð ha</b>
SL1	Skógræktarsvæði á Kirkjubæjarklaustri.	6,6
<b>Dreifbýlið</b>		
<b>Nr.</b>	<b>Lýsing svæðis</b>	<b>Stærð ha</b>
SL2	Bleikálahraun. Landgræðsluslusvæði.	100
SL3	Búlandssel. Landgræðsluslusvæði.	94
SL4	Skaftárdalur, skógræktarsvæði að hluta til plantað en jörðin var með samning við Suðurlandsskóga.	425
SL5	Hvammshraun. Landgræðsluslusvæði.	217
SL6	Svíndalur. Landgræðsluslusvæði.	36
SL7	Giljaland I.	89
SL8	Giljaland II.	122
SL9	Hemrumörk.	254
SL10	Skál, skógræktarsvæði.	438
SL11	Skógræktar- og landgræðsluslusvæði í Bresti.  Nýtt svæði þar sem græða á upp sandsvæði þar sem Skaftá hefur farið um í hlaupum. Grætt verður upp með innlendum tegundum, þá helst birki og víði. Gæta þarf sérstaklega að því að nálægar og náttúrulegar vistgerðir verði ekki fyrir tjóni af völdum skógræktarinnar. Hafa ber í huga að skerða ekki vatnsrennsli til linda framan við Eldhraun.	1360
SL12	Eystri Ásar, skógræktarsvæði, upphaflega samningssvæði við Suðurlandsskóga.	1642
SL13	Landgræðsluslusvæði að Leiðvöllum, en jörðin er ríkisjörð sem hefur verið í umsjón Landgræðslunnar.	6300
SL14	Hraunbær-Bólhraun. Uppgræðsluslusvæði Landgræðslunnar á Mýrdalssandi.	10923
SL15	Sandhóll, skógræktarsvæði	70
SL16	Halldórstættur/Hnausar	85
SL17	Syðri-Steinsmýri, landgræðsluslusvæði.  Gæta þarf sérstaklega að því að nálægar og náttúrulegar vistgerðir verði ekki fyrir tjóni af völdum skógræktarinnar.	4151
SL18	Arnardrangur, Steinsmýri- Eggjar. Landgræðsluslusvæði.	453
SL19	Sólheimar	56
SL20	Efri Vík, skógræktarsvæði.	79

SL21	Prestsbakkakot, skógræktarsvæði.	179
SL22	Orustustaðir	289
SL23	Teygingarlækur	60
SL24	Blómsturvelli	69
<b>Samtals</b>		<b>27316</b>



Mynd 24. Skógræktarsvæði í Skaftárreppi.

### 5.1.6 Náttúrulegir birkiskógar

Birkiskógar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið náttúruverndarlaga en þar segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem m.a. eru gömul tré, skuli njóta sérstakrar verndar.

Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni (2014) mælist flatarmál náttúrulegu birkiskóganna í Skaftárreppi um 4000 ha og ræktaðs skóglendis 1200 ha. Skóglendi þekur því 0,8% af flatarmáli sveitarfélagsins alls.

#### Almenn ákvæði

- Að lögð verði áhersla á að endurheimta og vernda náttúruskóga (náttúrulega og fjölbreytta birkiskóga).
- Að tryggt verði að náttúrulegir birkiskógar verði endurheimtir ef önnur nýting er fyrirhuguð á svæðinu. Að tryggt verði að aðrar trjátegundir verði ekki gróðursettar í náttúrulega birkiskóga.
- Að náttúruleg útbreiðsla birkiskóga verði gerð möguleg.
- Náttúruskógar verði nýttir til að hefta leirfok frá flóðasvæðum Skaftár.

### 5.1.7 Uppgræðsla og endurheimt votlendis

Unnið verði að endurheimt landgæða á þeim landsvæðum þar sem vistkerfi hafa hnignað og framræst votlendi endurheimt.

#### Almenn ákvæði

- Unnið verði með Landgræðslunni að skilgreiningu svæði þar sem rof er virkt og tap kolefnis mikið.
- Skurðaþekja svæðisins verður endurskoðað m.t.t. undirliggjandi jarðvegs og grunnvatnsstöðu.
- Framræst votlendi þar sem virk kolefnislosun er í gangi verði endurheimt þar sem það er mögulegt.
- Uppgræðsla fari fram með hliðsjón af nálægum vistgerðum og ásýnd lands.
- Uppgræðsla á söndum verði áhersluatriði.

### 5.2 Athafna- og iðnaðarsvæði

#### Almenn ákvæði

- Auka þarf atvinnusköpun á öðrum sviðum en ferðaþjónustu.
- Leita þarf leiða til að laða að atvinnustarfsemi sem skapar ný störf.
- Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa.
- Að sú raforkuvinnsla sem til verður muni nýtast til fjölbreytrrar atvinnuuppbyggingar í Skaftárreppi.
- Að virkjanaáform og hugsanlegar framkvæmdir lúti skilyrðum umhverfismats og hlíti samanburði við aðra nýtingarkosti sem íbúar sveitarfélagsins telja fýsilega.
- Virkjanaáform skerði ekki víðerni eða óröskuð svæði.
- Áður en ákvörðun er tekin um að breyta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði skal meta virði svæðisins m.t.t ræktunargildis og kolefnisbindingar, gera skal úttekt á náttúrfari

áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista, og/eða búsvæði fugla verði fyrir áhrifum framkvæmda.

- Frekari uppbygging á eldri iðnaðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Að jafnaði er gert ráð fyrir að um a.m.k. helmingur lands á iðnaðarsvæðum verði til almennrar útvistar.
- Taka skal tillit til lífríkis, landslags, sögu- og menningarminja og útsýnisstaða við skipulagningu iðnaðar fyrir orkuvinnslu. Slík mannvirki skulu þar sem það á við taka mið af yfirbragði sveitarinnar.
- Stuðlað verði að frekari rannsóknum á nýtingarmöguleikum jarðhita.
- Öryggi og áreiðanleiki í flutningi raforku verði tryggður.
- Áhersla verði lögð á fyrirmynadarumgengni og snyrtilegt umhverfi á athafnasvæðum.
- Fyrirkomulag á sorpmóttökusvæðum og úrvinnsla sorps verði til fyrirmynðar.

Skilgreint verði nýtt stórt athafna- eða iðnaðarsvæði fyrir landfreka starfsemi.

---

### 5.2.1 Athafnasvæði (AT)

---

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfust mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.

#### 5.2.1.1 Grænir iðngarðar

Umhverfismál eru aðal hvatinn til uppbyggingar grænna iðngarða og eflingar hringrásarhagkerfisins en aðrir mikilvægir hvatar þurfa einnig að vera til staðar. Markmið hringrásarhagkerfis er að endurskilgreina vöxt með áherslu á jákvæðan ávinning samfélagsins. Grænir iðngarðar eru iðngarðar sem styðja við sjálfbærni með því að innleiða félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg markmið í skipulagningu, stýringu og framkvæmd. Grænir iðngarðar stuðla að framþróun til hagsbóta fyrir atvinnilífið og samfélagið allt, með fólk, umhverfið og hagsæld að leiðarljósi. Hugtakið hefur þróast og tekur á viðfangsefnum svo sem fullnýtingu auðlinda og samnýtingu innviða, hreinni framleiðslu, lágmörkun mengunar og loftslagsáhrifa svo eitthvað sé nefnt.

Markmið og ávinningur grænna iðngarða eru margvísleg, en þar má nefna minni notkun hráefna, s.s. vatns, orku og efna og minni úrgangur vegna áherslu á áhringrás, minni losun gróðurhúsalofttegunda og mengunar og betri stýring á umhverfis-, félags- og fjárhagslegum áhættum. Ný og fjölbreytt störf geta skapast með betri aðgangi að tækni og fjármagni og af því leiðir aukin seigla samfélags og fyrirtækja.

Mikilvægt er að skilgreina hvers konar fyrirtæki á sviði græns iðnaðar gætu átt heima í Skaftárhreppi, skapa trausta og aðlaðandi umgjörð um slík fyrirtæki og bjóða þau velkomin. Grænum iðngörðum er

ætlað að hvetja til fjárhagslegs eða samfélagslegs samstarfs á milli mismunandi fyrirtækja þannig það skipti þau raunverulegu máli að bæta nýtingu orku og efna- og afurðastruma á svæðinu

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
AT1	Trésmíða-, bílaverkstæði ofl, þrjár lóðir. Á lóðamörkum meðfram þjóðvegi 1 skal setja skjólbelti.	1,0
AT2	Svæði austan þjóðvegar 1 á Stjórnarsandi, hugsað fyrir græna iðngarða og starfsemi sem gæti flokkast þar undir. Ekki deiliskipulagt. Krafa um blágrænar ofanvatnslausnir og 8% lóðar sé gróður inn í þeirri tölu má telja vatnsrásir fyrir ofanvatn. Vanda skal sérstaklega til ásýndar hverfisins frá þjóðvegi 1 en á lóðamörkum meðfram þjóðvegi 1 skal setja skjólbelti. Hámarkshæð bygginga er 10 m og frágangur lóðar og ásýnd svæðis skal vera til fyrirmynadar.	3,3
AT3	Stjórnarsandur. Nýtt athafnasvæði fyrir græna iðngarða, svæðið er ekki deiliskipulagt. Krafa um blágrænar ofanvatnslausnir og 8% lóðar sé gróður inn í þeirri tölu má telja vatnsrásir fyrir ofanvatn. Vanda skal sérstaklega til ásýndar hverfisins frá þjóðvegi 1 en á lóðamörkum meðfram þjóðvegi 1 skal setja skjólbelti. Hámarkshæð bygginga er 10 m og frágangur lóðar og ásýnd svæðis skal vera til fyrirmynadar. Gólfkóti þarf að miðast við 100 ára flóð í Skaftá.	18,7
Samtals		23 ha

## 5.2.2 Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Sjá einnig umfjöllun um orkuframleiðslu í kaflanum 8.1 orkuframleiðsla.

### Þéttbýli

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
I1	Gámasvæði á Stjórnarsandi	1,1
I2	Nýtt óbyggt svæði á Stjórnarsandi. Vanda skal sérstaklega til ásýndar hverfisins frá þjóðvegi 1 en á lóðamörkum meðfram þjóðvegi 1 skal setja skjólbelti. Hámarkshæð bygginga er 10 m og frágangur lóðar og ásýnd svæðis skal vera til fyrirmynadar.	2,2
I3	Iðnaðarsvæði á Stjórnarsandi. Vanda skal sérstaklega til ásýndar hverfisins frá þjóðvegi 1. Hámarkshæð bygginga er 10 m og frágangur lóðar og ásýnd svæðis skal vera til fyrirmynadar.	5,2
I4	Fiskeldi í Tungu, innan svæðisins er þegar byggðir rúmir 521 m <sup>2</sup> , leyfilegt verður að byggja um 1000 m <sup>2</sup> sögusafn í tengslum við fiskeldið. Mænishæð bygginga má vera allt að 5 m. Frárennsli frá eldisstöð er í dag leitt í setþró milli árbakka og eldiskarasvæðis.	1,0
samtals		12,8 ha

### Dreifbýli

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
I5	Skaftárdalur, allt að 9,8 MW vatnsaflsvirkjun í landi Skaftárdals. Öll helstu mannvirki virkjunar þ.e. stíflur, veitur og stöðvarhús eru í landi Skaftárdals. Rennslisvirkjun á miðlunar, með allt að 1000 m aðrennslisskurði og fallpípu sem er allt að 1500 m, virkjunin tengist tengivirki á Prestsbakka með 19kv streng.	4
I6	Merkt er iðnaðarsvæði í Eldhrauninu þar sem eru núverandi vatnaveitingar Skaftá, en þær hafa verið liður í að viðhalda rennsli lindarlækja í Landbroti. Ekki er gert ráð fyrir nýjum framkvæmdum innan reitsins.	0,2
I7	Fiskeldi í Botnum. Deiliskipulag í gildi frá 2012, m.s.br.	4
I8	Skálarvirkjun allt að 5 MW afl og 10 ha lóni og allt að 5 ha lóð fyrir stöðvarhús og fiskfóðursverksmiðju. Áætluð aðrennslis- og	15

	veitugöng eru 100 m, skurðir 40 m og mesta hæð á stíflum 6 m. Deiliskipulag hefur ekki verið unnið.	
I9	Fiskeldi við Nýjabæ.	0,8
I10	Urðunarsvæði á Stjórnarsandi. Gert ráð fyrir að urða allt að 200 tonn á ári, er ætlað fyrir urðun á byggingarúrgangi, seyru, ösku og sláturúrgangi. Einnig er gert ráð fyrir móttöku á brotajárni, geymslu á garðaúrgangi og timburkurlun til endurvinnslu	4,7
I11	Prestsbakki, tengivirki. Endurnýja þarf tengivirkisem fyrst og þarf að tvöfalta stærð þess svo það sé mögulegt. Landsnet fer með málefni tengivirkisins og framkvæmdir því tengdu.	0,6
I12	Fiskeldi við Teygingalæk. Helstu mannvirki eru verkfæra- og fóðurgeymsla, 8 ker úr stáli samtals 2060 m <sup>3</sup> og 6 ker úr plasti samtals 340 m <sup>3</sup> . Deiliskipulag er til af svæðinu.	2,5
I13	<b>Hnútuvirkjun</b> uppsett afl allt að 9,3 MW. Áætluð aðrennslis- og veitugöng eru 100 m og mesta hæð á stíflum 1-3 m. Heimilað að reisa stöðvarhús allt að 750 m <sup>2</sup> á svæðinu sem verði að hluta niðurgrafið. Frárennsliskurður frá stöðvarhúsi 300 m. Aðkomuvegur að stöðvarhúsi verði tengdur heimreiðinni að Dalshöfða. Efnislosunar og haugsetningarsvæði eru heimil innan iðnaðarsvæðis og heimilt er að jafna út efni sem kemur upp við framkvæmdir um 11.000m <sup>3</sup> . Heimilt er að staðsetja vinnubúðir við stöðvarhús innan iðnaðarsvæðis og á landbúnaðarsvæði á tveimur stöðum meðfram aðkomuvegi.	5

**Sértækir skilmálar vegna Hnútuvirkjunar:**

- Notast skuli við staðargróður þar sem græða þarf upp svæði á nýjan leik.
- Afmarka þarf réttina við Hverfisfljót og kanna garða við Dalshöfða með greftri.
- Vegna fuglalífs skal halda framkvæmdum utan viðkvæmasta tíma, frá maí fram í byrjun júlí.
- Forðast ber að raska fossum nema brýna nauðsyn beri til.

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilvirkjt eftirlit skal vera með raski á jarðmyndunum eins og kostur er til að halda raski í lágmarki, jarðfræði og jarðmyndanir.</li> <li>• Draga skal úr sýnileika mannvirkja með markvissum frágangi og hönnun mannvirkja.</li> </ul> <p>Í deiliskipulagi skal fjalla nánar um fyrirkomulag eða áætlanir um hvernig vöktun, eftirlit og samráði verði háttað.</p>	
<b>Samtals</b>	<b>35,6</b>

## 5.3 Ferðaþjónusta og áfangastaðaáætlun

---

### Almenn ákvæði

- Sjálfbær ferðaþjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að ekki verði gengið á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.
- Ferðaþjónustan verði í takti við stefnu sveitarfélaga um Kötlu jarðvang (Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna), þar sem sveitarfélögin skuldbinda sig til þess að taka mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum sínum.
- Unnið verði markvisst með öðrum sveitarfélögum og aðilum í ferðaþjónustu að uppbyggingunni í takt við áfangastaðaáætlun Kötlu Jarðvangs.
- Unnið verði að ferðamálastefnu Skaftárhrepps, með tilliti til þarfa ferðaþjónustunnar við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.
- Leggja áherslu á bætt aðgengi og öryggi á vinsælum ferðamannastöðum og áframhaldandi uppbyggingu innviða til þess að fyrirbyggja umhverfisrask á viðkvæmum svæðum. Landvarsla verði aukin.
- Unnið verði eftir gildandi áfangastaðaáætlun Suðurlands hverju sinni.
- Áhersla verði lögð á að aðeins verði heimilt að gista í hús- og ferðabílum á merktum tjaldsvæðum innan sveitarfélagsins.

Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni verði leiðarljós fyrirtækja í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

---

### 5.3.1 Gististaðir í þéttbýli

---

Talsvert framboð gististaða er fyrir hendi í Skaftárhreppi og hefur það breikkað með aukinni ferðamennsku. Með tilkomu vefþjónustu geta leigusalar og íbúar skráð gististaði án mikillar fyrirhafnar sem hefur leitt til meira úrvals gististaða. Heimagisting hefur gert að verkum að gisting er ekki aðeins á skilgreindum svæðum fyrir ferðaþjónustu og í skilgreindu þjónustuhúsnaði, heldur einnig í íbúðarhúsnæði í íbúðarhverfum. Slíkt fyrirkomulag getur bæði skapað tækifæri og vandamál fyrir íbúa svo mikilvægt er að setja ramma utan um slíka starfsemi á íbúðarsvæðum.

Viðmiðunarreglur um gististaði í þéttbýli:

- Heimagisting í flokki I er heimil á íbúðarsvæðum (hámark 5 herbergi eða 10 gestir), en ekki er heimild fyrir nýrri og umfangsmeiri gistingu á íbúðarsvæðum, nema þar sem leyfi hefur þegar verið veitt.
- Gististaðir í flokki I, II og III eru heimilir á miðsvæði.

## 5.4 Stofnanasvæði (S)

- Stefnt er að því að treysta fjárhagslegan og faglegan grundvöll samfélagsþjónustu með vaxandi samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurlandi jafnframt því sem lögð er áhersla á að tryggja og efla starfrækslu þjónustustofnana í hreppnum.
  - Unnið verði að því að efla þjónustustofnanir sveitarfélagsins til að sinna hlutverki sínu í heimabyggð og taka við nýjum verkefnum.
  - Að byggja upp aðstöðu fyrir vísindi og fræði sem tengjast sögu og landsháttum og nýta þau tækifæri sem Vatnajökulsþjóðgarður skapar á því sviði.

## 5.5 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálandi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

### Almenn ákvæði

- Boðið verði uppá aukna og fjölbreyttari þjónustu í takti við fjölgun ferðamanna.
- Þjónusta á hálandinu verði skilgreind eftir þjónustuþörf ferðamanna.
- Endurbætur, viðhald og nýting fjallaskála í eigu hreppsins verði skipulögð og samræmd og áfram unnið með ferðafélögum, Vatnajökulsþjóðgarði og fleirum um rekstur svæðanna.
- Tryggt verði að skálar í útleigu hafi gilt rekstrarleyfi.
- Stefnt skal að því að viðhalda UNESCO vottunum Köllu jarðvangs og Vatnajökulsþjóðgarðs.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AF1	Kirkjubær II	Tjald-, hjólhýsa- og smáhýsasvæði innan þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri við Kirkjubæ II. 2,7 ha	Þéttbýlið á Klaustri
AF2	Laufskálavarða	Á svæðinu er áningarstaður með ómönnuðu þjónustuhúsi og bílastæðum. Á svæðinu er ein bygging fyrir þjónustu við ferðamenn. Deiliskipulag í gildi af svæðinu, 5,1 ha.	Skálmabær
AF3	Framgil	Gangnamannaskáli í Framgili neðan hálandismarka, 2,7 ha.	Álftaversafréttur

AF4	Atley	Smalaskáli við Atley á Álftaversafrétti, 2,5 ha.	Álftaversafréttur
AF5	Hemra	Á svæðinu er 1 veiðihús í landi Hemru, 0,5ha.	Hemra
AF6	Fljótsbotnar	Á svæðinu er 1 veiðihús við Fljótsbotna í eigu veiðifélags. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbryggingu, 0,5 ha	Botnar
AF7	Eldvatn	Á svæðinu er 1 veiðihús við Eldvatn í Meðallandi, 2,8.	Hnausar
AF8	Steinsmýri	Á svæðinu er 2 veiðihús, 2ha.	Syðri-Steinsmýri
AF9	Jónskvísl	Á svæðinu er 1 veiðihús sem er fyrir Grenlæk, 2,9 ha.	Fossar
AF10	Seglbúðir	Á svæðinu er 1 veiðihús í Seglbúðum austan vegar, 0,5 ha..	Seglbúðir
AF11	Fossinn	Á svæðinu er 1 veiðihús, , 0,3 ha..	Þykkvibær
AF12	Eldhraun	Áningarstaður í Eldhrauninu við þjóðveg 1, pallar og stígar o.fl. til þess að hægt er að virða fyrir sér hraunið. Deiliskipulag í gildi af svæðinu, 2,6 ha.	Skál
AF13	Fjaðrárgljúfur	Áningarstaður við Fjaðrárgljúfur sem hefur verið vinsæll viðkomustaður síðustu ár, tilkomumikið gljúfur í móbergi. Á svæðinu er þjónustuhús, bílastæði og pallar, stærð 2,0 ha. Deiliskipulag í gildi	Heiði
AF14	Eintúnaháls	Eintúnaháls við Lakaveg. Hugmyndir hafa komið fram um að nýta staðinn fyrir menningartengda ferðaþjónustu. Skálinn er notaður af safnmönnum, stærð 1 ha. .	Eintúnaháls


AF15	Fagrifoss	Áfangastaður við Fagrifoss þar sem m.a. er gert er ráð fyrir salerni, útsýnispalli, bílastæðum og upplýsingaskiltum, stærð 2,7ha. Deiliskipulag í gildi.	Mörtungu
AF16	Vatnamót	Veiðihús í Vatnamótum (samþykkt af Skipulagsstofnun), 0,5 ha..	Hörgsland
AF17	Mávabót	Á svæðinu er 1 veiðihús í Hólnum við Mávabótaála, stærð 0,5 ha..	Hörgsland
AF18	Dverghamrar	Áningarstaður við Dverghamra, bílastæði og gönguleiðir en deiliskipulag sem er í gildi gerir ráð fyrir þjónustuhúsi. Deiliskipulag í gildi stærð 2,8 ha.	Foss
AF19	Fossálar	Á svæðinu er 1 veiðihús við Foss við Fossála, stærð 0,5 ha.	Foss
AF20	Þverá	Á svæðinu er 1 veiðihús við Þverá.	Þverá
AF21	Teygingalækur	Á svæðinu er 1 veiðihús við Teygingalæk, 0,5 ha..	Teygingalækur
AF22	Núpsstaðaskógur	Á svæðinu er 1 skáli, upplýsingaskilti og salerni 1 ha.	Núpsstaður
AF23	Dalshöfði	Skáli í Smágiljum. Gönguskáli sunnan Rauðhóla í landi Dalshöfða, 0,5 ha.	Dalshöfði
AF24	Miklafell	Fjallasel við Miklafell. Á staðnum er gangnamannaskáli í eigu Skaftárhrepps, 0,5 ha..	Austur-Síðuafréttur
AF25	Blængur	Fjallasel við Blæng þar sem er skáli. Áningarstaður á gönguleið, 0,5 ha.	Austur-Síðuafréttur
AF26	Galti	Upplýsingaskilti við Galta, 0,5 ha.	Miðafréttur

AF27	Blágil	Skáli í Blágiljum. Á staðnum er gangnamannahús með gistingu fyrir 18 manns, geymsla, hesthús og húsnæði fyrir landvörð Vatnajökulsþjóðgarðs 2,5 ha.	Miðafréttur
AF28	Hrossatungur	Fjallasel í Hrossatungum. Á staðnum er gangnamannaskáli í eigu Skaftárhrepps. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum, 0,5 ha..	Landbrotsafréttur
AF29	Lakagígar	Dvalarsvæði landvarða. Áhugaverður og mikilvægur áningarstaður ferðamanna og útvistarfólks, s.s. vegna athyglisverðra náttúru- eða menningarminja, gönguleiða o.fl. Lakagígar eru friðlýstir skv. náttúruverndarlögum. Deiliskipulag í vinnslu, stærð 2,5 ha..	Miðafréttur
AF30	Tjarnargígur	Áningarstaður við Tjarnargíg en gígrinn er hluti af Lakagígum sem eru friðlýstir. Á svæðinu er gert ráð fyrir dvalarsvæði landvarða og tengdri þjónustu, stærð 2 ha.	Miðafréttur
AF31	Sveinstindur	Fjallasel við Sveinstind. Áningarstaður á gönguleið milli Fögrufjalla, Skælinga og Lambaskarðshóla. Á staðnum er gamall grjóthlaðinn gangnamannakofi í eigu Skaftárhrepps sem hefur verið endurgerður í tengslum við ferðabjónustu, 0,5 ha.	Skaftártungafréttur
AF32	Langisjór Veiðihús	Veiðihús við Langasjó. Veiðihúsið er í eigu veiðifélags. Hluti svæðisins er deiliskipulagt, 0,1.	Skaftártungafréttur

AF33	Langisjór	Ferðamannaðstaða við Langasjó þar sem gert er ráð fyrir viðvöruaðstöðu fyrir landvörð, snyrtiaðstöðu, upplýsingaskiltum, tjaldsvæði og tengdri aðstöðu, stærð 4, 1 ha.	Skaftártungafréttur
AF34	Stóragil	Fjallasel í Skælingum. Áningarstaður á gönguleið um svæðið. Á staðnum er gamall grjóthlaðinn gangnamannakofi í eigu Skaftárhrepps sem hefur verið endurgerður í tengslum við ferðaþjónustu, 0,5 ha..	Skaftártungafréttur
AF35	Leiðólfssfell	Fjallasel við Leiðólfssfell. Á staðnum er gangnamannaskáli í eigu Skaftárhrepps. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum, 0,5 ha.	Landbrotsafréttur
AF36	Hellisá	Veiðihús við Hellisá (samþykkt af Skipulagsstofnun) en óbyggt, 0,5 ha.	Skaftárdalur
AF37	Lambaskarðshólar/ Hólaskjól	<b>Hálendismiðstöð</b> við Lambaskarðshóla. Á staðnum er gistiskálinn og gagnamannahúsið Hólaskjól, 3 gistiskálar, skáli fyrir landvörð, tjaldsvæði, vatnssalerni og hestagerði. Þetta er alhliða áningarstaður, sem liggur vel við meginleiðum þeirra sem eru akandi, gangandi eða ríðandi. Í deiliskipulagi fyrir svæðið er gert ráð fyrir möguleika á að byggja til viðbótar allt að 200 m <sup>2</sup> hesthús inna á milli hrauntungna austan árinnar með tilheyrandi hestagerði. Tjaldsvæði verði stækkuð og aðstaða fyrir húsbíla og tjaldvagna afmörkuð, stærð 13,5 ha .	Skaftártungafréttur

AF38	Eldgjá	Deiliskipulag er í gildi á svæðinu þar sem gert er ráð fyrir viðveruhúsi fyrir landvörð, snyrtiaðstöðu, upplýsingaskiltum, bílastæðum og gönguleiðum. Eldgjá er á náttúruminjaskrá (706). Leifð er uppbygging útsýnispalla við Ófærufoss 1,4 ha.	Skaftártungafréttur
AF39	Kvíslarlón	Veiðihús við <b>Kvíslarlón</b> (með stöðuleyfi) í eigu veiðifélags. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, stærð 0,5 ha.	Skaftártungafréttur
AF40	Botnlangalón	Veiðihús við <b>Botnlangalón</b> í eigu veiðifélags. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, stærð 0,5ha.	Skaftártungafréttur
AF41	Jökuldalir	Fjallasel í Jökuldöllum. Áningarstaður göngufólks og hestamanna milli Hólaskjóls og Landmannalauga, 0.5 ha.	Skaftártungafréttur
AF42	Grænalón	Veiðihús við Grænalón við Jökuldali í eigu veiðifélags. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu 0,5 ha..	Skaftártungafréttur
AF43	Álftavötn	Fjallasel í Álftavötnum. Áningarstaður á gönguleið og reiðleið frá Hólaskjóli í Hvanngil. Á staðnum er gamall grjóthlaðinn gagnamannaskáli í eigu Skaftárhrepps, sem hefur verið endurgerður í tengslum við ferðaþjónustu, 0,5 ha..	Skaftártungafréttur
AF44	Svartafellstangi	Fjallasel í Svartafellstanga. Áningarstaður í tengslum við gönguleið í Hólmsárbotna sem einnig nýtist hestamönnum, 0,5 ha.	Álftaversafréttur

AF45	Ófærudalur	Fjallasel í Ófærudal. Áningarstaður á gönguleið milli Hólaskjóls og Hvanngils, 0,5 ha.	Skaftártungafréttur
AF46	Strútur/laug	Svæði þar sem áður stóð kofi, gönguhópar hafa tjaldað á staðnum, 0,5 ha.	Skaftártungafréttur
AF47	Álftaversgígar	Áningarstaður við Álftaversgíga þar sem er upphaf gönguleiðar og upplýsinga- og fræðsluskilti, stærð 2 ha..	Álftaversgígar



Mynd 25. Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Skaftárhreppi.

## 5.6 Verslun og þjónusta (Vþ)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

### Þéttbýli

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
Vþ1	Matvöruverslun, veitingastaður og vínbúð. Svæðið að mestu byggt.	0,6
Vþ2	Klausturvegur, nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu. Svæðið er ekki deiliskipulagt.	1,1
Vþ3	Skaftárskáli, veitinga- og bensínsala við þjóðveginn.	0,9
Vþ4	Verslunar- og þjónustusvæði austan brúar, svæðið að hluta byggt. Í dag er innan svæðisins sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti og löjuvellir 3.	1,2
Vþ5	Þjónustusvæði við flugbraut á Stjórnarsandi.	0,5
Vþ6	Hæðargarður þar sem gert er ráð fyrir þjónustu við ferðamenn, veitingasölu, rafmagnssölu, salernisaðstöðu og sýningaraðstöðu. Öll hönnun svæðisins skal miða að því að hafa sem minnst áhrif á aðliggjandi svæði. Huga skal vel að ásýnd bygginga frá þjóðvegi og skulu byggingar vera að hámarki tvær hæðir. Hanna þarf byggingar þannig að þær falli vel að landslagi og staðsetja bílastæði þannig að þau verði lítt sýnileg, ekki ráðandi í ásýnd og huga þarf að ljósmengun.	3,7
Vþ7	Tunga gert er ráð fyrir þjónustu við ferðamenn. Byggja á hótel með 75 herbergjum. Heildarstærð hótelins er 3750 m <sup>2</sup> og mænishæð allt að 13,5 m, bygging er á tveimur hæðum og jarðhæð, reiknað er með að fella bygginguna inn í landið að hluta. Gert er ráð fyrir 25 gistiheimum hvert um sig 34 m <sup>2</sup> . Skulu þetta vera vönduð einingahús og herbergin verða 4 stjörnu herbergi.. Einnig er innan reitsins núverandi gistihaus sem er 215 m <sup>2</sup> . Heildarbyggingarmagn á svæðinu er þá 4815 m <sup>2</sup> . Heildar gistiúnum 290.	3,6
	samtals	11,6 ha

### Dreifbýli

Nr.	Jörð	Lýsing	Stærð ha
Vþ8	þykkvabæjar-klaustur	Á svæðinu er gert ráð fyrir gistingu með allt að 25 gistiúnum, Nonna og Brynjuhús.	2,0

<b>Vþ9</b> Hrífunes	Veitingaþjónusta, gisting og hótel - um 80 ha. Við alla uppbyggingu og framkvæmdir skal taka tillit til náttúrulegra birkiskóga. Deiliskipulag skal miða að uppbyggingu á þeim svæðum þar sem eyður eru í birkikjarrinu. Heimilt er að reisa hús á 2 hæðum og að hluta á 3 hæðum. Útlit og hönnun mannvirkja skal miða að því fella það vel að umhverfi og landslagi svæðisins. Þess skal gætt að mannvirkið hafi sem minnst áhrif á ásýnd á svæðið s.s. form, lit, glampa og ljós. Óheimilt er að fella tré eða færa til gróður nema þar sem nauðsynlegt er t.d. þar sem skal byggja hús, leggja göngustíga, vegi og á dvalarstæðum við hús innan byggingarreits og skal það gert í samvinnu við Skógræktina. Hönnun svæðisins, á öllum stigum, skal vera unnin í samvinnu við Skógræktina og ef til einhverrar skerðingar kemur þarf samþykki hennar fyrir allar mótvægisáðgerðir sem skulu þær útlistaðar í deiliskipulagi. Óheimilt er að planta framandi trjátegundum á svæðinu. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir vatnsöflun á svæðinu, þar á meðal slökkvivatni og flóttaleiðum.	80
<b>Vþ10</b> Hrífunes	Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels og ferðaþjónustu með gistaðstöðu á um 19 ha. Byggt verður veitingahús, aðalhús og 18-20 tjaldhýsi en þar verða gistiþymi hótelsins, gistiþymi 120.	19
<b>Vþ11</b> Flaga	Gisting í íbúðarhúsi og sex ferðaþjónustuhúsum, en heildarfjöldi gistiþuma er 29. Deiliskipulag í gildi af svæðinu.	1,4
<b>Vþ12</b> Snæbýli	Gisting í smáhýsum, gistiþum fyrir allt að 20.	2,5
<b>Vþ13</b> Efri-Ey II	Ferðaþjónustustarfsemi með húsum sem fyrir eru á svæðinu og gert er ráð fyrir framtíðar uppbyggingu. Samtals um 4000 m <sup>2</sup> með 70 gistiþum.	0,1
<b>Vþ14</b> Efri-Vík	Hótel Laki í Efri-Vík. Hótel þar sem er gisting, veitingaaðstaða og önnur ferðaþjónustuaðstaða, gistiþum allt að 130.	1,6
<b>Vþ15</b> Hátún	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði á jörðinni Hátúni. Svæði fyrir aðstöðu fyrir ferðaþjónustu, þar sem gert er ráð fyrir gistingu í 30 litlum húsum með um 90 gistiþum samtals 2100 m <sup>2</sup> í nokkrum þyrpingum og þjónustuhúsum allt að 1000 m <sup>2</sup> , samtals byggingarmagn að hámarki 3.100 m <sup>2</sup> . Krafa sett um samræmt útlit gistiþúsanna, góða aðlögun	26

	að landi og að innbyrðis afstöðu þeirra sé þannig að húsaþyrringar falli vel að landi.	
<b>Vþ16</b> Hunkubakkar	Ferðaþjónusta að Hunkubökkum í 13 húsum fyrir gistingu og veitingaaðstöðu, gistirúm 30.	0,2
<b>Vþ17</b> Geirland	Hótel að Geirlandi. Innan svæðisins eru sex gistiskálar auk veitingahúss og íbúðarhúss með gistingu. Deiliskipulag í gildi fyrir svæðið, gistirúm 50.	1,4
<b>Vþ18</b> Hörgsland 1	Fimmtán smáhýsi, ásamt þjónustumiðstöð, veitingasölu og tjaldsvæði, gistirými fyrir um 40 auk tjaldsvæðis. Deiliskipulagi í gildi, gistirúm 50.	2,2
<b>Vþ19</b> Hörgsland lóð	Lóð með íbúðarhúsi og gistingu í allt að 25 gistirýmum.	0,9
<b>Vþ20</b> Orustustaðir	Á svæðinu er gert er ráð fyrir hótel og tengdri starfsemi, áætlað byggingarmagn er um 7.000 m <sup>2</sup> á tveimur hæðum. Gerð er krafa um þriggja þrepa hreinsistöð fyrir fráveitu. Til þess að tryggja öryggi sjaldgæfра fuglategunda mælir Skaftárhreppur með því að katta- og hundahald verði takmarkað á svæðinu, gistirúm 400.	13,7
<b>Vþ21</b> Núpar	Á svæðinu er Hótel Núpar sem er staðsett á svonefndu Sléttuhrauni. Heildar byggingarmagn 3000 m <sup>2</sup> á einni hæð. Deiliskipulag í gildi fyrir svæðið, gistirúm allt að 160.	1
<b>Vþ22</b> Hvoll	Á svæðinu er farfuglaheimili með gistirúm fyrir 70 manns.	0,1
<b>Vþ23</b> Kálfafell	Gisting á tveimur svæðum í landi Kálfafells í samtals 8 húsum, gistirúm fyrir allt að 40 manns Svæðið byggt að hluta en tvö deiliskipulög í gildi.	2,8
<b>Vþ24</b> Núpsstaður	Veitinga- og sögustaður á Núpsstað.	0,1
<b>Vþ25</b> Selhólar	Gisting í þremur húsum með byggingarmagn um 300 m <sup>2</sup> . Gistirými fyrir allt að 20.	2,8
	<b>Samtals</b>	<b>157,8</b>

## 5.7 Miðsvæði (M)

Samkvæmt skipulagsreglugerð er miðsvæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og aðra hreinlega atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Innan miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri er fjölbreytt starfsemi, m.a. skóli og leikskóli, íþróttahús, sundlaug og Erróstofa.

### Almenn ákvæði

- Áhersla verði lögð á að innan miðsvæðis þrífst fjölbreytt starfsemi sem eflir líf og tengingu við íbúðarbyggð með frjálsu flæði umferðar.
- Ásýnd miðbæjar verði fegruð með gróðri, áningarbekkjum og vönduðum yfirborðsefnum.
- Innan miðsvæða verði lögð áhersla á gæði í umhverfishönnun.
- Útisvæði við félagsheimilið verði hjarta miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri og horft verði til uppbyggingar á svæðinu til samræmis.
- Verslun og þjónustu sem hentar miðbæjarstarfsemi verði beint á miðsvæði.
- Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að hindra að mikilvæg gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista og/eða búsvæði fugla verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Miðbæjarsvæði eru sýnd með dökkgulum lit. Nýtingarhlutfall á miðbæjarsvæði skal almennt vera 0,7-1,5

## VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA

**3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.**

- Vöktun loft, vatns- og jarðvegsgæða

**11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.**

- Sveitarfélagið vinni á ábyrgan hátt að byggðaþróun.
- Sett verði mælanleg markmið í umhverfismálum.



---

## Þéttbýli

Nr.	Lýsing	Stærð
M1	<b>Klausturhlað,</b> Svæði við Klausturveg sem er að hluta til byggt. Á svæðinu er gert ráð fyrir verslun og þjónustu, þjónustustofnunum, s.s. skóla, leikskóla og sund og íþróttaaðstöðu auk íbúðarbyggðar. Byggingar skulu yfirleitt vera lágreistar og að jafnaði ekki fara yfir tvær hæðir. Lágreist yfirbragð dreifbýlisbyggðar. Frekar skilmálar um útliti bygginga, uppbyggingaráform og áfangaskiptingu verði settir í deiliskipulagi sex íbúðir er innan svæðisins í dag en gert er ráð fyrir að þær verði allt að 20.	11,0
	<b>samtals</b>	11,0 ha

# **SAMGÖNGUR**

## 6 SAMGÖNGUR OG AÐRIR INNVIÐIR

### Meginmarkmið

*Eitt af meginmarkmiðum Aðalskiplags Skaftárhrepps er  
að bæta samgöngur og stuðla að auknu umferðaröryggi,  
greiða fyrir vistvænum samgöngumánum*

Í vinnu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í Skaftárhreppi kom fram að innviðir var einn af helstu veikleikum Skaftárhrepps, til að mynda samgöngur, rafmagn og fjarskipti. Umferðarhegðun var einnig nefnd sem ein af ógnum í sveitarféluginu. Málauflokkurinn samgöngur tekur á vegamálum í sveitarféluginu, flugvöllum, þyrlupalli, lögnum og öðrum innviðum. Meðal helstu veikleika samfélagsins eru samgöngur, rafmagn og fjarskipti.

#### 6.1 Samgöngur

##### Almenn ákvæði

- Útrýma skal einbreiðum brúm.
- Takmarka þarf umferð um viðkvæm svæði.
- Aukin ferðabjónusta kallar á vegabætur innan sveitarfélagsins
- Kanna þarf möguleika á bættri aðstöðu fyrir flugumferð.
- Áhersla verði lögð á hjólagleiðir og öryggi hjólandi og gangandi umferðar.
- Gönguleiðir verði kortlagðar.
- Auka umferðaröryggi. Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum til að auka öryggi hestamanna og bílaumferðar.
- Stuðlað verði að notkun sjálfbærra samgöngutækja, s.s. með bættum innviðum fyrir rafvæðingu samgangna og betri og tíðari almenningssamgöngum.
- Marka þarf stefnu um aðgengi almennings að Lakasvæðinu og öðrum hálendissvæðum þar sem boðið er upp á þjónustu.

##### Heimsmarkið sem kaflinn snertir á:



## VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA

**7.2.** Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

- Rafvæðing samgangna.
- Uppbygging innviða.

**9.1** Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

- Treysta innviði.

**11.4** Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

- Sjálfbær samgöngutæki.

**13.2.** Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum stefnumótunum og skipulagi.

- Minnka losun CO<sub>2</sub>



Grunnnet samgangna eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, áætlunarflugvellir, helstu flugleiðir, hafnir og ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn á hafnir. Í samgönguáætlun á uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur að vera forgangsatriði til að samgöngukerfið uppfylli þarfir fyrir alla flutninga á fólk og vöru.

Mikilvæg fjárfesting er fólgin í uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins. Greiðar samgöngur eru lífæð byggðarlaga og forsenda búsetu í dreifbýli. Vegakerfið í Skaftárreppi hefur ekki verið byggt upp til að anna þeirri umferð sem þar fer um.

Auknum straumi ferðamanna hefur fylgt stóraukin umferð og álag á vegakerfi landsins árið um kring. Góðar samgöngur eru mikilvægar til að löggæsla og viðbragðsaðilar geti brugðist hratt og örugglega við. Vetrarþjónusta í Skaftárreppi hefur færst upp úr flokki 3 í flokk 2. Á síðustu fimm árum hafa orðið fimm banaslys í umferðinni þar sem níu létust og 17 alvarleg slys. Öryggi íbúa og vegfarenda skal ávallt vera í fyrirrúmi við skipulagningu innviða.

### 6.1.1 Stofnvegir

Samgöngur eru ein af grunnforsendum búsetugæða og undirstaða öflugra atvinnu-, þjónustu- og menntakjarna. Meginmarkmið samgönguáætlunar eru að samgöngur skuli vera greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

Þjóðvegir flokkast í stofnvegi, tengivegi, stofnvegi hálandis, landsveg og héraðsvegi. Héraðsvegir (safnvegir) og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulagsuppdætti.

Flokkun vega í Skaftárreppi skv. nýrri vegaskrá Vegagerðarinnar.

Stofnvegir sem eru hringvegurinn og upphafskafli Fjallabaksleiðar frá Ásum að Búlandi. Þaðan tekur við stofnvegur hálandisins að Jökuldölum og síðan áfram.

Afleggja á einbreiðar brýr á stofnvegum í Skaftárreppi.

Heiti og lýsing	Veghelgunarsvæði	Lágmarksfjarlægð bygginga
Klausturvegur		
Þjóðvegur 1	30 m	100 m
Skaftártunguvegur	30 m	100 m
Fjallabaksleið nyrðri	30 m	100 m

---

## 6.1.2 Tengivegir

---

Tengivegir eru utan þéttbýlis en svo að vegir flokkist sem tengivegur þarf hann að vera a.m.k. 2km langur og liggja frá stofnivegi til annars stofnvegs eða tengivegs, tengja landsveg við stofnveg, ná frá stofnvegi til þéttbýlis með <100 í íbúafjölda, liggja að flugvöllum og höfnum sem eru mikilvægar fyrir flutninga og ferðaþjónustu, liggja að ferjuhöfnum ef þangað liggur ekki stofnvegur, liggja að þjóðgörðum og innan þeirra sem og fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Í þéttbýli endar tengivegur við fyrstu þvergötu innan marka þéttbýlisins.”

Eftirfarandi vegir eru flokkaðir sem tengivegir í Skaftárhreppi:

Heiti og lýsing	Veghelgunarsvæði	Lágmarksfjarlægð bygginga
Vallavegur	15 m	50 m
Meðallandsvegur	15 m	50 m
Holtsvegur	15 m	50 m
Fjaðrárgljúfurvegur	15 m	50 m
Hrífunesvegur	15 m	50 m
Ljótarstaðavegur	15 m	50 m
Álfaversvegur	15 m	50 m
Hryggjavegur	15 m	50 m

---

## 6.1.3 Götur og stígar

---

Áfram verði unnið að því að tryggja öryggi vegfarenda innan þéttbýlis. Gert er ráð fyrir að innan miðsvæða verði skilgreindar vistgötur með lægri umferðarhraða. Áhersla verði lögð á hönnun göturýmis og gróðurnotkun til skjóls og fegrunar.

---

#### **6.1.4      Gönguleiðir**

---

Innan Skaftárhrepps er að finna fjöldann allan af gönguleiðum um byggð og hálandi. Í þessu aðalskipulagi eru aðeins sýndar megin gönguleiðir í þéttbýlinu og þær gönguleiðir sem hafa verið gerðir með styrkveitingum. Á skipulagsupprætti eru eingöngu sýndar megin gönguleiðir. Gönguleiðir eru mikilvægar fyrir almenning og ferðapjónustu á svæðinu.

Dverghamrar, gönguleið frá Fossi að Dverghömrum og að Fossánum. Mikilvægt að halda brúnni yfir Fossála eftir að nýr vegur verður lagður.

---

#### **6.1.5      Reiðleiðir**

---

Á skipulagsupprætti eru aðeins sýndar helstu reiðleiðir og að hluta til fylgja þær gömlum þjóðleiðum. Meginreiðleiðir tengja byggð og hálandi saman en einnig eru reiðleiðir milli byggða á svæðinu. Þessar leiðir eru mikið notaðar og unnið hefur verið að endurbótum á þeim. Þær eru allar mikilvægar fyrir vaxandi ferðapjónustu á skipulagssvæðinu. Í tengslum við reiðleiðirnar er gert ráð fyrir næturhólfum og skiptihólfum sem verður hluti af uppbyggingu við ferðamannastaði á hálandinu. Næturhólf eru skilgreind við Framgil, Lambaskarðshóla, Hrossatungur, Blágil og Miklafell. Gert er ráð fyrir skiptihólfum við Miklafell, í Brytalækjum, Álftavötn, Leiðólfssfell, Skuggafjöll og Blæng.

Eftirfarandi reiðleiðir eru á láglendi Skaftárhrepps

Reiðleið frá Kirkjubæjarklaustri yfir Skaftábrú og yfir í Landbrot.

Reiðleið í Landbroti og Meðallandi meðfram Meðallandsvegi.

Reiðleið meðfram Þjóðvegi 1 frá Kirkjubæjarklaustri til austurs.

Reiðleið meðfram Þjóðvegi 1 frá Kirkjubæjarklaustri til vesturs til Mýrdalsstands.

Reiðleið í Skaftártungu.

---

## **6.1.6 Hjólaleiðir**

---

Liggja meðfram þjóðvegi 1, Meðallandsvegi og Álftaversvegi, skilgreiningar eru í vinnslu.

---


## **6.1.7 Vegir í náttúru Íslands**

---

Samkvæmt reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands sem kveðið er á um í lögum um náttúruvernd skulu sveitarfélög gera skrá um vegi, innan sinna marka skv. 1. gr. Skráin skal tiltaka aðra vegi en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. náttúru-verndarlaga nr. 60/2013.

Vegirnir eru flokkaðir í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar sem er eftirfarandi:

F0	Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð.
F1	Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð.
F2	Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð.
F3	Torfær vegur, einungis fær stórum og vel útbúnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð.



Mynd 26 Vegir í náttúru Íslands í Skaftárhreppi.

Gögnin eru fengin úr samgönguþekju LMI (IS50V) og fjallskilanefndum. Þeir vegir sem falla undir ofangreinda flokkun eru sýndir á skýringarmyndum en þeir vegir og slóðar þar sem almenn umferð er óheimil eru ekki sýndir. Með aðalskipulaginu er unnið að flokkun vega í Náttúru Íslands, á sérgrunni.

## 6.1.8 Flugvellir

Í Skaftárreppi er einn flugvöllur á Stjórnarsandi, 800 m löng braut sem er sjónflugsvöllur í lengdarflokk 1 skv. skilgreiningu Flugmálastjórnar. Breidd öryggissvæðis er 30 m sitthvoru megin við miðlinu brautar og 30 m við hvorn enda. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er eigandi vallarins en rekstraraðili er Flugstoðir og ekki liggur fyrir að breytingar verði gerðar á lendingarstaðnum.

## 6.2 Veitur

Í gildi eru lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996 og er tilgangur þeirra að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra. Samkvæmt lögunum skulu raforkuvirkji, neysluveitur og rafföng vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim haldið við og eftir þeim litið að hætta af þeim fyrir heilsu og öryggi manna og dýra, svo og hætta á umhverfisspjöllum, verði svo lítil sem við verði komið.

### Almenn ákvæði

- Byggja upp innviði og bæta orkudreifingu.
- Ljúka lagningu þriggja fasa rafmagns alls staðar í hreppnum.
- Tryggja þarf að allur Skaftárreppur fái notið fullkominnar fjarskiptabjónustu. Tryggja háhraða nettengingu til allra heimila með fasta búsetu. 9)
- Raforkuvinnsla nýtist til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar á iðnaðar- og athafnasvæðum í Skaftárreppi.
- Lega núverandi stofnveitna er staðfest og sýnd á uppdrætti, þ.e. meginflutningskerfi raforku (66kV og stærri), ljósleiðarar og vatnsveitur fyrir þéttbýlið.
- Minniháttar veitumannvirki um s.s. dæli- eða tengistöðvum, allt að 100 m<sup>2</sup>, að stærð má koma fyrir án sérmerkingar í aðalskipulagi enda séu þau í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu samkvæmt skipulagsögum.

### VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA

#### 7.2. Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

- Uppbygging innviða.

#### 9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

- Treysta innviði.

---

## **6.2.1 Vatnsveitur**

---

Í Skaftárhreppi eru einungis tvær vatnsveitur, þ.e. Klausturveita fyrir þéttbýlið, Mörk, Geirland og Mosa auk aðliggjandi frístundabyggðar í Hæðargarði og svo Melhólsveita í Meðallandi sem þjónar 10 býlum. Inn hafa verið mæld vatnsból/borholur/lindir hjá mjólkurframleiðendum og ferðabjónustuaðilum.

---

## **6.2.2 Fráveitur**

---

Unnið er að hagkvæmustu lausnum varðandi fráveitumál í þéttbýlinu á Kirkjubækjarklaustri til framtíðar. Kortlagðar verða allar lagnir og rotþrær. Myndaðar hafa verið allar stofnlagnir og hluti af elsta dreifikerfi byggðarinnar. Í ljós kom að víða þarf að endurbæta, talsvert var af rótarskotum og lagnir skemmdar á þó nokkrum stöðum. Hvað rotþær varðar allar komnar á tíma endurnýjunar. Brýn þörf er að leysa fráveitukerfið heilstætt fyrir þéttbýlið, þar sem iðnaðarhverfið verður sett í forgang. Munu liggja fyrir á árinu 2022 áætlanir hvernig farið verður í endurlagnir/nýlagnir, nýjar rotþrær án siturlagna. Gerð verður áætlun um hversu hratt er mögulega hægt að vinna verkið. Áætlaður verktími er 3-4 ár eða á árunum 2022-2025.

Sveitarstjórn mun halda áfram að beita sér fyrir því að viðunandi hreinsibúnaður sé til staðar á öllum jörðum í dreifbýli ásamt frístundabyggðum.

Komið verður á reglulegri hreinsun/losun rotþróa í öllu sveitarféluginu og verður það verk boðið út. Hringrásarhagkerfið tekur yfir, m.a. seyran nýtt til áburðargjafar á uppgræðslu- og skógræktarsvæðum.

### **Almenn ákvæði**

- Að fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við þarfir samfélagsins og stefnt verði að því að mengun vegna skólps við strendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki.
- Að mengun í ám og stöðuvötnum vegna skólps verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útvistargildi.
  - Ekki er heimilt að reisa neins konar mannabústaði innan þéttbýlis né utan þess án þess að þeir séu tengdir við fráveitur eða rotþrær.
  - Gert er ráð fyrir því að öll frístundahús og heimili í dreifbýli sem eru í vegasambandi, en ekki með fráveitukerfi, verði tengd viðurkenndri rotþró.
  - Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999

- Að aðilar sem skila frá sér mikið menguðu frárennsli marki sér sameiginlega stefnu í samstarfi við sveitarfélagið um að hreinsa skólp innan lóðar sem síðan er leitt út í almennt kerfi sveitarfélagsins og út í viðtaka.
  - Að sveitarfélagið bjóði upp á aðstöðu til að meðhöndl seyru og nýta til uppræðslu.
- Þar sem um matvælaframleiðslu er að ræða skulu sérstakar ráðstafanir gerðar.
- 

### **6.2.3      Sorp – í átt að hringrásarhagkerfinu**

---

Árið 2020 var sett af stað tilraunaverkefni í sorpmálum í Skaftárreppi. Sorphirða, sorpförgun og meðhöndlun endurnýtanlegs úrgangs sérstaklega skoðuð. Að verkefninu standa auk Skaftárrepps, Resource International, Félagsvísendastofnun Háskóla Íslands og á seinni stigum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Margt jákvætt kom út úr tilraunaverkefni, helstu niðurstöðurnar eru þó þær að, í fyrsta lagi er fólk almennt tilbúið að flokka betur og taka þátt í nýjungum sem leiða til skilvirkara og hagkvæmara kerfis og í öðru lagi þá reyndist grenndarstöð í Fljóthverfi fá hvað jákvæðustu móttökurnar af þeim útfærslum sem í boði voru í tilraunaverkefni.

Á vordögum 2022 verða settar upp 5 grenndarstöðvar í dreifbýlinu, þ.e. í Fljótshverfi við Vallarveg, að Fossi á Síðu, í Meðallandi skammt vestan heimreiðar að Syðri-Fljótum, við Skaftaártungufljót móts við Hemru og í Álfaveri á móts við lögréttina. Stefnt er á að tæknivæða grenndarstöðvarnar fyrir lok árs 2022 með „borgaðu eins og þú hendir“-útfærslu (e.pay as you throw).

Gámavöllurinn verður grenndarstöð fyrir þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri sem og Landbrot og Síðu vestan Hörgsáar.

Á vordögum 2022 verður byggð flokkunarstöð/áhaldahús sem mun taka á móti sorpi til frekari flokkunar og úrvinnslu.

Skaftárreppur stefnir í áttina að hringrásarhagkefi í sorpmálum á allra næstu árum. Í sorpinu felast mörg tækifæri og verður vinnsla og flokkun færð heim í hérað og sem minnstur úrgangur fluttur burt. Þannig má virðisauka ferlið og búa til störf í héraði.

---

### **6.2.4    Rafveita**

---

#### **Almenn ákvæði**

- Að afhendingaröryggi raforku verði sambærilegt við önnur sveitarfélög á landinu.
- Að næg orka verði tiltæk fyrir íbúafjölgun og frekari uppbyggingu í atvinnulífi innan sveitarfélagsins.

- Að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst.
- Að stuðlað verði að bættri orkunýtni.
- Að neikvæð umhverfisáhrif vegna línlagna verði lágmörkuð.
- Flutningskerfið verði styrkt og rafmagn lagt í jörðu.
- Leggja skal áherslu á að velja bestu leiðina með tilliti til afhendingaröryggis en jafnframt hlífa umhverfi við neikvæðum áhrifum. Stefnt skal að því að raflínur verði lagðar í jörðu þar sem þess er kostur.
  - Meta þarf í hverju tilviki hvort heppilegra sé að línlur liggi í jörðu eða lofti. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Æskilegt er að línlur liggi meðfram vegum þar sem landi er þegar raskað. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.
  - Vararafstöð sem sinnir svæðinu skal staðsett í sveitarfélagini.
  - Háspenntar loftlínur skulu lagðar í öruggri fjarlægð yfir jörð, frá gróðri, öðrum línum, umferðarleiðum og byggingum. í samræmi við lög 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Fjarlægðir skulu ákværðast í samræmi við ákvæði reglugerðar um raforkuvirkni. Aðgengi til að sinna viðhaldi og viðgerðum á línumannvirkjum skal tryggt. Samráð skal haft við Landsnet varðandi framkvæmdir innan helgunarsvæða lína á vegum Landsnets.

Aðalskipulagsáætlunin staðfestir núverandi flutningskerfi Landsnets og dreifikerfi RARIK (Rafmagnsveitna Ríkisins). RARIK sér um smásölu á rafmagni í sveitarfélagini. Landsnet á og rekur flutningslínur sem eru reknar á 66 kV spennu og þar yfir. Í Skaftárreppi eru eftirtaldar flutningslínur:

Sigöldulína 4 (132kV) liggur frá Sigölduvirkjun og fer í megin dráttum Fjallabaksleið nyrðri að Skaftá og þaðan austur Síðuheiðar að Prestsbakka.

Prestsbakkalína 1 (132kV) liggur frá tengivirkinu á Prestsbakka til austurs að mestu samsíða hringveginum að Hólum í Hornarfirði.

Frá stöðvarhúsi við Hnútuvirkjun er gert ráð fyrir allt að 66 kV rafstreng í jörðu meðfram vegslóða og Hringveginum að tengivirkinu við Prestsbakka.

Orka frá Skálarvirkjun verður nýtt í iðnaðarstarfsemi á virkjunarsvæðinu og hluti fluttur um jarðstreng að núverandi 19 kV háspennulínu til Kirkjubæjklausturs.

Skipulagsáætlunin sýnir núverandi stofnveitur innan þéttbýlisins;

**Vatnsveita** - Stofnlögn vatnsveitu liggur frá vatnsbóli vestan við frístundabyggð í landi Hæðargarðs og þaðan í dæluskúr norðan hringvegar og áfram inn í þéttbýlið.

**Rafveita** - Háspennulínur sem liggja um þéttbýlissvæði eru allar undir 66 kV og eru því ekki skilgreindar á landnotkunarupprættinum.

---

## 6.2.5 Fjarskipti

---

### Fjarskiptasendar, sjónvarps- og útvarpssendar

Skipulagsáætlunin sýnir helstu fjarskiptasenda vegna flugumsjónar, sjónvarps- og útvarpssendinga

Í Skaftárhreppi eru eftirfarandi endurvarpsstöðvar sjónvarps og útvarps:

- Við Kirkjubæjklaustur.
- Við Hátún í Landbroti.

### Almenn ákvæði

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarféluginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi á hálendinu.
- Áframhaldandi uppbygging háhraðanets í sveitarféluginu.
- Tryggja skal að vararafstöðvar séu við alla senda þannig að skerðing á afhendingaröryggi hafi ekki áhrif á þessi öryggistæki

---

## 6.2.6 Orkuskipti

---

### Almenn ákvæði

- Að stuðla að framförum í loftlagsmálum.
- Að stuðla að uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í vegasamgöngum.
- Að stuðla að því að þrífösun nái útbreiðslu til sveita og hvetja þannig til orkuskipta til sveita.
- Að stuðla að nægu orkuframboði til orkuskipta.
- Hvetja til virkjunar bæjarlækja, allt að 200 kW án þess að breyta aðalskipulagi.
- Að stuðla að auknu orkuöryggi.
- Að stuðla að nægri fræðslu og að upplýsingar um orkuskipti séu aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins.

Ef skoðaðir verða möguleikar á stærri virkjunum verður ákvarðanataka alltaf háð breytingum á aðalskipulagi þar sem forsendur liggja ekki fyrir og slíkar virkjanir eru alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum og rammaáætlun.



# UMHVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ

## 7 UMHVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ

Landnotkunarflokkar eru: Náttúrvá, vötn, ár og sjór, vatnsból, strandsvæði, óbyggð svæði, varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir, friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, minjavernd, vatnsvernd og hverfisvernd.

### 7.1 Landslag og lífríki

#### Almenn ákvæði

- Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar.
- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins.
- Hverfisvernd verði notuð til að hlífa mikilvægum svæðum sem njóta ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd
- Í samræmi við 2. mgr. 13. gr náttúruverndarlaga skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar við framkvæmdir á náttúruverndarsvæðum.

Nýting og verndun náttúruauðlinda skal vera í samræmi við leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins sem og aðrar skuldbindingar landsins og sveitarfélagsins og taka mið af sjálfbærri þróun.

### 7.2 Óbyggð svæði (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útvist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

#### Almenn ákvæði

- Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.
- Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og því eru gangnakofar, veiðihús, reiðleiðir, vegir o.fl. afmörkuð sérstaklega með viðeigandi landnotkunarflokk.

Meirihluti sveitarfélagsins er skilgreindur sem óbyggð svæði, t.a.m. nánast allt land ofan 300 m y.s. Ýmsar takmarkanir eru á landnotkun á óbyggðum svæðum, svo sem vegna náttúrvá, náttúru-, vatns- og minjaverndar. Slík notkun er þá sýnd með strikum ofan á þeim lit sem tákna óbyggð svæði. Önnur tákna eru einnig sýnd á óbyggðum svæðum, svo sem vegir, gönguleiðir, veitur o.s.frv.

## **7.2.1 Stakar framkvæmdir á óbyggðum svæðum**

Í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir (að 200 kW), litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur (að 25 m. hæð miðað við spaða í hæstu stöðu) o.p.h. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.“

Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi. Einnig geta framkvæmdir í flokki B verið tilkynningarskyldar, sbr. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Mörkuð er sú stefna að ekki þurfi að gera grein fyrir virkjunum undir 200 kW í aðalskipulagi og eru þær því ekki sýndar á aðalskipulagsuppdrætti. Virkjun getur verið sólarsellur, vindmylla (allt að 25 m há miðað við spaða í hæstu stöðu) eða vatnsaflsvirkjun ásamt því sem nýtingu fylgir s.s. stífla, miðlunarlón, lagnir, vegslóðar og allt að 20 m<sup>2</sup> stöðvarhús. Allar framkvæmdir vegna virkjana eru háðar leyfisveitingu sveitarfélagsins. Smávirkjanir sem hafa uppsett afl undir 200 kW kunna þó einnig að vera tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar ef þeim fylgja framkvæmdir sem geta fallið undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2001. Bygging nýrra virkjana 200 kW eða stærri krefst breytinga á aðalskipulagi enda kunna þær að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar samkvæmt flokki B í lögum um mat á umhverfisáhrifum, liður 3.22.

Upplýsinga- og þjónustusvæði. Heimilt er að byggja upp áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. vegin, göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti, áningaráhólf fyrir hesta og byggja allt að 35 m<sup>2</sup> aðstöðuhús fyrir snyrtiaðstöðu og/eða aðstöðu fyrir eftirlitsaðila.

Jöklar sem merktir eru á skipulagsuppdrætti sem slíkir flokkast sem óbyggt svæði.

Heimilt er að nýta jarðhita og vatnsból til eigin nota þar sem það er mögulegt.

## 7.3 Náttúrvá (NV)

---

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

### Almenn ákvæði

- Að íbúar sveitarfélagsins búi við öryggi m.t.t. náttúrvá.
- Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúrvárvá.
- Að eignir verði sem best varðar fyrir náttúrvá.
- Öll íbúðarhús og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á ofanflóðahættusvæðum.
- Nýting á hættusvæðum skal vera í samræmi við löggjöf um ofanflóð og ofanflóðahættu.
- Stuðlað skal að öryggi fólks með fyrirbyggjandi áætlunum, viðbragðsáætlunum og góðu streymi upplýsinga til íbúa og atvinnulífs.
- Í skipulagsgerð skal leggja áherslu á að afla góðra grunngagna um náttúrvá og leita álits hjá viðkomandi fagaðilum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúrvárvá.

Vöktun umhverfis eins og tilefni gefst til, svo hægt sé að skilja umhverfisbreytingar og áhrifin sem þær geta haft á umhverfið og auðlindirnar.

---


### 7.3.1 Ofanflóð

---

Hættumat fyrir ofanflóð á Kirkjubæjarklaustur sem var staðfest 10. febrúar 2010 var unnin af Veðurstofu Íslands á vegum Hættumatsnefndar Skaftárhrepps. Umhverfisráðherra skipaði nefndina 22. janúar 2008 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Rannsóknir og upplýsingasöfnun eru nauðsynlegar forsendur hættumats.

Stuðst hefur verið við samræmdir aðferðir og vinnureglur á þeim stöðum sem hætta á ofanflóðum hefur verið til staðar. Á Kirkjubæjarklaustri eru aðstæður hins vegar frábrugðnar dæmigerðum snjóflóðafar-vegum ofanbyggðar annars staðar. Því var ekki unnt að beita sömu aðferðum og tíðkuðust annars staðar heldur var stuðst við sérstakar viðmiðunarreglur fyrir snjóflóðahættumat undir lágum brekkum, líkt og á Kirkjubæjarklaustri. Í þeim eru áhættureikningar fyrir hefðbundna snjóflóðafarvegi lagaðir að slíku landslagi þar sem fallhæð snjóflóða er einungis nokkrir tugir metra og þau ná því að sama skapi minni hraða en ella. Hættumatið fyrir Kirkjubæjarklaustur byggist engu að síður að miklu leyti á mati á aðstæðum þar, í samræmi við aðferðafræði reglugerða umhverfisráðuneytis um hættumat.



#### Áhættusvæði A, B og C mörkuð með jafnáhættulínum

Mynd 27. Hættumatskort fyrir Kirkjubæjarklaustur. Skyggða svæðið innan punktalínunnar sýnir athugunarsvæðið. (Veðurstofa Íslands).

Helstu niðurstöður hættumats fyrir þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri:

- Hætta er á snjóflóðum, aurskriðum, grjóthruni og klakahruni næst hlíðinni ofan þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri. Hún er tiltölulega lítil miðað við flesta aðra þéttbýlisstaði þar sem talin

Þrenns konar hættusvæði eru mörkuð á grundvelli mats á líkindum þess að ofanflóð falli a byggð eða nálægt henni. Í reglugerð umhverfisráðherra er miðað við svokallaða **staðaráhættu** sem skilgreind er sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrku einbýlishúsi. Staðaráhætta svæða **A**, **B** og **C** er gefin hér upp sem tölfræðileg líkindi þess að týna lífi í ofanflóði. Þess má geta að dánarlíkur í ofanflóði á mörkum A- og B-svæða teljast svipaðar og hltta að farast í umferðarslysi á Íslandi.

**A-svæði:** Staðaráhætta á bilinu 0,3-1 af 10.000 á ári.

**B-svæði:** Staðaráhætta á bilinu 1-3 af 10.000 á ári.

**C-svæði:** Staðaráhætta meiri en 3 af 10.000 á ári.

er hætta á ofanflóðum og engin C-svæði (mest áhætta) eru skilgreind í hættumatinu fyrir Klaustur. Skilgreind eru tvö hættumatssvæði á Klaustri;

**Hættusvæði A** sem er skilgreint meðfram allri hlíðinni og hættusvæði Á A-svæði eru sjö íbúðarhús við Skerjavelli og Skriðuvelli, Gistiheimilið Klausturhof, eitt gömlu bæjarhúsanna á Klausturhlaðinu og útihús við Kirkjubæjarklaustur II.

**Hættusvæði B** vegna snjóflóðahættu er skilgreint við sláturhúsið og Skerjavelli. Á B-svæði eru fjögur íbúðarhús við Skerjavelli og hluti gistiheimilis Klausturhof við Klausturveg. Ekki gert ráð fyrir nýjum atvinnu- eða íbúðarhúsum innan þess.


### 7.3.2 Flóð

Samkvæmt skýrslu Veðurstofu Íslands, *Hættumat vegna jökulhlaupa í Skaftá - Hermun flóðasviðsmynda*, þar sem unnið var hættumat vegna Skaftárhlaupa með þann tilgang að gera samfélagið betur í stakk búið til þess að takast á við næstu Skaftárhlaup og draga úr tjóni af þeirra völdum er flóðahætta ekki mikil á svæðinu, sjá Mynd 28.




Mynd 28. Útbreiðsla hlaupvatns í byggð (Emmanuel Pagneux o.fl., 2018b). Gert er fyrir írennsli í nágrenni Ásakvísla. Stækkun útbreiðlusvæðisins milli svíðsmyndanna verður að mestu við Meðalland. Ekki var unnt að meta útbreiðlu hlaups á Eldhrauni, sunnanmegin við þjóðveginn, í Tungulæk og Grenlæk þar sem írennslið er háð grunnvatnsstöðu og hve mikið fyrri hlaup hafa fyllt hraunið. Kartagrunnur: Landmælingar Íslands. Heimild: Davíð Egilsson o.fl. 2018.

Svæði undir verslun og þjónustu er að hluta undir skilgreiningu um litla hættu og íbúðasvæði eru ekki mörkuð undir flóð.



Mynd 29. Tjónmætti hlaupa við Kirkjubæjarklaustur, byggt á niðurstöðum líkanreiknaðrar sviðsmyndar við 6000 m<sup>3</sup>/s rennsli (Emmanuel Pagneux o.fl., 2018b). Rauði liturinn sem merktur er á myndinni gefur til kynna mikið vatnsdýpi og/eða mikinn vatnshraða en hefur ekki beina tilvisun í skaða á mannvirkjum. Kartagrunnur: Landmælingar Íslands.



Mynd 30. Áhrif flóða á grunnvatnsstöðu í Eldhrauni (Matthías Ásgeir Jónsson o.fl., 2018). Helmingur mælinga hvers mánaðar í borholu SK-7er innan hvítu kassanna. Appelsínugul lína sýnir miögildi og 99,3% gagna er innan svörtu bilanna. Hlaupið 2010 varð á mánaðar mótmum júní–júlí. Heimild: Davíð Egilsson o.fl. 2018.

Flóð hafa mikil áhrif á grunnvatnsstöðu, eins og sést á mynd 29, en grunnvatnsstaðan á þeim tíma sem flóðið verður, ásamt yfirborðspéttingu og grophlfutfall (holrýmd) hraunanna, mun ráða mestu um magn vatns sem hripar niður í hraunið. (Davíð Egilsson o.fl., 2018)

Viðbragðsáætlun vegna annarra náttúruhamfara svo sem eldsumbrota fellur undir aðgerðaráætlanir sveitarfélagsins í

þeim málum. Veðurstofa Íslands gerði ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

### 7.3.3 Loftslagsbreytingar og sjávarrof

Í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030 verði dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlað að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamkomulagsins og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040.

#### Almenn ákvæði

- Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að stuðla að minni umferð og bættri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi.
- Að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin með endurheimt votlendis, endurheimt náttúruskóga, skógrækt og landgræðslu í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins. Nánar er fjallað um þetta í kafla um landbúnað.
- Stuðla að orkuskiptum í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum.
- Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.
- Að rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð.
- Að ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er.
- Að meðhöndlun úrgangs verði til fyrirmynadar og íbúum og fyrirtækjum gert kleift og þeir hvattir til að lágmarka úrgang og flokka til endurvinnslu það sem til fellur.

## 7.4 Vatnsvernd

Skilgreind eru brunn-, grann- og fjarsvæði sem sýnd eru á aðalskipulagsuppdraðtti.

Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skulu höfð til grundvallar við ákvarðanatöku er varðar vatnsvernd í sveitarfélagini en markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Ýmsar mannlegar athafnir geta haft neikvæð áhrif á lífríki í straum- og stöðuvötnum, s.s. vatnsmagn, samfellu og tíðni og hraða rennslisbreytinga. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap

#### Almenn ákvæði

- Að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmynadar.
- Mengun í ferskvatni verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki óæskileg áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útvistargildi.

- Beina skal framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Tryggja skal að óæskileg mengun frá iðnaðarsvæðum berist ekki í jarðveg eða vatn.
- Vatnsverndarsvæði eru afmörkuð á skipulagsupprætti.

Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Á grannsvæði er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefnir til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Veglagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Á fjarsvæði vatnsbóla þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

## 7.5 Vatnsból (VB)

Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

NR	Staður	Staðsetning	Gerð	Dæling	Starfsleyfi fyrst gefið út
VB1	Hraungerði	á bæjarhlæði	brunnur	já	2006
VB2	Þykkvabæjarklaustur		Borhola		2004
VB3	herjólfsstöðum	á túni fyrir neðan bæinn	brunnur	já	2006
VB4	Holti		lind	já	2006
VB5	Jórvík (Fellur inann Skálmarbæjar)				
VB6	Efri ey 2 og 3		Borhola		
VB7	Grund				
VB8	Melhóll				
VB9	Hrífunes				
VB10	Hrífunes				
VB11	Hrífunes				
VB12	Hrífunes				
VB13	Flaga I g II				
VB14	Hemra veiðihús				
	Tungusel	Staðsetningu vantar	borhola		
VB15	Hemrumörk				
VB16	Ytri Ásar		lind	nei	2004
VB17	Austurhlíð	Borgargil	lind		2006
	Úthlíð	Staðsetningu vantar	lind		
VB18	Múli	Í landi Múla	lind	nei	2006
VB19	Giljaland				

	Borgarfell	Staðsetningu vantar	lind		
VB20	Snæbýli 2 og 3	í fjallshlíð ofan við bæinn	lind	nei	2006
VB21	Snæbýli				
VB22	Búland	Hjartarfell			2006
VB23	Hunkubakkar				
VB24	Syðri Steinsmýri	í túninu	borhola	já	2004
VB25	Eystra Hrauni	við túnjaðar	borhola		2006
VB26	Seglbúðir	neðan við bæinn	lind	já	2009
VB27	þykkvabær		lind	já	2004
VB28	Hraunkot		lind	já	2004
VB29	Fagurhlíð		lind	já	2006
VB30	Efri-Vík	Í Víkurhólum.	borhola		
VB31	Geirland		borhola		
VB32	Prestsbakki				2004
VB33	Keldunúpur	í fjalli ofan við bæinn	lind	nei	2004
VB34	Múlakot				2004
VB35	Hörgsland	austan við summarhúsabyggðina að Hörgslandi	borhola		2013
VB36	Slétta				2004
VB37	þverá	Stekkatún	lind	nei	2004
VB38	Dalshöfði				2004
VB39	Núpar				
VB40	Hvoll				
VB41	Kálfafell I B				2004
VB42	Kálfafell II				2004
VB43	Skál	Eldhraun	borhola		
VB44	Efri-Vík	Efri-Vík	borhola		
VB45	Hæðargarður	Hæðargarður	borhola	já	
VB46	Orustustaðir	Orustustaðir	borhola		

## 7.6 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó

### Almenn ákvæði

- Að vatnsgæði við ár, vötn og sjó verði ávallt til fyrirmynadar.
- Notkun og losun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi.
- Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi, m.a. þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma, hverfi með öllu.
- Stefnt er að því að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samráði við sveitarfélagið, flokki vatnasvæði í sveitarfélagini og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999 m.s.br., er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Samkvæmt reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt

yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtíma markmið fyrir vatn. Einnig skulu höfð til hliðsjónar ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem og vatnaáætlun 2022-2027 (drög til kynningar), sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd.

Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns.

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarféluginu hefur ekki farið fram fyrir sveitarfélagið í heild. Í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns og skipulagsreglugerðar verða sett langtíma markmið um ástand strandsvæða. Um vatnasvæði gilda eftirtalin ákvæði til varnar mengun:

1. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem skólpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þynningarsvæði nái ekki að strönd.
2. Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útvistargildi.
3. Öll byggð skal nota viðurkenndar rotþrær með tveggja þreppa hreinsibúnaði.
4. Stefnt er að því að sveitarstjórn í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarféluginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

## 7.7 Strandsvæði

---

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

### Almenn ákvæði

- Staðinn verði vörður um vistkerfi á strandsvæðum.
- Fjörur verði hreinar og aðgengilegar, þar sem því verður viðkomið.
- Við uppbyggingu útvistaraðstöðu verði gætt að álagi á lífríki og ástand viðkvæmra staða vaktað.
- Hvatt verði til samvinnu um árlega hreinsun á fjörum.

## **7.8 Friðlýst svæði**

---

### **Almenn ákvæði**

- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.
- Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru friðlýst eða eru á náttúruminjaskrá.
- Deiliskipulög innan friðlýstra svæða verði unnin í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem stofnunin annast umsjón og rekstur á friðlýstum svæðum.
- Ávallt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan friðlýstra svæða.
- Skipulagstillögur skulu ávallt vera í samræmi við friðlýsingarskilmála friðlýstra svæða.

Flokkar friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 m.s.br. eru eftirfarandi:


- Náttúrvé.
- Óbyggð víðerni.
- Þjóðgarðar.
- Náttúrvætti.
- Friðlönd.
- Landslagsverndarsvæði.
- Verndarsvæði með sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Náttúruminjar í hafi.
- Fólkvangar.
- Svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.
- Heil vatnakerfi.

Skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er náttúruverndarsvæðum skipt í þrennt:

- a. Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. gr.
- b. Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.
- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar skv. öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Í Skaftárhreppi eru eftirfarandi svæði friðlýst;

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
<b>FS1</b>	Kirkjugólf, Skaftárhreppi	0,2
<b>FS2</b>	Gervigígar í Álfaveri, Skaftárhreppi, friðlýst svæði A.	3650
<b>FS3</b>	Dverghamrar, Skaftárhreppi, V Skaftafellssýslu	2
<b>FS4</b>	Vatnajökulsþjóðgarður, heildarstærð þjóðgarðsins er 1.400.000 ha en stærð hans innan Skaftárhrepps er 214518 ha.	214518
<b>FS5</b>	Vatnasvæði Hólmsára, friðlýst á grundvelli Rammaáætlunar þann 26. ágúst 2021. Efsti hluti vatnasviðs Hólmsára friðlýstur gegn orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd og sbr. ályktun Alþingis nr. 13/141, frá 14. janúar 2013. Verndarsvæðið er 19600 ha að stærð en 13357 ha þess er innan Skaftárhrepps.	
<b>FS6</b>	Vatnasvið Tungaára var friðlýst gagnvart orkuvinnslu þann 30. ágúst 2021 á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd og sbr. ályktun Alþingis nr. 13/141, frá 14. janúar 2013. Verndarsvæðið er 108660 ha að stærð en innan Skaftárhrepps er verndarsvæði 44859 ha.	



**Mynd 31. Friðlýstsvæði og svæði með aðra náttúruvernd.**

## 7.9 Önnur náttúrvernd (ÖN)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúrvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

### Almenn ákvæði

- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.
- Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar.
- Gætt skal að verndun víðerna.
- Áframhaldandi kortlagning mikilvægra svæða sem hafa ekki þegar verið skráð í samráði við landeigendur.
- Forðast skal að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna nema brýna nauðsyn beri til.

### Aðrar náttúrminjar

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
ÖN1	Núpsstaður, Núpsstaðarskógar og Grænalón, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul. (2) Sérstætt svæði vegna náttúrufars og fegurðar. Söguminjar, gamlar byggingar.	96430
ÖN2	Fjaðrárgljúfur, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur í móbergi.	28
ÖN3	Grenlækur, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangshólma og Stararflóði milli Grenlækjaróss og Þykkvabæjar. (2) Víðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf.	1292
ÖN4	Steinsmýrarflóð, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn. Mikið fuglalíf.	2040
ÖN5	Skálarheiði, Rauðhóll, Bunuhólar og Hálsagígir, Skaftárreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Til austurs ræður lína sem hugsast dregin um Innra-Hrútafjall, Fremra-Hrútafjall og Holtsborg. Að öðru leyti afmarkast svæðið af línu úr 374 m hæðarpunkti í Hellnamýri í topp Kanafjalla og síðan eftir Lambshagaá til ármóta við Skaftá.	13507

	Frá ármótum liggja mörkin í beina línu sem hugsast dregin um Árhól suður að þjóðvegi nr. 1 og fylgja síðan þjóðveginum til austurs að Dyngjum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi. Gjallgígaraðir frá nútíma. Rauðhóll er afar sérstakur rauður gjallgígur sem stendur um 80 m yfir umhverfið. Hálsagígir eru gjall- og klepragígar á um 3 km langri gígaröð frá nútíma	
ÖN6	Eldgjá, V-Skaftafellssýslu. (1) Eldgjá á Skaftártungafrétti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. Til norðausturs ræður lína úr Gjátindi í Skaftá á móts við Skælinga. Til austurs ræður Skaftá niður að brú á Syðri-Ófæru og þaðan lína um hátind Bláfjalls suðvestur í Öldufell. Til vesturs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk. (2) Eldgjá er hluti af um 40 km langri gossprungu sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útvistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.	12032
ÖN7	Grænifjallgarður, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjallgarðurinn á milli Tungnár og Eldgjár. Til norðvesturs ráða Tungná og austurmörk Friðlands að Fjallabaki. Til suðurs ræður lína úr Torfajökli austur í Svartahnúk. Til austurs og norðurs ráða norðvesturmörk svæðis nr. 706 og lína úr Gjátindi í Sveinstind og þaðan í Jökulvatn. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útvistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.	42978
ÖN8	Emstrur og Fjallabak Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Landsvæðið á milli Friðlands að Fjallabaki annars vegar og Þórsmerkur og Mýrdalsjökuls hins vegar. Til vesturs ræður lína úr Jökulöldum um Þórólfssfell og Smáfjöll í Vondubjalla. Til austurs og norðurs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk og þaðan í Torfajökul. Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði s.s. svæði á náttúrumínjaskrá eða falla undir 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Samkvæmt náttúruverndarlögum 37. gr. „sérstök vernd“ segir	5624
ÖN9	Núpsstaðaskógur er í landi Núpsstaðar sem er austasti bær í Skaftárhreppi og stendur við Lómagnúp. Litt snortinn og allstór birkiskógur með fjölbreyttum gróðri í svipmiklu landslagi. Beggja vegna gilsins sem Núpsá rennur um eru skógartorfur	1565

	með háum trjám í hvömmum og neðan til í brekkum, en lágvaxnara kjarr ofar í brekkum og inn með gilinu.	
ÖN10	Skeiðarársandur sandurinn milli Skeiðarárjökuls og sjávar. Að sunnanverðu um fjöru frá Núpsvötnum í vestri austur fyrir ósa Skeiðarár. Þaðan upp undir Goðafjall og að norðan liggja mörkin sunnan Háöldu og vestur að Núpsá.	15720
ÖN11	Steinsmýrarfljóð og Grenlækur er svæði sem samanstendur af Tungulæk, Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl frá upptökum ásamt 200 m nærsvæði til beggja handa, og neðan hrauns landsvæði í Landbroti frá Skaftá í norðri til suðurs að Eldvatni. Fjölbreyttar land- og vatnavistgerðir þar sem eru víðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Í Grenlæk er einn af stærstu sjóbirtingsstofnum landsins og vatnalíf er auðugt. Í lindum hafa fundist grunnvatnsmarflær.	7824
ÖN12	Kúðafljót er svæði sen nær yfir ósa Kúðafljóts ásamt 1 km fjöru til austurs og vesturs, eftir því sem árfarvegur er hverju sinni. Allt að 26% af landselum Suðurlands og 5% af heildarstofninum liggja í látrum við ósa Kúðafljóts. Landsel hefur fækkað um 56,4% á svæðinu frá 1980. Eitt helsta skúmavarp landsins og nær það alþjóðlegum verndarviðmiðum. Á svæðinu voru taldir yfir 400 selir á árunum 1980 til 1992 en árið 2017, þegar síðast var talið, voru þar 130 landselir. Á Skeiðarársandi eru jafnframt umfangsmikil útselslátur með 56% af heildarkópaframleiðslu ársins 1988. Þegar síðast var talið voru þar 99 útselskópar en árið 1985 voru taldir 506 kópar.	4430
ÖN13	Lauffellsmýrar eru votlendissvæði sunnan við Blágil og jaðar Skaftáreldahrauns á Síðumannafrétti. Norðaustur og efsti hluti svæðisins liggur skammt vestan Lakavegar, norðvesturjaðar fylgir Skaftáreldahrauni suður undir Eyrarhólm og Árnagil, fylgir síðan brekkurótum Markhnúks og Lauffells til norðausturs að Lakavegi. Víðáttumestu rimamýrar á landinu og sjaldgæf vistgerð. Rimamýrar einkennast af áberandi mynstri langra rima og forblautra flóalægða og tjarna á milli sem liggja þvert á eða lítilsháttar í sveig undan landhalla. Á rínum vex mólendis- og deiglendisgróður en flóagróður í lægðum. Rimamýrar eru fremur frjósamar og fuglalíf þeirra er talið allríkulegt.	5581

ÖN14	Hólmsá ofanverð, frá Framgili norðan Atleyjar upp að Hólmsárlóni, sem og lónið ásamt landsvæði upp frá því og Stóralæk austur af Háoldu. Staðbundin bleikja að Hólmsárfossi, en án virðist fisklaus þar fyrir ofan. Fjölbreytt vatnakerfi með lindarlækjum auk jökulvatns.	964
ÖN15	Torfajökull er svæði sem afmarkast fyrst og fremst af fjallabálki þar sem víða er jarðhiti við yfirborð. Svæðið nær frá Stóra-Melfelli í norðri og suður að Útigönguhöfða. Vestan til nær svæðið að Rauðufossafjöllum og til austurs að Illakambi og Hólmsárbotnum. Jarðhitavistgerðir eru fjölbreyttar á svæðinu og setja allmikinn svip á það. Til staðar eru jarðhitavistgerðirnar fjórar og í þeim þrífast háplöntutegundirnar grámygla og naðurtunga sem einungis finnast við jarðhita. Töluvert yfirborðsvatn er á svæðinu sem er fremur sjaldgæft á háhitasvæðum. Víða eru því jarðhitalækir og er fjölbreytni þeirra mikil m.t.t. efna- og eðlisþátta og endurspeglast það í lífríki þeirra. Af öðrum mikilvægum vistgerðum finnst starungsmýravist á svæðinu.	2106
ÖN16	Veiðivötn – Vatnsöldur liggur að Vatnajökulsþjóðgarði til norðausturs. Liggur að Tungnaá til suðausturs og suðurs að Krókslóni, Þórisvatni og Köldukvísl í norðvestri. Eldstöðvakerfi Bárðarbungu er mesta eldstöðvakerfi landsins. Það liggur yfir miðju heita reitsins og segja má að þar liggi mið-Atlantshafshryggurinn í gegn um heita reitinn. Í þessu kerfi hafa runnið mörg af mestu hraungosum landsins á nútíma. Mjög áhugavert samspil við Torfajökulsmeigineldstöðina. Jarðminjasvæðið er einstakt á heimsvísu og hefur bæði mjög hátt ví sindagildi og fræðslugildi. Svæðið er heildstætt, lítt raskað og hefur þannig hátt gildi sem landslag. Þar er mikil víðernisupplifun.	4046

## 7.10 Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar, friðlýst hús og þekktar minjar eldri en 100 ára sem ákveðið hefur verið að setja takmörkun á landnotkun um að höfðu samráði við Minjastofnun.

- Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Í skógræktaráætlunum verði 100m friðhelgunarsvæði friðlýstra fornminja og 15m friðhelgunarsvæði annara fornminja virt.
- Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár. Jafnframt skal leitast við að verja minjar fyrir ágangi sjávar.
  - Varðveita skal gömul hús sem hafa á einhvern hátt verndargildi.
  - Íbúar og gestir geti notið þeirrar menningar og sögu sem búsetuminjarnar geyma.
  - Beina skal framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi forninja frá minjastöðum eins og kostur er, en að öðrum kosti skal tilkynna Minjastofnun um framkvæmdir með góðum fyrirvara.
  - Leitast skal við að merkja minjar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þær verði skemmdar.
  - Varðveita skal, eins og kostur er, gamlar byggingar í þéttbýli og dreifbýli sem hafa verndargildi. Vernda skal staði og svæði sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum en einnig mannvirki sem tengjast fornu verklagi eða tækni. Minjar um byggð, menningu og atvinnusögu svo sem búskaparhætti skal varðveita. Dæmi um þetta eru úthús, almenningsréttir, túngarðar, heimarfstöðvar, eyðibýli sem setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Viðhalda má gömlum göngu- og reiðleiðum, stikum og vörðum sem eru í notkun.
- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélagini verði efla en leitast skal við að upplýsa íbúa og gesti svæðisins um menningarsöguleg verðmæti með merkingum og öðrum upplýsingaveitum. Þannig er stuðlað að aukinni vitund fólks og bættri umgengni um þessi verðmæti. Vinna þarf með aðilum í ferðaþjónustu að þessum verkefnum.
- Aðalskráning fornleifa fari fram í áföngum og verði lokið eigið síðar en 2028.

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, t.d. fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Þjóðminjar eru jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Samkvæmt sömu lögum eru fornminjar annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru þeir lausamunir sem eru 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Fornleifar eru hins vegar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Samkvæmt lögum um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Hér er fjallað um two flokka minjavérndar sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012; (i) friðaðar og friðlýstar minjar. Allar fornleifar, hús og mannvirki, 100 ára og eldri eru friðaðar og er óheimilt að hagga við þeim án leyfis Minjastofnunar Íslands. Um friðlýstar minjar gilda strangari verndarákvæði og flokkast þær sem þjóðminjar.

### **7.10.1 Friðlýstar minjar**

Í sveitarféluginu er fjöldi friðlýstra minja. Minjarnar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsuppdrætti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim helstu og þau vernduð í flokki hverfisverndar. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir í 3. gr. að „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklum, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, ”. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar. Á deiliskipulagsstigi fari fram fornleifaskráning en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi, skógrækt o.fl. Í töflu hér á eftir er samantekt úr friðlýsingartexta. Minjarnar eru talðar upp eftir býlum eða örnefnum og er tilvísun í skrána. Tilgreint er ef minjarnar eru þinglýstar. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunarupplifunnum og eru langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

#### **Friðlýstar fornleifar í Skaftárhreppi:<sup>4</sup>**

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
<b>Þéttbýli</b>		
MV1	Kirkjubær	Rústir Kirkjubæjar, þar sem bærinn stóð áður. Sbr. Árb. 1894: 20. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931. Sýndur á þéttbýlisupplifunnum.  Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Kirkjubær 1b. Skúr byggður 1922.
<b>Dreifbýli</b>		
MV2a	Búland	a. Fornar tóftir Erlendsstaða, sunnantic austan í Þorleifsstaðafjalli. Sbr. Árb. 1909: 16. b. Hróðnýjarrústir, í halllendi mótt suðri fyrir sunnan Rjettarfell. Sbr. Árb. 1909: 16. c. Dysjar við Granagil, að sunnanverðu við Meltunguá. Sbr. Árb. 1895: 16-42; Árb. 1909: 18 (með upplifunnum). Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 01.06.1931. <sup>4</sup>
MV2b	Búland	Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Fjós frá 1927. Fjárhús, hlaða, geymsla frá 1930.
MV3	Foss III	Akurgirðingar miklar, fornar, í brekkunni vestur frá bæjarlæknum. Sbr. Árb. 1909: 10. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931.

<sup>4</sup> Texti úr *Skrá um friðlýstar fornleifar*, 1. útgáfu, 1990. Fornleifaneftnd.

		Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Geymsla frá 1930 Foss IIIb sumarbústaður frá 1910.
MV4	Hemra	Fornrústir og forn garðlög sunnanundir Hemruhól. Skjal undirritað af MP 25.10.1931. Þinglýst 01.06.1931.  Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Íbúð frá 1933,
MV5	Holt	Rústir fornþýlisins Böðmóðstungu; þær eru svo sem stekkjarvegi fyrir vestan bæinn, á bala milli lækja tveggja niður undir Skaftá. Sbr. Árb. 1909: 11-12 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 29.06.1931.  Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Fjárhús og hlaða byggð 1932. Holt 1 Fjárhús, hlaða frá 1928 Holt 2 fjárhús frá 1930
MV6	Hrífunes	I) Allar rústir á svonefndri Hestatorfu, sem er á tanganum milli Krákugils og Kötlugils. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966. II) Grónar tóftir af aflöngu húsi (skála?) og stórum hring nyrzt á svokölluðu Langarofni, beint austur af háum hól, Lambhúshól, sem aftur er beint austur af Hrífunesbæjum þar sem þeir eru nú (1981). Skjal undirritað af PM . 16.12.1981. Þinglýst 05.01.1982.
MV7	Leiðvöllur	Búðarrústir á hinum forna Leiðvallarpíngstað, sem er í fagurri dalhvít við Kúðafljót, vestur frá bænum. Liggur gata frá honum að Fljótinu um sunnanverða hvilftina, og eru flestar búðartóftirnar fyrir norðan þá götu. 84 Sbr. Árb. 1894: 16-18 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 30.05.1931.
MV8	Núpsstaður	Gamalt bænahús með garði í kring. Sbr. Árb. 1909: 9; Bruun 1928: 383-384. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931. Aftur tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 28.03.1961. Ekki þinglýst. Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Hlaða frá 1895, 3 hlöður, 2 geymslur, 3 fjárhús og smiðja, byggt 1900. Tvö fjárhús, hesthús og þrjár geymslur byggt 1925, íbúð byggð 1906, hlaða frá 1930.
MV9	Rauðaberg	a. Rústaleifar eyðibýlisins Lundar, á hraunhól langt ofan með Djúpá. b. Forn rúst í nál. miðjum suðausturjaðri Rauðabergshrauns, hjá hól þeim, er Rofhóll kallast. Sbr. Árb. 1910: 28-32; Bruun 1928: 150-151 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931.  Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Rauðaberg 2: geymsla byggð 1920, Fjárhús byggt 1930, Rauðaberg 1: fjárhús byggt 1900.
MV10	Seglbúðir	a. Fornar búðatóftir, flestar óglöggar, á 2 uppgrónum hraunnefjum fyrir austan gilið, sem er gljúfragjá inn með túninu að austan. b. Fornir sáðgarðar, sem eru sunnaní 3. og 4. hraunnefinu frá gilinu talið. c. Bæjarrústir þar sem gamli bærinn hefir staðið, vestanundir framendenum á Bæjkarkletti, við mynni gilsins. 86 Sbr. Árb. 1909: 6-8 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931.
MV11	Skaftárdalur	Rústir fornþýlisins Leiðólfssfells, sunnanundir fellinu austantil. Sbr. Árb. 1909: 1314 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931.

MV12	Ytri-Dalbær	Allar minjar um byggingar, þar sem Dalbær stóð, áður en Eldhraunið grondaði honum 1783. Skjal undirritað af KE 18.10.1966. Þinglýst 26.10.1966.
MV13	Þykkvabæjarklaustur	Tóftir þær í túninu, sem kallast Fornufjós. Skjal undirritað af KE 25.09.1957. Þinglýst 08.10.1957. Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Íbúðarhús frá 1925. Þykkvabæjarklaustur 2: Íbúð frá 1931,

---

## **7.10.2 Friðaðar minjar**

---

Í svæðisskipulagi Miðhálendisins eru þjóðminjar auðkenndar á skipulagsupprætti. Byggt er á skrá Fornleifastofnunar Íslands um menningarminjar á Miðhálendi Íslands. Í henni eru allir þeir staðir sem falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga um fornleifar og heimildir eru til um. Skráin byggir ekki á vettvangsathugunum og er því ekki tæmandi. Valdir er þeir staðir þar sem vitað er um umtalsverðar mannvirkjaleifar, þar með taldar allar minjar um mannabyggð og útilegumannabústaði, auk helstu miðstöðva gangnamanna og merkstu fjallvega. Nær öllum þeim stöðum þar sem engin merki eru um mannvirki er sleppt, þar með talið þjóðsögustöðum.

Eftirfarandi merkar þjóðminjar (M1-M13) sem komu fram í svæðisskipulagi Miðhálendisins eru sýndar á sveitarfélagsupprætti Skaftárhrepps:


### **MV14 Bjarnagarður í Landbroti.**

Leifar af fornri garðhleðslu sem talið er að hafi verið hlaðin um 1200. Heildarlengd garðsins mun upphaflega hafa verið um 8 km en talsvert af honum er horfið vegna ræktunar og vegagerðar. Rekja má garðinn frá Ásgarði í norðri og suður að Þykkvabæ. Garðurinn var sameiginlegt félagslegt á tak fólks í Landbroti og Skjaldbreið, byggður til varnar ágangi búfjár frá vestri og er ennþá hægt að finna minjar um hann. Ekki hefur farið fram fornleifaskráning á þessu hluta Skaftárhrepps en þjóðminjalög kveða á um að minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa.

### **Verndarákvæði:**

- Stuðla skal að varðveislu garðsins, þannig að hann haldi menningarsögulegu gildi sínu.
- Hverfisvernd Bjarnagarðs miðar að því að garðinum verði ekki raskað með vegagerð eða ræktun frekar en orðið er.
- Hverfisverndin kemur ekki í veg fyrir hefðbundin landbúnaðarnot á þeim jörðum sem að honum liggja. Óheimilt er að losa spilliefni og annan úrgang við minjarnar.

Til skýringar er eftirfarandi uppdráttur sem sýnir hvar garðurinn er sýnilegur í dag.



Mynd 32. Skýringarmynd sem sýnir Bjarnagarð í Landbroti (Margrét Ólafsdóttir 2002)

#### Búsetuminjar:

MV15 Tólfahringar vestan Skaftár (SF-663:007).

MV16 og MV17 Byggðarárstir vestan Skaftár frá 1830 (SF-663:009-010).

#### Miðstöðvar gangnamanna:

MV18 Miklafell á Síðumannafrétti (SF-653:001).

MV19 Blágil á Síðumannafrétti (SF-654:002).

MV20 Blængur á Síðumannafrétti (SF-654:003).

MV21 Eyrarhólmi á Síðumannafrétti (SF-654:004).

MV22 Álftavötn á Skaftártungafrétti (SF-663:001).

MV23 Skælingar á Skaftártungafrétti (SF-663:002).

MV24 Jökuldalir á Skaftártungafrétti (SF-663:003).

MV25 Brytalækir á Álftaversafrétti (SF-664:001).

MV26 Jökulkvísl á Álftaversafrétti (SF-664:002).

#### Samgönguleiðir:

MV27 Götupaldrar við Syðri-Ófæru (SF-663:008).

### **Aðrar minjar sem sýndar eru á sveitarfélagsupprætti eru :**

MV28 Byggð undir Leiðólfsselli frá um 1200, er lykilstaður fyrir menningarsögu hálandis Vestur-Skaftafelssýslu.

MV29 Eintúnaháls við Lakaveg sem lagðist í eyði 1934, er dæmi um bæ efst í byggð. Mjög falleg heimtröð liggur að bænum sem samanstendur af tveimur húsum. Merkt á landnotkunarkort sem skráðar minjar.

MV30 Hervarastaðir, eyðibýli við Holtsá.

MV31 Laufskálavarða, hraunhryggur með vörðuþyrpingu umhverfis. Hver sá sem fór í fyrsta sinn um Mýrdalssand skyldi hlaða vörðu sér til fararheilla.

### **Eftirfarandi gangnamannaminjar eru ekki sýndar á upprætti:**

Öldusker á Síðumannafrétti.

Kofahóll á Síðumannafrétti.

Einhyrningshellir á Álftaversafrétti.

### **7.10.3 Friðlýst hús**

Eftirfarandi hús í sveitarfélagini eru friðlýst og um þau gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
MV32	Þykkvabæjarklausturskirkja	Friðlýst með sérstakri ákvörðun. Byggð 1864.
MV33	Sauðahús í landi Þykkvabæjarklausturs	Aldursfriðun skv. lögum nr. 80/2012. Byggt 1900.
MV34	Grafarkirkja	Friðlýst með sérstakri ákvörðun. Byggð 1898.
MV35	Langholtskirkja	Friðlýst með sérstakri ákvörðun. Byggð 1866.
MV36	Prestsbakkakirkja	Friðlýst með sérstakri ákvörðun. Byggð 1859. Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Prestbakki hlaða frá 1925, Prestsbakkakot, íbúð frá 1932,
MV37	Skólahús í Múlakoti á Síðu	Friðlýsingin nær til ytra byrðis hússins. Friðlýst með sérstakri ákvörðun. Byggt 1909.
MV38	Kálfafellskirkja	Friðlýst með sérstakri ákvörðun. Byggð 1898. Aldursfriðun. skv. lögum nr. 80/2012: Kálfafell 2 geymsla og hlaða byggð 1925 Kálfafellskot, sumarbústaður byggður 1930, Kálfafell 2, geymsla og hesthús frá 1930,
MV8	Bænhúsið Núpsstað	Friðlýst með sérstakri ákvörðun. Byggt 1657.

## 7.10.4 Friðuð hús

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð. Óheimilt er, skv. sömu lögum, að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Skv. Fasteignaskrá eru eftirfarandi hús 100 ára eða eldri, eða ná 100 ára aldri á gildistíma aðalskipulagsins, og njóta þannig aldursfriðunar skv. lögum nr. 80/2012. Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um að byggingarár húsa er ekki alltaf rétt í Fasteignaskrá, og skal leita samráðs Minjastofnunar Íslands þegar vafi leikur á byggingarári húsa. Þessi hús eru ekki merkt inn á uppdrátt.

Jörð	Lýsing	byggingar ár
Hnausar	Smiðja	1800
Svínadalur	Smiðja, alifuglahús	1800
Kirkjubæjarklaustur 1 lóð	Einbýli	1890
Hörgslandskot 2	Reykhús	1900
Jórvík 2	Hlaða	1900
Norðurhjáleiga	Hesthús	1900
Núpar	Geymsla	1900
Svínadalur	2 hlöður	1900
Úthlíð	Geymsla	1900
Ytri-Ásar	Reykhús	1900
Hlíð	Íbúð	1905
Dýralækjarsæluhús	þíli	1906
Mörtunga 2	Geymsla, reykhús	1907
Hruni	Geymsla	1910
Efri-Hraunbær	Íbúð	1910
Norðurhjáleiga lóð	Íbúð	1913
Efri-Fljótar 1 Krókur	Fjárhús	1914
Mýrar	Geymsla	1915
Hraunból Sléttaból 2	Íbúð	1915
Herjólfsstaðir 2	Félagsheimili	1916
Skálmabær lóð	Íbúð	1916
Þykkvibær 3A	Einbýli	1917
Hörgsland 1 lóð	Geymsla	1920
Kálfafell 2	2 fjárhús, hlaða	1920
Maríubakki	Hlaða, smiðja	1920
Hraunból Sléttaból 2	Geymsla	1920
Ytra-Hraun	Hlaða	1920

Bakkakot 1	2 Geymslur	1922
Múlakot lóð 5	Íbúð	1922
Skál	Einbýli	1922
Arnardrangur	Fjárhús, hlaða	1925
Blómsturvellið	Hesthús	1925
Eystri-Dalbær	Hlaða	1925
Hraunból Sléttaból 2	Fjárhús	1925
Teygingalækur	Íbúð	1927
Nýibær	Geymsla	1927
Blómsturvellið	Rafstöð/stífl	1928
Hraunból lóð 2	Hlaða	1928
Alviðruhamraviti	Alviðruhamr a viti	1929
Efri-Ey 1	Félagsheimili	1930
Eystri-Dalbær	Hlaða	1930
Hólmur	Íbúð, hlaða, járnsmiðaverkst æði	1930
Hvammur 1	Geymsla	1930
Hörgsland	Hlaða	1930
Maríubakki	Hesthús, geymsla, safnþró	1930
Mörtunga 1	Hesthús	1930
Mörtunga 2	Hlaða	1930
Núpar	Geymsla	1930
Hraunból Sléttaból 2	2 Fjárhús, geymsla	1930
Þykkvibær 3	Fjárhús	1930
Flaga 1	Íbúð	1931
Maríubakki	Rafstöð/stífl	1932
Svínadalur	Íbúð	1932
Mörk	Hesthús	1934

## 7.11 Hverfisvernd (HV)

---

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum

### Almenn ákvæði

- Náttúra og þjóðminjar verði verndaðar með skilgreiningu hverfisverndarsvæða.
- Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja m.a. vegna uppbryggingar í menningartengdri ferðaþjónustu.
- Tryggt verði að ummerki sögunnar í sveitarfélaginu glatist ekki.
- Um hverfisverndarsvæði gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska þeim þáttum sem verndin byggir á s.s. að spilla náttúru- eða menningarmínjum eða breyta vernduðu yfirbragði hverfis.
- Allar áætlanir og framkvæmdir á hverfisverndarsvæðum eru háðar umfjöllun í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps.

---

### 7.11.1 Hverfisvernd vegna náttúruminja

---

#### Hverfisvernd vegna náttúruminja á hálandinu:

Í samþykkt samvinnunefndar miðhálendis dags. 13. mars 2001 um landnotkunar ákværðanir í aðalskipulagi á miðhálendinu er lagt til að svæði sem skilgreind voru í svæðisskipulagi Miðhálendisins sem náttúruverndarsvæði og almenn verndarsvæði verði skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Þessi svæði eru jafnframt skilgreind sem óbyggð svæði ofan 300 m y.s. Skaftárhreppur vill halda þessar vernd inni þó að afmarkanir hafi aðeins breyst þar sem svæði sem hafa verið friðlýst eða falla nú undir þjóðgarð eru ekki lengur hverfisvernduð. Almenn verndarsvæðin fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða. Ennfremur svæði með mikið útvistargildi, þ.á m. jaðarsvæði að byggð. Eftirfarandi náttúruverndarsvæði í svæðisskipulagi Miðhálendisins eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulaginu:

**HV1 Mýrdalsjökull.** Suðurhluti Mýrdalsjökuls ásamt skriðjöklum. Áhugavert svæði, aðgengilegt allt árið, stærð 22039,9 ha.

**HV2 Fjallabakssvæðið sunnan Tungnaár.** Torfajökulssvæðið suður að Mýrdalsjökli, Eldgjá, Hekla, Þórsmörk og Almenningar. Eitt fjölsóttasta ferðamannasvæði á hálandi Íslands. Þá eru tvö stór svæði á náttúruminjaskrá; Grænifjallgarður (760) og Emstrur og Fjallabak (761). Svæðið liggur að öðrum verndarsvæðum á eystra gosbeltinu í Rangárvallasýslu, stærð 5696,0 ha.

**HV3 Svæði við Grænafjallgarð - Fögrufjöll - Langasjó.** Það svæði sem ekki er innan Vatnajökulsþjóðgarðs og var hverfisverndað í svæðisskipulagi Miðhálendis, samfellt og óraskað svæði sem tengir saman náttúruverndarsvæði í landshlutanum. Fjölbreytt hryggjalandslag, áhugavert gönguland, stærð 5406,3 ha.

**HV4 Svæði í tengslum við Lakagíga – Eldgjá .** Eldstöðvar og hraun sem liggja að Eldgjá um Lakagíga allt austur að Síðujökli. Lakagígar eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs og eru ekki hluti af hverfisverndaða svæðinu. Eldgjá er á náttúruminjaskrá (706). Svæðið liggur að öðrum verndarsvæðum á eystra gosbeltinu, stærð 28266,2 ha.

**HV5 Hrossatungur – Leiðólfssfell.** Samfellt gróðurlendi, eitt af stærri votlendissvæðum á afréttinum. Merkar forminjar við Leiðólfssfell. Áhugavert gönguland, stærð 5362,8 ha.

**Eftirfarandi hverfisverndarákvæði eru sett um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð á þessum svæðum:**

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar haldast eins og verið hefur.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallasel, fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga um breytingar á aðalskipulagi.

**Hverfisverndarsvæði vegna lindasvæða á hálendinu:**

Í Skaptárreppi eru víða vatnsmikil lindasvæði. Gjöfulstu lindirnar spretta undan hraunum í jöðrum eystra gosbeltisins, víða nálægt jöðrum Miðhálendisins. Þessi lindasvæði hafa mikla samsvörun við vatnsbólasvæði í byggð sem jafnan njóta ströngustu vatnsverndar.

Lindasvæðin og næsta nágrenni þeirra sem skilgreind voru í svæðisskipulagi Miðhálendis eru tekin upp sem hverfisverndarsvæði og auðkennd sérstaklega á aðalskipulagsuppdrætti.

**HV6 Fremri-Eyrar.** Lindir undan hrauni og eldra bergi við Fremri-Eyrar í um 600 m y.s.

Vatnsmegin líklega um 1 m<sup>3</sup>/s.

**HV7 Tungnaárbotnar.** Lindasvæði í Tungnaárbotnum í 650-680 m y.s..

**HV8 Lónakvísl.** Lindir við Lónakvísl í 600-650 m y.s. Vatnsmegin líklega yfir 5 m<sup>3</sup>/s. Aðgengi frá Langasjávarleið.

**HV9 Grænifjallgarður.** Í döldum milli Grænafjallgarðs og Herðubreiðar-Uxatinda (Skælinga) og í Faxasundum kemur upp verulegt lindavatn. (ómerkt á uppdraetti).

**HV10 Hvanngil.** Lindir í drögum Hvanngils í 570-600 m y.s. Vatnsmegin líklega 1-2 m<sup>3</sup>/s.

**HV11 Kambar – Stakafell.** Lindir sem koma undan hrauni meðfram fellaröðinni út við Skaftá í 590-610 m y.s. Vatnsmegin 1-2 m<sup>3</sup>/s.

**HV12 Úlfarsdalur,** 2 svæði. Lindir undan hraunum í Úlfarsdal, úr Lakagígum við Hnútu og víðar í um 500 m y.s. Vatnsmegin a.m.k. nokkur hundruð l/s.

**HV13 Mælifellssandur,** 4 svæði. Lindir í Brytalækjum, Hólmsárgljúfri, Álftakvísl og Bláfjallakvísl í 480-520 m y.s. Lindir spretta undan hrauni en eru tengdar Eldgjársprungunni. Vatnsmegin a.m.k. 10-15 m<sup>3</sup>/s, meira á sumrin en á veturna.

#### **Hverfisverndun á hluta af Skaftáreldahrauni:**

Eitt mesta hraun sem komið hefur upp á jörðinni síðasta árþúsundið er Skaftáreldahraun sem rann frá Lakagígum 1783. Það er 565 km<sup>2</sup> og magnið um 12 km<sup>3</sup>. Það er úfið kargahraun með samfelldri mosabembu og er því sterk landslagsheild sem sker sig frá næsta umhverfi. Um hraunið liggar þjóðvegur 1 og í jöðrum hans hefur verið unnið efni til vegagerðar og skógrækt er hafin á einni jörð.

Samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 nýtur Eldhraunið sérstakrar verndar, í samræmi við markmið laganna að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Þar sem jarðmyndanir líkt og Eldhraunið eru sérstakar eða einstakar á lands-eða heimsvísu nýtur Eldhraunið sérstakrar verndar og skal forðast röskun þess eins og kostur er, nema brýna nauðsyn beri til og að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að hluti af Skaftáreldahrauni báðar kvíslarnar verði skilgreindar sem hverfisverndarsvæði.

#### **Hverfisverndarákvæði:**

- Hverfisverndin nær til hraunanna utan eignarlanda og lögbýla.

Hverfisverndarsvæðið er því ofan afréttalínu sem landeigendur gera kröfu um sem þjóðlendumörk.

- Ekki er gert ráð fyrir að hefðbundin landbúnaðarnýting breytist við verndina.

- Hverfisverndin kemur ekki í veg fyrir framkvæmdir sem tengjast fyrirhleðslum og landgræðslu vegna ágangs Skaftár og annarra fljóta og vatnsveitinga til að tryggja grunnvatnsstöðu.

- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

- Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.



Mynd 33. Eystra Eldhraun vestan við Teygingalæk

---

## **7.11.2 Hverfisvernd í þéttbýli**

---

Engin hverfisverndarsvæði eru í þéttbýlinu.

---

## **7.12 Loftgæði og hljóðvist**

---

Allir íbúar sveitarfélagsins búi við heilnæmt andrúmsloft. Tekið verði tillit til hljóðvistar í öllu skipulagi og ýtrustu viðmið um hávaðamörk verði virt.

---


## **7.13 Varúðarsvæði (VA)**

---

Svæði í biðflokki Rammaáætlunar eru skilgreind sem varúðarsvæði.

**Þéttbýli**

Nr.	Lýsing svæðis	Stærð ha
VA1	Hólmsá, Hólmsárvirkjun við Atley. Svæði í biðflokki í Rammaáætlun.	926
VA2	Hólmsá, Hólmsárvirkjun við Einhyrning, án miðlunar. Svæði í biðflokki í Rammaáætlun.	162
VA3	Skaftá, Búlandsvirkjun. Svæði í biðflokki í Rammaáætlun.	1111
VA4	Hverfisfljót, Hverfisfljótsvirkjun, svæði í biðflokki í Rammaáætlun.	2301



Mynd 34. Varúðarsvæði, svæði í biðflokki Rammaáætunar.

# ORKA OG AUÐLINDIR

## 8 ORKA OG AUÐLINDIR

Í grunda þarf allar ákvarðanir um nýtingu orkuauðlinda landsins vel. Taka þarf afstöðu til kosta og galla allra nýtingarmöguleika með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Slík stefna hefur ekki verið mörkuð fyrir landið í heild. Skaftárhreppur leggur hins vega áherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins á öllum sviðum sveitarfélagsins og að allir íbúar njóti góðs af nýtingu auðlinda þess. Sveitarfélagið hefur metnaðarfulla stefnu í umhverfismálum að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku og framtíðarsýn Skaftárhrepps er að sveitarfélagið byggi upp öfluga innviði og hafi nýsköpun að leiðarljósi.

Iðnaðarsvæði eru svæði sem geta haft mengun í för með sér svo sem verksmiðjur, skólphreinsistöðvar, hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, sorpförgunarstöðvar, sorpurðunarstöðvar, flokkunarstöðvar og birgðarstöðvar og virkjanir. Innan sveitarfélagsin eru áætlanir uppi um uppbyggingu á vatnsaflsvirkjunum. Aðrar virkjanir, svo sem sjávarfallavirkjanir, sólarorkuver eða vindmyllur falla hér undir en hafa ekki komið til umfjöllunar í sveitarfélagini.

### 8.1 Orkuframleiðsla

#### Almenn ákvæði

- Að raforkuvinnsla nýtist til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar í Skaftárhreppi.
- Að ábati af nýtingu auðlinda sveitarfélagsins nýtist til uppbyggingar almannajónustu og innviða sveitarfélagsins.
- Að virkjanaáform og hugsanlegar framkvæmdir íluti skilyrðum umhverfismats og hlíti samanburði við aðra nýtingarkosti sem íbúar sveitarfélagsins telja fýsilega.
- Í deiliskipulagi fyrir orkuvinnslusvæði skal gera grein fyrir aðkomu, staðsetningu allra mannvirkja, fjölda og stærð lóða, landmótunar, frágangs og mótvægisáðgerða. Ennfremur skal þar kveðið á um stærð og gerð mannvirkja vegna frakvæmdar, bygginga, form, efnisnotkun, útlit og litaval nýbygginga eftir því sem við á.
- Í deiliskipulagi skal m.a. stuðla að því að bjóða almenningu upp á útvistarsvæði og sýna gönguleiðir og merkja útsýnistaði og aðra staði sem máli skipta fyrir almenna útvist eftir því sem við á, þannig að komist verði

#### VERKEFNI VIÐ INNLEIÐINGU HEIMSMARKMIÐA

**7.7 Eigi síðar en árið 2030 verði nútímaleg og áreiðanleg orkuþjónusta í boði alls staðar í heiminum á viðráðanlegu verði.**

**7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.**

- Tryggja orkuöryggi.
- Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi.
- Jafna orkukostnað vegna dreifingu raforku og húshitunar.
- Tryggja lágmarskröfu um afhendingaröryggi raforku.



hjá því að starfsemi loki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og viðkomandi svæði í heild.

- Gera skal ráð fyrir og tengja skal göngu- og hjólaleiðir innan svæðisins og við stofnleiðir og þannig stuðla að eflingu lýðsheilsu og útivistar og samnýtingu fyrir samfélagið í heild.
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvivatn og neysluvatns og vatnsbóla.
- Í deiliskipulag verði sett fram frágangsáætlun efnistökusvæða og að framkvæmdaraðili gangi frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni.
- Gerð verður krafa um að framkvæmdaraðilar fari með framkvæmdir í gegnum viðurkennt alþjóðlegt vottunarkerfi fyrir sjálfbærni (s.s. BREEAM SEEQUAL/Infrastructure eða sambærilegt).

Yfirlit yfir orkuframleiðslu er að finna í töflu í kaflanum 5.3.2. Iðnaðarsvæði (I).

## 8.2 Vatnsorka

---

Heimarfstöðvar allt að 200 KW teljast hluti af landbúnaðarnotum og þarf því ekki að skilgreina þær sem iðnaðarsvæði.

## 8.3 Vindorkuver

---

Tilgangur aðalskipulagsáætlunar er að beina iðnaðarsvæðum og vindorkuverum á heppileg svæði og stýra fyrirkomulagi þeirra með tilliti til umhverfisáhrifa og annara skipulagsþátta. Hugmyndir um virkjun vindorku verða sífellt algengari hér á landi og þó að vindurinn sé óþrjótandi auðlind er land undir vindorkuver það ekki og uppbyggingu þeirra fylgir töluvert jarðrask sem getur haft áhrif á lífríki, gróður, jarðveg og minjar og veldur þannig óafturkræfum umhverfiáhrifum. Hæð á vindmyllum fer sífellt hækkandi og verða þær því meira áberandi í landslagi og sjást víðar að, stærra landsvæði fer undir þær og jarðrask verður meira. Vindorkuver munu valda breytingum á ásýnd landsins og því er nauðsynlegt að marka stefnu um hugsanlega nýtingu vindorku í sveitarfélagini.

Vegna áhrifa á ásýnd, landslag, lífríki og fuglalíf er skipulag vindorkuvera töluverð áskorun. Við mat á svæðum sem geta hentað til nýtingar er lagt til að nálgast það á tvennan hátt. Annars vegar að afmarka (taka frá) þau svæði sem ekki er talið ákjósanlegt að fari undir vindorkuiðnað og hins vegar fýsileg svæði sem get hentað með tillit til grunnkerfa og winds og bera saman hvar þau skarast. Kortlagning snýr meðal annars að því að greina landnotkun og svæði með tilliti til áhrifa á umhverfi og landslag, svo sem verndar-, menningar- og sögugildi þeirra. Landslagsflokkun og -greining verði nýtt til skráningar á mikilvægum útsýnisstöðum, kennileitum, landbúnaðarsvæðum og afmörkun þéttbýlis, og til að kortleggja þau svæði sem standa út af og bera þau saman við tillögur að umsóknum um staðsetningu virkjunarkosta. Bera þarf saman kosti og galla við mögulegar staðsetningar og nýta við ákvörðun áætlana í framsetningu í aðalskipulagi.

Tillögur að vindorkuverum skulu hlíta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt gildandi lögum þar um. Við mat á umhverfisáhrifum er farið nánar yfir áhrif á ýmsa umhverfisþætti eins og lífríki,

fugla- og dýralíf, landslag og sjónræn áhrif. Þá verður einnig að meta áhrif vindorkuvera á aðra atvinnuvegi, s.s. ferðaþjónustu, en breytt ásýnd lands getur haft mikil áhrif á upplifun ferðamanna af umhverfinu. Þá er mat á líftíma vindmylla og fyrirkomulag förgunar þeirra og frágangs að orkuvinnslu lokinni mjög mikilvægur. Mat á umhvefisáhrifum skal nýta við valkostagreiningu og fyrirkomulag og mögulegar mótvægisadgerðir af hálfu framkvæmdaraðila og skal matið lagt til grundvallar við ákvarðanatöku um framkvæmdaleyfi.

### Almenn ákvæði

- Á undirbúningsstigi verkefnis skal vinna að vel upplýstu staðarvali og staðarvalskostum.
- Skoða skal staðhætti, landhalla og yfirborðslögun og staðsetja vindmyllur með tilliti til bestunar á því.
  - Í uppröðun skal stefna að því að skapa heildarsvip (jafnar línur) þó þannig að umfang verði ekki yfirþyrmanni eða einsleitt, þá er æskilegt að stytta langar raðir eða brjóta upp í þyrringar vindmylla.
  - Staðsetja skal vindmyllur í vindorkuverum þannig að sjónræn áhrif og áhrif á lífríki og landslag séu lágmörkuð og að skuggavarp og skuggaflökt sé í lágmarki.
  - Setja skal upp viðeigandi lýsingu og öryggislýsingu en lágmarka ljósmengun út fyrir skilgreint svæði vindorkuvers.
  - Skapa skal heildarjafnvægi í útlitsgerð, litasamsetningu og stærð vindmylla og í heildaryfirbragði vindorkuvera. Skapa skal sjónræna heildræna formfestu og jafnvægi.
  - Nota skal efni og áferð sem hvorki glampar á né enduspeglast frá, á vindmyllur og öll mannvirki tengd vindorkuverum.
  - Nýta skal þegar raskað land til orkuframleiðslu og manngerða innviði sem til staðar eru, sé þess kostur.
  - Nýta skal sjálfbærinvottun, skrásetja skal lífsferilshring framkvæmdarinnar frá upphafi til endaloka reksturs, niðurrifs og endurvinnslu/förgunar vindmylla.
  - Áætlun um rekstrartíma vindorkuvera og líftíma vindmylla, endurvinnslu/förgun vindmylla að líftíma þeirra liðnum og frágang á landi að vinnslu lokinni skal vera frágengin í upphafi verks. Framkvæmdaraðili skal skuldbinda sig til að sýna fram á framfylgd hennar og fjármögnun, þannig að ummerki og umhverfisáhrif vindorkuvera verði hverfandi að líftíma þeirra liðnum.
  - Sýna skal fram á hvernig uppbygging vindorkuvers samræmist heimsmarkmiðunum Sameinuðu þjóðanna.
  - Efni og aðföng fyrir framkvæmdina skulu endurnýtt, endurnotuð eða endurunnin eftir fremsta megni.
  - Hringrásarhagkerfi og vistvæn hugmyndafræði skal höfð að leiðarljósi við hönnun, skipulag og framkvæmdir við vindorkuver.

Ekki eru skilgreind svæði fyrir vindorku í Skaftárhreppi.

### 8.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í

*sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.*

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafslotni innan netalaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitastjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimilt án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

### **Almenn ákvæði**

- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar framkvæmdir, byggingastarfsemi og uppbyggingu innviða, en efnistaka felur í sér rask sem getur verið óafturkræft og skal fara vel með efni og það endurnýtt þegar hægt er.
- Öll efnistaka er skipulagsskyld, háð ákvæðum skipulagsлага nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal það gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað um umfang, frágang, áhrif námunnar á umhverfið og annað það sem við á.
- Efnistaka og -losun er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefndum skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- Efnistaka skal ekki staðsett í eða svo nærri vatnsföllum að þær geti haft neikvæð áhrif á lífríki þeirra og/eða veiðinytjar. Efnisnám í eða við veiðivötn/-ár er háð leyfi Fiskistofu.
- Samkvæmt 16. gr. 4. mgr. Skipulagsлага nr. 123/2010 skal efnitökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Sveitarstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun.
- Öllum eldri nánum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Ávallt skal miða að því að fella svæðið vel að umhverfi sínu og nýta staðargróður til uppræðslu að efnistöku lokinni.

### **ÞÉTTBÝLI**

Nr	Heiti	Lýsing	Magn	S t æ

				r ð í h a
E1	Skaftá-vestur	Efnið sem um ræðir er árframburður en áætlað efnismagn er um $30.000\text{ m}^3$ . og á að nota í uppfyllingu á Kirkjubæjarklaustri.	<b>30.000 m<sup>3</sup></b>	<b>2,4</b>


**Dreifbýli**

Nr	Heiti	Efni	Flokkur	
E2	Stjórn	Efnistökusvæði innan þéttbýlis við Kirkjubæjarklaustur er í farvegi Stjórnar austan við brú.	$25.000\text{ m}^3$	2
E3	Bólhraun Eldgjárhrauni- Austan Dýralækjarkvíslar	Grjótnáma. Hraun, efni notað til vegagerðar.	$150.000\text{ m}^3$	4,8
E4	Skálmareyrar (Skálmaraurar)	Setnáma. Áætluð efnistaka.	$50.000\text{ m}^3$	2
E5	Kúðafljótsbakki vestan ár	Setnáma. Áætluð efnistaka $<50.000\text{ m}^3$ . Rask $<25.000\text{ m}^2$ .	$50.000\text{ m}^3$	2
E6	Náma í landi Hrífuness	Malarhnáma	$40.000\text{ m}^3$	2
E7	Hrífuneshólmur	Setnáma.	$50.000\text{ m}^3$	2,5
E8	Hríunesvegur	Setnáma. Áætluð efnistaka $<50.000\text{ m}^3$ . Rask $<25.000\text{ m}^2$ .	$50.000\text{ m}^3$	2,5
E9	Í farvegi Leirár sunnan Atleyjar.	Sandrík möl.	$50.000\text{ m}^3$	2,8
E10	Úr neðri hluta Krika	Grjótnáma.	$50.000\text{ m}^3$	2,8

E11	Jökulkvísl sunnan Framgilja	Sandrík möl.	50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E12	Kumli Hlíðarnáma	Setnáma. Áætluð efnistaka.	50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E13	Tungufljótsnáma við Ljótarstaði	Setnáma. Áætluð efnistaka <50.000 m <sup>3</sup> . Rask <25.000 m <sup>2</sup> .	50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E14	Snæbýli	Setnáma.	50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E15	Í Brytalækjum.	Sandrík möl. Áætluð efnistaka <20.000 m <sup>3</sup> .	20.000 m <sup>3</sup>	1
E16	Við Búlandsveg	Setnáma.	50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E17	Vestan við Kálfasléttur	Jökulruðningur/set.	50.000 m <sup>3</sup>	1
E18	Við Syðriofærur	Sandrík möl.	20.000 m <sup>3</sup>	1
E19	Lambaskarðshólar	Burðarlagsefni.	10.000 m <sup>3</sup>	1
E20	Hestlandshólar	Storkubergsnáma.	20.00m <sup>329</sup>	2,5
E21	Hryggjargryfja	Setnáma.	<50.000 m <sup>3</sup>	2
E22	Landbrotshólar	Setnáma. Áætluð efnistaka <50.000 m <sup>3</sup> . Rask <25.000 m <sup>2</sup> .	<50.000 m <sup>3</sup>	2
E23	Eldhraunsnáma	Storkubergsnáma.	<50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E24	Skaftá við Kirkjubæjklaustur	Setnáma. Áætluð efnistaka <50.000 m <sup>3</sup> . Rask <25.000 m <sup>2</sup> .	<50.00m <sup>3</sup>	1
E25	Kúðafljótgryfja	Setnáma. Áætluð efnistaka.	50.00m <sup>3</sup>	1
E26	Eldvatnsgryfja	Storkubergsnáma.	20.00m <sup>3</sup>	2,8
E27	Seglbúðanáma	Storkubergsnáma.	20.00m <sup>3</sup>	1
E28	Hraunkotsnáma	Malarńáma til styrktar varnargörðum við Skaftá, í landi Hraunkots.	20.000 m <sup>3</sup>	0,2

E29	Fagurhlíð	Setnáma. Áætluð efnistaka.	50.00m <sup>3</sup>	0,2
E30	Geirlandsá	Setnáma. Áætluð efnistaka.	50.00m <sup>3</sup>	1
E31	Hörgsá, sunnan brúar	Ármöl. Áætluð efnistaka.	30.00m <sup>3</sup>	1
E32	Hörgsá, ofan brúar	Setnáma. Áætluð efnistaka.	50.00m <sup>3</sup>	2,5
E33	Fossálar 2	Ársandur. Áætluð efnistaka.	100.00m <sup>3</sup>	1
E34	Fossálar 3	Ársandur. Áætluð efnistaka.	100.00m <sup>3</sup>	1
E35	Orustustaðir	Setnáma. Efnistökusvæði á óröskuðu landi samtals um.: Efni í uppbyggingu á vegi. Við frágang verða búnar til tjarnir á svæðinu fyrir fugla. Frágangurinn skal vera í samræmi við umhverfi og landslag. Tjarnirnar þarf að gera nægilega aflíðandi svo ekki verði hrún úr bökkum þeirra. Ganga skal frá námunni um leið og efnistöku úr henni vegna framkvæmda við veg og hótel verður lokið.	50.000 m <sup>3</sup>	5
E36	Skriða í fjallshlíð gegnt Orustuhól	Setnáma.	50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E37	Dalshöfðanáma	Malarnáma.		
E38	Hverfisfljót við Hnútu	Setnáma. Áætluð efnistaka í tengslum við framkvæmdir vegna virkjunar í Hverfisfljóti við Hnútu. Stærð svæðis er 1 ha. Heimilt er að vinna efni niður á 1-2 m á dýpt.  Gengið verður frá svæðinu að efnistöku lokinni. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Miðað er að því að rask verði ekki sýnilegt nema í skamman tíma bæði með aðgerðum og frá náttúrunnar hendi vegna þess hve rennsli og eftaupplausn vatnsins er breytileg á milli árstíða. Framkvæmdin skal tilkynnt til sveitarfélagsins. Í deiliskipulag / áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal leggja fram efnistökuáætlun.	10.000 m <sup>3</sup>	1

E39	Seljalandsselsnáma	Malarnáma.	20.000 m <sup>3</sup>	1
E40	Hverfisfljót	Ármöl. Áætluð efnistaka.	10.000 m <sup>3</sup>	2,5
E41	Brunná	Ármöl. Áætluð efnistaka.	15.000 m <sup>3</sup>	2,5
E42	Djúpá	Ármöl.	50.000 m <sup>3</sup>	2,5
E43	Rauðabergsnáma	Storkubergsnáma.	50.000 m <sup>3</sup>	29
E44	Núpanáma	Setnáma. Áætluð efnistaka <50.000 m <sup>3</sup> . Rask <25.000 m <sup>2</sup> .	50.000 m <sup>3</sup>	2,9



Mynd 35. Efnistökusvæði í Skaftárhreppi.

#### Frágangur efnistökusvæða

Við frágang efnistökusvæða skal leitast við að afmá ummerki efnistökunnar, fella það á eins náttúrulegan hátt að aðliggjandi landi. Við uppgræðslu skal horft til gróðurfars á aðliggjandi svæðum.

#### Setnámur

Landmótun að lokinni efnistöku skal miða að því að raskað land falli sem best að umhverfi sínu og landslagi svæðisins. Uppgræðsla skal taka mið af gróðurfari svæðisins.

#### Bergnámur

Við frágang bergnáma skal skilið þannig við námusvæðin að bergstálið verði sem náttúrulegast og skal afgangssteinum ýtt upp að námustálinu til að mynda eins konar hrunstall neðan við stálið.

#### Set- og bergnámur

Ganga skal frá efnistökusvæðum þannig að sampil bergs og landslags myndi eins náttúrulegustu heild og mögulegt er. Við uppgræðslu skal horft til gróðurfar svæðisins.

#### Sandnámur

Jafna skal svæðið út þannig að það falli sem best að umhverfi sínu.

## 8.5 Vatnaveitingar í Skaftá

Merkt er iðnaðarsvæði í Eldhrauninu þar sem vatnaveitingar Skaftá eru, en þær hafa verið liður í að viðhalda rennsli lindarlækja í Landbroti.

## 9 Umhverfisskýrsla

### 9.1 Matskylda

Endurskoðun aðalskipulags Skaftárrepps er matsskyld skv. lögum 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem skipulagið:

- Markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana , nr. 111/2021.
- Er undirbúið eða samþykkt af stjórnvöldum .
- Unnið samkvæmt lögum.

### 9.2 Matsferli

Markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er:

- a. sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif,
- b. skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana,
- c. að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.

Samkvæmt 2. grein gilda lögum um :

- a. skipulagsáætlanir og breytingar á þeim samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag haf- og strandsvæða,
- b. aðrar áætlanir og breytingar á þeim sem marka stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lögum og eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra,
- c. framkvæmdir sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. 1. viðauka við lögum. Lögum gilda um framkvæmdir og áætlanir á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Þá segir í 12. grein skipulagsлага nr. 123/2010 að: Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

### 9.3 Áhrifaþættir

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horft er á hvaða stefnu í aðalskipulaginu er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði skoðuð

sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið. Höfð er hliðsjón af leiðbeiningarskjali Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar matinu. Skoðað er hvort stefnan sem sett er fram í aðalskipulaginu hafi í för með sér umtalsverðar breytingar frá núll kosti eða núverandi ástandi.

Í umhverfismatinu er fjallað um þá þætti aðalskipulagsins sem taldir eru að gætu valdið umhverfisáhrifum og þeir bornir saman við núverandi ástand eða núllkost. Í einhverjum tilfellum er fjallað um fleiri valkosti og matið nýtt til þess að velja úr betri kostinn. Samlegðaráhrif og áhrif áætlunarinnar í heild sinni eru einnig metin. Matsvinnan var unnin samhliða annarri aðalskipulagsvinnu og tók stefnumótunin mið af niðurstöðu matsins.

Breytingar sem helst hafa orðið á stefnu um landnotkun sem aðalskipulagsvinnan felur í sér og eru þær bornar saman við núllkost, sem ýmist getur verið skilgreindur sem núverandi ástand eða stefna fyrra aðalskipulagsins.

Áhrifapættir	Lýsing
Orkumál & fráveitir	Fráveituáætlun – fjöldi hreinsistöðva og fyrirkomulag stofnæða fráveitu. Geta haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínú.
Atvinna	Tækifæri til sóknar í atvinnulífinu. Fjölgun ferðamanna og gisti- og afþreyingarmöguleika.
Byggð	Helstu þættir sem horft er til eru: Þróun þéttbýlisins á Kirkjubæjklaustri.  Möguleg áhrif <b>byggðaþróunar</b> í sveitarfélaginu, s.s með tilliti til tengsla við önnur svæði, atvinnu, samgöngu- og þjónustukerfi.  Byggð getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínú, landslag og ásýnd, náttúrvá og öryggismál.
Samgöngur	Möguleg áhrif samgangna eru vegna skipulags umferðarkerfa, bæði núverandi og nýrra, og áhersla í samgöngumálum. Samgöngur geta haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínú, landslag og ásýnd, hljóðvist, loftgæði, náttúrvá, öryggismál og veðurfar (losun gróðurhúsalofttegunda).

## 9.4 Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu

Nálgun aðferðar umhverfismats gerði ráð fyrir að matsvinnan nýttist til þess að tryggja að stefnumótun væri upplýst og rökstutt varðandi möguleg umhverfisáhrif aðalskipulags. Í matsvinnunni kom fram hvort tiltekin umhverfisáhrif aðalskipulags geti talist vera verulega neikvæð til þess að geta brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Matsvinnan nýttist til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkti um möguleg umhverfisáhrif.

## **9.5 Umhverfisþættir og áherslur**

---

Í umhverfismati áætlunarinnar voru helstu þættir til umfjöllunar samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjór og strandlína, landslag og ásýnd, náttúruvá og öryggi. Yfirlit yfir meginþurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu.

Í umhverfismati áætlunarinnar voru sett viðmið sett viðmið fyrir hvern megin umhverfisþátt (sjá töflu hér á eftir).

Viðmiðin voru sett með tilliti til stefnuskjala Skaftárhrepps, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla var lögð á að styðja við matið með mælanlegum umhverfisvísum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla:

Viðfangsefni	Megin spurning í umhverfismati áætlunarinnar: Hvernig samræmist stefnumótunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfispátt, öðrum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum?
Samfélag	Allir skipulagsþættirnir sem taldir eru upp í töflu 4 geta haft áhrif á samfélag. Meginspurningar í matinu er hvort áætlunin hafi áhrif á eftirfarandi meginþætti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gæði þjónustu við íbúa?</li> <li>• Atvinnumöguleika íbúa?</li> <li>• Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?</li> <li>• Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</li> <li>• Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útvistarsvæðum og náttúru?</li> </ul>
Náttúrufar & dýralif	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</li> <li>• Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</li> <li>• Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</li> <li>• Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</li> <li>• Jarðminjar</li> </ul>
Náttúru- & menningarminjar	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:
Vatn, sjór & strandlína	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fornleifar</li> <li>• Aðrar menningarminjar/-verðmæti</li> <li>• Búsetu- eða menningarlandsdrag</li> <li>• Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</li> <li>• Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</li> <li>• Hverfisverndarsvæði</li> </ul>
Landslag/ ásýnd	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ásýnd svæðis/sjónræn áhrif</li> <li>• Byggðamynstur</li> </ul>
Náttúrvá/ öryggismál	Verður náttúrvá til staðar á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýjum byggingarsvæðum</li> <li>• Núverandi byggingarsvæðum</li> <li>• Megin samgönguæðum</li> </ul> Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi

## 9.6 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í töflu.

Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Stefnumörkun	Lýsing
<b>Lög</b> Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. nr. 111/2021	Markmið laganna er a) sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif,  b) skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana,  c) að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana. (1.gr.).
Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. gr. b-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Markmið laganna er að tryggja að íslenskum menningararfí verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á. Í 30. gr. laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skyld að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í 31. gr. segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Í lögunum eru sett fram verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 69. gr. eiga mannvirki

	að falla sem best að svipmóti lands. Meðal þeirra jarðmyndanna og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna eru stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt 62. gr. skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.
Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015	Markmið skv. 1. gr. er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Samkvæmt lögunum skal sveitarstjórn meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislu svipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.
Jarðalög nr. 81/2004	Markmið skv. 1. gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölbætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Vegalög nr. 80/2007.	Markmið laganna er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. Skv. 6. gr skal vegakerfi landsins skiptist í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.
Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.	Markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra, að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja, að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið, að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd, að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útvistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar, að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum, að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúrvárv.

Reglugerðir	Lýsing
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.

Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.
--------------------------------------	--

Önnur stefnumörkun	Lýsing
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Hún á að stuðla að friði um heiminn. Þau 17 markmið sjálfbærar próunar og 169 undirmarkmið, sem sett eru fram vitna um umfang þessarar nýju, altæku og metnaðarfullu áætlunar. Markmiðin byggja á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er leitast við að ljúka því sem ekki náðist með þeim.</p>
Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar	<p>Ísland á vera í fararbroddi í umhverfismálum á alþjóðavísu. Ísland skipi sér í fremstu röð í baráttunni gegn loftslagsvánni og uppfylli ákvæði Parísarsamningsins. Við munum setja okkur sjálfstætt landsmarkmið um 55% samdrátt á losun á beinni ábyrgð Íslands fyrir 2030 miðað við árið 2005. Lögð verður áhersla á markvissar og metnaðarfullar aðgerðir til að draga úr losun vegna landnotkunar og hraða orkuskiptum á öllum sviðum.</p> <p>Sátt verður að ríkja um nýjar virkjanir til að byggja upp grænt og kolefnishlutlaust samfélag. Mestu skiptir að þap verði gert af varfærni gagnvart viðkvæmri náttúru landsins og í takt við vexandi orkunotkun samhliða útfösun jarðefnaeldsneytis, til að mæta fólksfjölgun og þörfum grænnar atvinnuuppbryggingar.</p> <p>Sérstök lög verða sett um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbryggingu vindorkuvera og áhersla verður lög á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærrí tengivirkjum og flutningslínum þar sem unnt verður að tryggja afendingaröryggi og lágmarka umhverfsáhrif.</p> <p>Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynnd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman.</p>
Vegvísir í ferðaþjónustu	<p>Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Á áfangastöðum verði hugað að náttúru- og minjavерnd, sjálfbærni áfangastaða, þjónustu, landvörslu, viðhaldi og uppbryggingu sem fellur vel að landslagi. Umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur, m.a. til að léttu á lagi af svæðum, þannig að hærra hlutfall gistennta erlendra ferðamanna, á hótelum og gistiheimilum á landsbyggðinni, verði utan háannatíma. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem viðast um landið. Bæta þarf uppbryggingu og viðhald heilsársvega og æskilegt er að skilgreina ferðamannaleiðir.</p>
Samgönguáætlun	<p>Í aðalskipulagi er grunnet samgangna skilgreint. Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2033 er engin framkvæmd fyrirhuguð innan sveitarfélagsins á næstu árum en þó er eitt af markmiðum áætlunarinnar að fækka einbreiðum brúm á þjóðvegum landsins en skv. áætluninni eru 39 einbreiðar brýr á hringveginum og þar af eru 5 í Skaftárhreppi.</p>
Ramsar samningur um votlendi	<p>Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.</p>
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	<p>Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.</p>
Rammasanningur SP um loftslagsbreytingar	<p>Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbærar máta.</p>
Parísarsamkomulagið	<p>Parísarsamkomulagið skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C marksins, með aukamarkmið að reyna að stefna að því að halda því innan 1,5°C. Það hefur í för með sér að stöðva</p>

	aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og hægt er og ná jafnvægi á milli losunar og bindingar.
Bernar-samningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.
Unesco heimsminjar	Ísland gerðist aðili að samningi UNESCO frá árinu 1972 um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins árið 1995. Með samningnum sameinuðust aðildarríki UNESCO um alþjóðlegan samning til verndar heimsminjum, að standa vörð um menningu heimsins og sporna við eyðileggingu minja. Til þess að ná fram meginmarkmiðum samningsins er haldin heimsminjaskrá yfir staði á jördinni sem teljast vera einstakir og alþjóðlega viðurkennd verndarsvæði.
Katla Jarðvangur Unesco	Svæði sem eru sérlega áhugaverð vegna t.d. vísindarannsókna, fræðslugildis, fjölbreytileika og búa yfir alþjóðlega merkilegum jarðminjum. Markmiðið er að fræða um þær og stuðla að verndun þessara merkilegu svæða. Tákn um gæði í náttúrutengdri ferðaþjónustu – virðing fyrir náttúrunni og skýr stefna um sjálfbæra þróun og stefnumótun.

## 9.7 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu á endurskoðun aðalskipulags var tekið mið af öðrum áætlunum. Helst ber að nefna landsskipulagsstefnu, rammaáætlun, samgönguáætlun, ferðamálaáætlun og náttúruminjaskrá.

Sjá kafla 2 um aðrar áætlanir.

Í köflum 2.1 og 2.2 er sett fram yfirlit um hvernig Heimsmarkmið og Landsskipulag samræmast stefnu aðalskipulags.

### Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015-2026 öðlaðist gildi 6. mars 2016. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykkti landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Landsskipulagsstefnan felur í sér stefnu um eftirfarandi viðfangsefni:

- **Skipulag á miðhálendi Íslands**

- Víðerni og náttúrugæði
- Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
- Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi
- Sjálfbær nýting orkulinda
- Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi
- Skipulag með tilliti til náttúrvárv.

- **Skipulag í dreifbýli**

- Sjálfbær byggð í dreifbýli
- Umhverfis- og menningargæði
- Sjálfbær nýting landbúnaðarlands
- Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
- Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi
- Sjálfbærar samgöngur
- Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið
- Skipulag með tilliti til náttúrvárv og loftslagsbreytinga

- **Búsetumynstur og dreifing byggðar**

- Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun
- Sjálfbært skipulag þéttbýlis
- Gæði hins byggða umhverfis
- Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf
- Sjálfbærar samgöngur
- Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið
- Náttúrvá og loftslagsbreytingar

- **Skipulags á haf- og landssvæðum**

- Sjálfbær nýting auðlinda
- Skýr og skilvirk stjórnsýsla skipulagsmála
- Svæðisbundin skipulagsgerð

- **Loftslagsmiðað skipulag**

- Loftlagsvænar samgöngur
- Loftlagsvæn byggð
- Loftlagsvæn landnotkun
- Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum

- **Staðarmótun og landslagsvernd**

- Varðveisla og efling landslagsgæða og staðareinkenna
- Landslagshönnun og mannvirkni í landslagi

- **Heilsuvæn byggð og landnotkun**

- Heilsuvænir ferðamátar og hreyfing í daglegu lífi
- Fjölbreytt útivist í nánd við náttúru

- Fjölbreytt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra hópa
- Heilnæmt og öruggt umhverfi
- Tækifæri til áhrifa á mótu nærumhverfis

Í vinnu við aðalskipulag Skaftárrepps var landsskipulagsstefna höfð til hliðsjónar og er tillaga að aðalskipulagi í samræmi við landsskipulagsstefnu. Hér á eftir er umfjöllum um hvernig aðalskipulag Skaftárrepps er samhljóma landsskipulagsstefnu í þeim málaflokkum landsskipulagsstefnu sem tengjast Skaftárreppi.

Stefnumið Landsskipulags	Undirmarkmið	Tengsl við Aðalskipulag Skaftárrepps
Skipulag á miðhálendi Íslands	Víðerni og náttúrugæði  Ferðabjónusta í sátt við náttúru og umhverfi  Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi  Sjálfbær nýting orkulinda  Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi  Skipulag með tilliti til náttúrvárár	Í stefnu sveitarfélagsins eru sett fram markmið um að skerða ekki víðerni sbr. umfjöllun um stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum í kafla 5.1.2. Í kafla 5.2 um athafna- og iðnaðarsvæði er sett fram ákvæði um að virkjanaáform skerði ekki víðerni eða óróskuð svæði.  Sett er fram stefna um að sjálfbæra ferðabjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að ekki verði gengið á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins (sjá kafla 5.3.).  Í kafla 6.1 um samgöngur er sett fram stefna um að takmarka umferð um viðkvæm svæði.  Skaftárreppur leggur áherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins á öllum sviðum sveitarfélagsins og að allir íbúar njóti góðs af nýtingu auðlinda þess. Sveitarfélagið mun jafnframt setja fram ákveðnar kröfur til framkvæmdaraðila um að orkuvinnsluverkefni verði með sjálfbærni að leiðarljósi og að verkefni taki tillit til áhrifa á umhverfi og landslag og að hönnun þróist í samráði við íbúa og samfélag.  Sett er fram stefna um fjarskipti í kafla 6.2.4 þar sem m.a. er lagt til að unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi á hálandinu.  Í kafla 7.3 er sett fram stefna um íbúar sveitarfélagsins búi við öryggi m.t.t. náttúrvárár. Að landnýtingu verði hagað m.t.t. náttúrvárár ásamt fleiri almennum ákvæðum um náttúrvárár.
Skipulag í dreifbýli	Sjálfbær byggð í dreifbýli  Umhverfis- menningargæði.  og	Í aðalskipulagi er áhersla lögð á nauðsyn þess að ræktuðu landi sem og hentugu og vel ræktanlegu landbúnaðarlandi verði ekki ráðstafað undir aðra starfsemi eða byggingar.
Búsetumynstur og dreifing byggðar	Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun  Sjálfbært skipulag þéttbýlis	Lögð verði áhersla á að þéttu byggð á Kirkjubæjarklaustri og byggja í eyður í byggðinni til að nýta land og grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum í

	<p>Gæði hins byggða umhverfis</p> <p>Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf</p> <p>Sjálfbærar samgöngur</p> <p>Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið</p> <p>Náttúrvá loftslagsbreytingar</p> <p>og</p>	<p>þjónustu, með fjárhagslega hagsmuni íbúa og sveitarfélagsins í huga.</p> <p>Uppbygging íbúðarhúsnaðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 5.2.</p> <p>Sett er fram stefna um 20 mínútna bæinn í kafla 4.2.1.</p> <p>Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélagini sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi. Áframhaldandi uppbygging háhraðanets í sveitarfélagini.</p> <p>Í kafla 7.3 er sett fram stefna um íbúar sveitarfélagsins búi við öryggi m.t.t. náttúrvár.</p>	
Skipulag á haf- og strandsvæðum	<p>Sjálfbær nýting auðlinda</p> <p>Skýr og skilvirk stjórnsýsla skipulagsmála</p> <p>Svæðisbundin skipulagsgerð.</p>	Ekki er sett fram sérstök stefna þar um.	
Loftslagsmiðað skipulag	<p>Loftlagsvænar samgöngur</p> <p>Loftlagsvæn byggð</p> <p>Loftlagsvæn landnotkun</p> <p>Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum</p>	<p>Sett er fram sérstök stefna um orkuskipti sbr. kafla 6.2.6</p> <p>Í kafla 6.1. er talað um að stuðlað verði að notkun sjálfbærra samgöngutækja, s.s. með bættum innviðum fyrir rafvæðingu samgangna og betri og tíðari almenningssamgöngum.</p> <p>Uppbygging íbúðarhúsnaðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 5.1.</p> <p>Í kafla 7.3. er sett fram stefna um íbúar sveitarfélagsins búi við öryggi m.t.t. náttúrvár</p>	
Staðarmótun landslagsvernd	og	Varðveisla og efling landslagsgæða og staðareinkenna Landlagshönnun og mannvirki í landslagi	Sett er t.a.m. stefna um að íbúðarbyggð í dreifbýli skal taka mið af yfirbragði sveitarinnar.
Heilsuvæn byggð og landnotkun		<p>Heilsuvænir ferðamátar og hreyfing í daglegu lífi</p> <p>Fjölbreytt útvist í nánd við náttúru</p> <p>Fjölbreytt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra hópa</p> <p>Heilnæmt og öruggt umhverfi</p>	<p>Sett er fram stefna um 20 mínútna bæinn í kafla 4.2.1</p> <p>Að skipulag og uppbygging í samfélagini taki tillit til og hvetji til útvistar, íþróttar- og tómstundastarfs og taki mið af ávinningi útvistar og íþróttar m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, m.a. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar.</p> <p>Að nálægð við náttúruna og sérkenni svæðisins verði nýtt á sjálfbæran hátt til útvistar og heilsueflingar.</p>

		Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum við deiliskipulagsgerð til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa, mismunandi fjölskyldustærða og þeirra sem starfa tímabundið í Skaftárhreppi
--	--	---

## Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og gilda á tímabilinu 2016-2030. Markmiðin taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki Heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Ríkisstjór Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða, en markmiðin í heild má finna á <https://www.un.is/heimsmarkmidin/>.

Í töflu hér að neðan er lýsing á því hvernig aðalskipulagið samræmist völdum heimsmarkmiðum.

Heimsmarkmið	Undirmarkmið	Tengsl við Aðalskipulag Skaftárhrepps
Markmið 4 – Menntun fyrir alla:	4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjöldað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.	Í góðu samræmi við áherslur aðalskipulags en sett er fram stefna skóla og ákveðin verkefni sett fram við innleiðingu heimsmarkmiða í kafla 4.5.1.
Markmið 9 – Nýsköpun og uppbygging	9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnr eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla. 9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu. 9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjöldað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.	Í samræmi við stefnu aðalskipulags. Sett er m.a. fram stefna um nýsköpun í kafla 8 um orku og auðlindir og ákveðin verkefni við innleiðingu sett fram.

Markmið 11 - Sjálfbærar borgir og samfélög	11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.	Í góðu samræmi við markmið aðalskipulags s.s. með stefnu um 20 mínútna bæinn í kafla 4.2.1 og verkefni við innleiðingu heimsmarkmiða sett fram þar um.
Markmið 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla	12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirkra nýtingu náttúruauðlinda náð	Í góðu samræmi við markmið aðalskipulags s.s í kafla 8.1 um orkuframleiðslu.
Markmið 13 Aðgerðir í loftslagsmálum	13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	Í góðu samræmi við markmið aðalskipulags en víða í aðalskipulaginu er sett fram stefna um loftlagsmál s.s. í kafla 7.3.4 um loftslagsbreytingar og sjávarrof.

## 9.8 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulags Skaftárrepps 2019-2031 eru metin áhrif eftirfarandi landnotkunar en um er að ræða breytingar á stefnumörkun frá núgildandi aðalskipulagi sem talin eru hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þörf á að meta sérstaklega. Aðrar breytingar frá núgildandi aðalskipulagi eru ekki talin þess eðlis að nauðsynlegt sé að meta þau sérstaklega.

- Nýtt íbúðarsvæði sunnan Klausturvegar
- Nýtt athafnasvæði á Stjórnarsandi
- Skógrækt í Bresti.
- Virkjun Skaftárdalur.
- Virkjun Hnútu.
- Skálarvirkjun.
- Verslunar- og þjónustusvæði í Hrífunesi.
- Frístundabyggð í Hemrumörk.
- Verslunar- og þjónustusvæði Hátún.

### Vægi umhverfisáhrifa

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa	Skýring
	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
?/0	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mórgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.

---

Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

---

Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Ahrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

---



## Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna.

### 9.8.1 Íbúðarsvæði sunnan Klausturvegar

Í stefnu aðalskipulagsins er lagt upp með það að þetta byggð innan þéttbýlisins á Klaustri. Gert er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði sunnan Klaustursvegar fyrir allt að 42 íbúðir í blandaðri byggð í nálægð við helstu þjónustu í þéttbýlinu.

Viðfangsefni	Stefna aðalskipulags um íbúðarsvæði sunnan Klaustursvegar		
<p><b>Samfélag</b> <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b></p>	<p>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</p> <p>Gæði þjónustu við íbúa?</p> <p>Atvinnumöguleika íbúa?</p> <p>Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?</p> <p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþróttar-, tómstunda- og útvistarsvæðum og náttúru?</p>	<p>Uppbygging íbúðarsvæðis hefur jákvæði áhrif á gæði þjónustu við íbúa. Íbúðarsvæðið er miðsvæðis í þéttbýlinu og byggir frekar undir nærbjónustu á svæðinu með auknum íbúafjölda sem fylgir uppbyggingunni. Uppbygging íbúðarsvæðis á framkvæmdatíma kallar á vinnufl og eykur a.m.k. tímabundið atvinnustig í sveitarfélagini.</p> <p>Gert er ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum sem hefur jákvæð áhrif á íbúasamsetningu á svæðinu.</p> <p>Staðsetning íbúðarsvæðis eykur gæði byggðar og styður við aukna lýðheilsu þar sem öll þjónusta er í mikilli nálægð og góðar stígatengingar og nálægð við góð útvistarsvæði og náttúru hefur jákvæð áhrif á íbúa.</p>	

<p><b>Náttúrufar og dýralíf</b></p> <p><b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b></p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>	<p>Nýtt íbúðarsvæði við Klausturveg hefur óveruleg áhrif á náttúru- eða dýralíf. Um er að ræða að mestu mólendi og kjarr og ekki er vitað um fágætar plöntutegundir eða dýrategundir á svæðinu og um er að ræða svæði sem er algengt og hefur ekki áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.</p> <p>Uppbygging gæti þó haft áhrif á búsvæði fugla á svæðinu.</p>	0
<p><b>Náttúru- og menningarminjar</b></p> <p><b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b></p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p> <p>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>	<p>Samkvæmt aðalskráningu fornminja sem fram fór árið 2012 eru engar minjar á svæðinu. Við gerð deiliskipulags verður þó farið í deiliskráningu og því áhrif á fornleifar óljós.</p> <p>Um er að ræða áraura Skaftár og ekki sýnileg ummerki um aðrar menningarminjar, menningarverðmæti eða búsetulandslag.</p> <p>Svæðið er utan friðlýstra svæða eða svæða sem njóta annars konar verndar.</p>	0/?
<p><b>Vatn, sjór og strandlína</b></p> <p><b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b></p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p>	<p>Nýtt íbúðarsvæði er utan vatnsverndarsvæðis og mun verða tengt veitukerfi sveitarfélagsins eða að nýttar verða blágrænar ofanvatnslausnir þannig að ofanvatn og fráveita á svæðinu mun ekki hafa áhrif á grunnvatn eða á vötn ár eða læki.</p>	0

	Vatnsverndarsvæði  Vötn, ár og læki  Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi		
<b>Landslag/ásýnd (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:  Ásýnd/sjónræn áhrif  Byggðamynstur	Íbúðarsvæði við sunnan Klaustursvegar hefur óveruleg áhrif á ásýnd og byggðamynstur. Verið er að brjóta nýtt land undir íbúðabyggð og því eru sjónræn áhrif augljós en óveruleg að því leytinu til að um er að ræða nýja byggð innan þéttbýlis og verið að tengja saman byggðina betur og þetta. Um verður að ræða lágreist byggð með álíka þéttleika og aðliggjandi svæði og því byggðamynstur sambærilegt. Settir skilmálar í skipulagi um hámarkshæð og frágang lóða.	0
<b>Náttúrvá/ Öryggismál (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	Verður náttúrvá til staðar á:  Nýjum byggingar-svæðum  Núverandi byggingar-svæðum  Megin samgöngu-æðum  Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi	Nýtt íbúðarsvæði er við Skaftá og því þarf að gæta að flóðahættu frá Skaftá. Ekki er talin vera önnur náttúrvá fyrir hendi.  Gera þarf því ráð fyrir ákveðnum gólfkóta bygginga á svæðinu sem miðast við 100 ára flóð í Skaftá.	

## Valkostir

Aðrir valkostir sem skoðaðir voru er núgildandi stefna aðalskipulags sem gerir ráð fyrir engri íbúðarbyggð á svæðinu og skilgreiningu landbúnaðarsvæðis. Ekki var talin þörf að meta þann kost sértaklega í matstöflu.

## Samantekt niðurstöðu

Ný íbúðarbyggð sunnan Klaustursvegar hefur í flestum tilfellum óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem til skoðunar voru. Óljós áhrif eru á fornleifar og möguleg neikvæð áhrif vegna mögulegrar hættu flóða í Skaftá.

## 9.8.2 Nýtt athafnasvæði á Stjórnarsandi

Í stefnu aðalskipulagsins er lagt upp með það að bæta við athafnasvæði á Stjórnarsandi í þéttbýlinu en núverandi athafnasvæði eru að verða öll uppbyggð og því þörf á að skilgreina nýtt svæði til þess að geta tekið við aukinni atvinnuuppbyggingu og þá sérstaklega grænna iðngarða með áherslu á hringrásarhagkerfi.

Viðfangsefni	Stefna aðalskipulags um athafnasvæði á Stjórnarsandi		
<b>Samfélag (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</p> <p>Gæði þjónustu við íbúa?</p> <p>Atvinnumöguleika íbúa?</p> <p>Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?</p> <p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útvistarsvæðum og náttúru?</p>	<p>Uppbygging athafnasvæðis hefur jákvæði áhrif á gæði þjónustu við íbúa. Uppbygging á svæðinu stuðlar að bættum og fjölbreyttari atvinnutækifærum og fjölgun íbúa. Uppbygging grænna iðngarða eða annarrar atvinnuuppbyggingar í þéttbýlinu hefur jákvæð áhrif á gæði byggðar þar sem lögð verði áhersla á græna ímynd og sjálfbærni.</p>	
<b>Náttúrufar og dýralíf (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>	<p>Nýtt athafnasvæði á Stjórnarsandi hefur óveruleg áhrif á náttúru- eða dýralíf. Um er að ræða að túnlendi, uppræddur sandur, og ekki er vitað um fágætar plöntutegundir eða dýrategundir á svæðinu og um er að ræða svæði sem er algengt og hefur ekki áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.</p>	0

<b>Náttúru- og menningaminjar</b> <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p> <p>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>	<p>Ekki er vitað um minjar á svæðinu. Við gerð deiliskipulags verður farið í deiliskráningu og því áhrif á fornleifar óljós.</p> <p>Um er að ræða áraura Skaftár og ekki sýnileg ummerki um aðrar menningarminjar, menningarverðmæti eða búsetulandslag. enda eru þetta svæði sem áður var sandur en grætt upp af bændum og Landgræðslunni.</p> <p>Svæðið er utan friðlýstra svæða eða svæða sem njóta annars konar verndar.</p>	?
<b>Vatn, sjór og strandlína</b> <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Vatnsverndarsvæði</p> <p>Vötn, ár og læki</p> <p>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</p>	<p>Nýtt athafnasvæði er utan vatnsverndarsvæðis og mun verða tengt veitukerfi sveitarfélagsins eða að nýttar verða blágrænar ofanvatnslausnir þannig að ofanvatn og fráveita á svæðinu mun ekki hafa áhrif á grunnvatn eða á vötn ár eða læki.</p>	0
<b>Landslag/ásýnd</b> <i>(viðmið sjá töflu í kafla 6.10)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Ásýnd/sjónræn áhrif</p> <p>Byggðamynstur</p>	<p>Athafnasvæði á Stjórnarsandi hefur neikvæð áhrif á ásýnd og byggðamynstur. Verið er að brjóta nýtt land undir atvinnustarfsemi og því eru sjónræn áhrif augljós. Settir eru skilmálar um frágang líða og hámarkshæð bygginga til að lágmarka sjónræn áhrif.</p>	
<b>Náttúrvá/Öryggismál</b>	<p>Verður náttúrvá til staðar á:</p>	<p>Nýtt athafnasvæði er við Skaftá og því þarf að gæta að flóðahættu frá Skaftá. Ekki er talin vera önnur náttúrvá fyrir hendi.</p>	

<b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p><i>Nýjum byggingarsvæðum</i></p> <p><i>Núverandi byggingarsvæðum</i></p> <p><i>Megin samgönguæðum</i></p> <p><i>Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðarörnyggi</i></p>	<p>Gera þarf því ráð fyrir ákveðnum gólfkóta bygginga á svæðinu sem miðast við 100 ára flóð í Skaftá.</p>	
---------------------------------------	--	---	--

## Valkostir

Aðrir valkostir sem skoðaðir voru er nágildandi stefna aðalskipulags sem gerir ráð fyrir skilgreiningu landbúnaðarsvæðis. Ekki var talin þörf að meta þann kost sértaklega í matstöflu.

## Samantekt niðurstöðu

Nýtt athafnasvæði á Stjórnarsandi hefur í flestum tilfellum óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem til skoðunar voru. Óljós áhrif eru á fornleifar og möguleg neikvæð áhrif vegna mögulegrar hættu flóða í Skaftá og neikvæð sjónræn áhrif þar sem verið er að brjóta nýtt land undir byggð.

### 9.8.3 Land- og skógræktarsvæði í Bresti

Í stefnu aðalskipulagsins er skilgreint nýtt skógræktarsvæði í Bresti í samstarfi við Skógræktina og Landgræðsluna. Um er að ræða 1360 ha á svokölluðum Brestum sem staðsettir eru á sandorpnu hrauni í Skaftáreldum. Skógræktin í Brestum verður landgræðsluverkefni og kolefnisjöfnunarsvæði og er ætlað að auka við líffræðilega fjölbreytni og sem ávinningur m.t.t. loftslagsmála.

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Stefna aðalskipulags um Skógrækt í Brestum</i>		
<b>Samfélag (viðmið sjá töflu í kafla 6.10)</b>	<p><i>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</i></p> <p><i>Gæði þjónustu við íbúa?</i></p> <p><i>Atvinnumöguleika íbúa?</i></p> <p><i>Íbúafjöldu og/eða íbúasamsetningu?</i></p>	<p><i>Skógrækt hefur jákvæði áhrif á gæði þjónustu við íbúa t.d. með fjölbreyttari atvinnutækifærum en svæðið getur líka með tíð og tíma orðið að vinsælu útvistarsvæði og stuðlað þannig að fjölbreyttari útvistarmöguleikum og bættri lýðheilsu. Einnig hefur skógrækin jákvæð áhrif á lýðheilsu þar sem þetta er liður í því að binda sandfok frá Skaftá en fint sandfok er við viss veðurskilyrði mikil á svæðinu og fer í skynfæri fóks og dýra.</i></p>	

	<p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru?</p>		
<b>Náttúrufar og dýralíf</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>	<p>Skógrækt á Brestum mun hafa óveruleg áhrif á núverandi gróðurfar á svæðinu. Um er að ræða hluta Eldhraunsins sem er að leyti sandorpið og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða og hefur því að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ekki er vitað um fágætar plöntutegundir eða dýrategundir á svæðinu en það verður metið á öðrum stigum s.s. við tilkynningu áfórmá til Skipulagsstofnar eða í framkvæmdaleyfisumsókn.</p> <p>Skógræktaráformin eru talin hafa jákvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins. Svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt búsvæði fugla eða dýra.</p>	<p>0</p>
<b>Náttúru- og menningarminjar</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p> <p>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p>	<p>Ekki er vitað um minjar á svæðinu. Við gerð skógræktaráætlunar fyrir svæðið verður farið í skráningu og því áhrif á fornleifar óljós.</p> <p>Um er að ræða áraura Skaftár og ekki sýnileg ummerki um aðrar menningarminjar, menningarverðmæti eða búsetulandslag.</p> <p>Svæðið er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá eða svæði sem skilgreint er sem Skálarheiði, Rauðhóll og fleira en um er að ræða nútímahraun. Skógræktin mun eiga sér stað á mjög sandorpnu hrauni og aðgerðin frekar til þess fallin að bæta umhverfið og koma í veg fyrir fok af svæðinu sem og til stuðla að bættum loftslagsmálum.</p>	<p>?</p> <p>0</p>

	<i>Hverfisverndarsvæði</i>		
<b>Vatn, sjór og strandlína (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p><i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</i></p> <p><i>Vatnsverndarsvæði</i></p> <p><i>Vötn, ár og læki</i></p> <p><i>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</i></p>	Skógræktin er utan vatnsverndarsvæðis en einnig hefur óveruleg áhrif á vatnsbúskap og grunnvatnsstöðu innan svæðisins.	0
<b>Landslag/ásýnd (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p><i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</i></p> <p><i>Ásýnd/sjónræn áhrif</i></p> <p><i>Byggðamynstur</i></p>	Skógrækt á svæðinu mun breyta ásýnd svæðisins frá sandorpnu hraunavæði yfir í skógræktarsvæði.	
<b>Náttúrvá/ Öryggismál (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p><i>Verður náttúrvá til staðar á:</i></p> <p><i>Nýjum byggingarsvæðum</i></p> <p><i>Núverandi byggingarsvæðum</i></p> <p><i>Megin samgöngu-æðum</i></p> <p><i>Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi</i></p>	Skógrækt mun hafa jákvæð áhrif á náttúrvá. Ekki er nein byggð á svæðinu en skógræktin er til þess fallin að auka þol gagnvart náttúrvá m.t.t loftslagsmála og einnig með bindingu jarðvegar á svæðinu. Skógræktin mun hefta sandfok og þannig koma í veg fyrir frekari gróður skemmdir í hrauninu	

## Valkostir

Aðrir valkostir sem skoðaðir voru er núgildandi stefna aðalskipulags sem gerir ráð fyrir skilgreiningu landbúnaðarsvæðis. Ekki var talin þörf að meta þann kost sértaklega í matstöflu en í dag er svæðið ekki nýtt til landbúnaðar.

## Samantekt niðurstöðu

Skógrækt í Brestum hefur jákvæð áhrif á samfélag og náttúruvá þar sem verið er að auka við fjölbreytileika í atvinnu og auka þol gagnvart náttúruvá og bætir lífsgæði. Óljós eða óverleg áhrif á menningaminjar eða náttúruvernd og á ásýnd og náttúrufar svæðisins.

### 9.8.4 Virkjun í Skaftárdal

Í stefnu aðalskipulagsins er sett stefna um 9,8 MW virkjun í landi Skaftárdals. Um er að ræða smávirkjun samkvæmt skilgreiningu sem er tilkynningarskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Nánari umhverfisáhrif yrðu könnuð þar en á þessu stigi eru áhrifin könnuð m.t.t. þeirra upplýsinga sem til eru í tengslum við umsókn um rannsóknarleyfi. Öll helstu mannvirki virkjunar, þ.e. stíflur, veitur og stöðvarhús verða í landi Skaftárdals. Markmið virkjunar eru annars vegar að koma jörðinni í byggð með því að hefja orkubúskap ásamt því að tryggja samgöngumannvirki að Skaftárdal og hins vegar að tryggja að raforkuvinnsla nýtist til fjölbreyttrar atvinnuuppbryggingar í Skaftárhreppi ásamt auknu raforkuöryggi í Skaftárhreppi og nágrenni. Framkvæmdarsvæðið er skammt frá austurbakka Skaftár á skerjahrygg vestan við túnstæðin á Skaftárdal. Suðurmörk svæðisins eru farvegur Skaftár neðan við Hrauntanga og norðurmörkin eru Nátthagaflúðir.

Viðfangsefni	Stefna aðalskipulags um virkjun í Skaftárdal		
<b>Samfélag</b>  (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)	<p>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</p> <p>Gæði þjónustu við íbúa?</p> <p>Atvinnumöguleika íbúa?</p> <p>Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?</p> <p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþróttar-, tómstunda- og útvistarsvæðum og náttúru?</p>	Virkjun í Skaftárdal er talin hafa jákvæði áhrif á gæði þjónustu við íbúa t.d. með bættu raforkuöryggi á svæðinu og bætir einnig möguleika á að raforkuvinnsla nýtist í sveitarfélaginu til uppbryggingar atvinnutækifæra.	
<b>Náttúrufar og dýralíf</b>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og</p>	Um er að ræða rennslisvirkjun án miðlunarlon. Möguleg áhrif á dýralíf eru mestmegin bundin við ána sjálfa og líffræði hennar s.s. möguleg áhrif á vatnsrennsli og dýralíf í ánni. Á framkvæmdatíma þarf mögulega að fjarlægja tré innan framkvæmdasvæðisins sem plantað hefur verið á vegum	 0

<p><b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b></p>	<p>veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>	<p>Skógræktar Íslands (Suðurlandsskógar) en þeim verður plantað aftur í lok verks. Óveruleg eða óljós áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika eða á mikilvæg búsvæði fugla eða dýra.</p>	
<p><b>Náttúru- og menningarminjar</b></p> <p><b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b></p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p> <p>Aðrar menningarminjar-/verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>	<p>Fornleifaskráning fór fram á jördinni Skaftárdal árið 2005 og mun fyrirhuguð virkjun ekki hafa áhrif á fornleifar á svæðinu en þetta veður skoðað nánar í málsmæðferð umhverfismats sem og við gerð deiliskipulags fyrir svæðið.</p> <p>Virkjunarsvæðið er í Skaftá sem er í Skaftáreldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Um er að ræða rennslisvirkjun án miðlunarlóns og áhrifin því talin vera óveruleg á verndina.</p>	0
<p><b>Vatn, sjór og strandlína</b></p> <p><b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b></p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Vatnsverndarsvæði</p> <p>Vötn, ár og læki</p>	<p>Virkjunin er utan vatnsverndarsvæðis en einnig getur haft möguleg óljós eða neikvæð áhrif á vatnsbúskap árinna.</p>	0/?

	Votlendissvæði, strandsvæði grunnsævi	eða		
<b>Landslag/ásýnd</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</i>  <i>Ásýnd/sjónræn áhrif</i>  <i>Byggðamynstur</i>	Ný mannvirki í landi þar sem lítið er um önnur mannvirki breyta ávallt ásýnd en þar sem um er að ræða umfangslítil mannvirki, stöðvarhús og stíflu en ekkert miðlunarhlón þá eru áhrifin talin vera neikvæð eða óveruleg.		<b>0</b>
<b>Náttúrvá/ Öryggismál</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<i>Verður náttúrvá til staðar á:</i>  <i>Nýjum byggingar- svæðum</i>  <i>Núverandi byggingar- svæðum</i>  <i>Megin samgöngu- æðum</i>  <i>Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi</i>	Virkjun í Skaftá er talin hafa óveruleg áhrif á þá þætti og matssprungar sem liggja til grundvallar.		<b>0</b>

## Valkostir

Aðrir valkostir sem skoðaðir voru er nágildandi stefna aðalskipulags sem gerir ráð fyrir skilgreiningu landbúnaðarsvæðis. Ekki var talin þörf að meta þann kost sértaklega í matstöflu en einnig útfærsluatriði virkjunar sem breyta litlu varðandi umhverfisáhrif þeirrar stefnu sem sett er fram í aðalskipulagi.

## Samantekt niðurstöðu

9,8 MW virkjun í er talin hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti t.d. með bættu raforkuöryggi í sveitarféluginu. Óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar. og náttúrvá. Óljós eða óveruleg áhrif á vatnafar en óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúrfar og dýralíf sem og landslag og ásýnd.

---

### 9.8.5 Virkjun í Hnútu

---

Í stefnu aðalskipulagsins er sett stefna 9,3 MW virkjun í Hverfisfljóti. Virkjunin verður rennslisvirkjun sem felur í sér að ekkert miðlunarhlón verður um að ræða. Framkvæmdin felur í sér gerð stíflu þvert yfir Hverfisfljótið sem beinir rennsli vatnsins að inntaksmannvirki. Þaðan fer

vatnið inn í þrýstipípu sem leiðir vatnið niður í stöðvarhús virkjunarinnar. Áætluð fallhæð er um 116 metrar. Frárennslisskurði verður svo komið fyrir sem mun liggja frá stöðvarhúsi og að árfarvegi þar sem vatni sem búið er að nýta til virkjunar verður aftur hleypt í farveg árinnar. Hverfisfljót er jökulá með miklar árstíðarbundnar sveiflur í rennsli. Að sumarlagi við leysingar er mikill aurburður í Hverfisfljóti en að vetrarlagi er vatnið næstum tært. Áætlað er að um 9,5 m<sup>3</sup>/s af rennsli árinnar verði virkjað og mun það vatn sem ekki nýtist til virkjunar falla yfir stífluna og renna áfram niður núverandi árfarveg meirihluta ársins.

Fyrirhuguð framkvæmd felur einnig í sér lagningu aðkomuvegar með einni brú frá heimreið við Dalshöfða að stöðvarhúsi og gerð slóða meðfram þrýstipípu frá stöðvarhúsi og upp að stíflu. Að auki er gert ráð fyrir að jarðstrengur verði lagður meðfram aðkomuvegi. Við gerð deiliskipulags verður til viðbótar þessum framkvæmdaþáttum skoðað hvort forsendur séu fyrir því að setja skilmála um aðstöðu fyrir ferðamenn og gesti við Lambhagafossa, svo sem göngustíga, göngubrú og/eða útsýnispalla.

Efni sem þarf til mannvirkjagerðar er að mestu steypuefni í stíflu og yfirfall, stöðvarhús og inntaksmannvirki. Steypuefni þarf að flytja að framkvæmdasvæðinu úr opnum steypuefnisnánum á svæðinu. Að auki þarf malarfyllingu í aðkomuveg og slóðir og stefnt er að því að nýta afmarkað efnistökusvæði í nálægð við fyrirhugaðan aðkomuveg til efnistöku í vegi.

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Stefna aðalskipulags um virkjun Hnútu</i>		
<i>Samfélag (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p><i>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</i></p> <p><i>Gæði þjónustu við íbúa?</i></p> <p><i>Atvinnumöguleika íbúa?</i></p> <p><i>Íbúajölda og/eða íbúasamsetningu?</i></p> <p><i>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</i></p> <p><i>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útvistarvæðum og náttúru?</i></p>	<p><i>Uppbygging á framkvæmdatíma getur haft jákvæð áhrif í för með sér sem eru þó tímabundið við framkvæmdatíma. Jákvæð áhrif á íbúapróun til lengri tíma og jákvæð áhrif á raforkuöryggi.</i></p> <p>Skipulagsbreytingin og framkvæmdin sem hún innifelur hefur áhrif á umfangsmikið svæði sem í dag er að langmestu leyti óraskað og mun ásýnd þess taka verulegum breytingum með tilkomu virkjunarinnar. Með tilkomu nýs vegar batnar aðgengi að svæðinu miðað við núverandi aðstæður en einkeni og yfirbragð svæðisins mun jafnframt verða annað.</p>	
<i>Náttúufar og dýralíf (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p><i>Hefur próun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</i></p> <p><i>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</i></p> <p><i>Svæði sem teljast mikilvæg vegna</i></p>	<p>Neikvæð áhrif á gróður verði vegna skerðingar á mosabreiðum sem þekja Skaftárelabraun. En um 5 km allt að 10 m breiður samfelldur kafli íhrauninu verður fyrir raski vegna aðkomuvegar. Þá verður töluvert rask á gras- og lyngmóum í hlíðinni ofan stöðvarhússins. En sú hlíð og leiðin milli stöðvarhúss og inntaks mun verða raskað á allt að 25 metra breiðu belti á allt að 2 km löngu svæði. Stærstur hlutur þess verður græddur upp að nýju í lok framkvæmda en eftir stendur varanlegt rask vegna vegslóðar að stíflu.</p> <p>Neikvæð áhrif á fuglalíf verður á framkvæmdatíma. Það sé því æskilegt að halda framkvæmdum utan viðkvæmasta tíma, frá</p>	0

	<p><i>liffræðilegs fjölbreytileika?</i></p> <p><i>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</i></p> <p><i>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</i></p>	<p>maí fram í byrjun júlí líkt og fram kemur í matsskýrslu. Þegar fram líða stundir og frágangi er lokið muni fuglar geta nýtt svæðið að mestu leyti með sama hætti og áður. Áhrifin þó tímabundin en varanlegu áhrifin á landi séu ekki á svæði þar sem fuglalíf er auðugt og verði því óveruleg.</p> <p>Áhrif á vatnalíf t.a.m. fiska verða óveruleg þar sem áin er ekki fiskgeng á þessum kafla en sumarið er sá tími þegar mestar líkur eru til að fólk komi til að skoða þá.</p>	
<b>Náttúru- og menningarminjar</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p> <p>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>	<p>Áhrif á fornleifar verði staðbundin og óveruleg. Brýnt er að afmarka réttina við Hverfisfljót og kanna garða við Dalshöfða með greftri. Niðurstöðu þeirra athugunar þarf síðan að bera undir Minjastofnun Íslands.</p> <p>Fyrir liggur að 5 km löng og um 6 m breiður vegur mun liggja meðfram farvegi Hverfisfljóts og ásamt stöðvarhúsi hafa í för neikvæð áhrif á Skaftáreljahrauni en heildarbreidd raskaðs svæðis er 10 m. Eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. ákvæðum náttúruverndarlaga auk þess sem þau falla undir verndarmarkmið laganna um jarðmyndanir sem beri að vernda og eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu. Breytingin sem felur í sér framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar innan Köllu jarðvangs hefur neikvæð áhrif á verndargildi Köllu jarðvangs sem var fyrsta íslenska svæðið sem hlaut viðurkenningu UNESCO sem jarðvangur (Global Geopark). Aðalskipulagsbreytingin og þeir framkvæmdaþættir sem nýtt iðnaðarsvæði felur í sér hefur neikvæð áhrif á Núpahraun vegna rasks en það nýtur líkt og Skaftáreljahraun verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.</p>	<p>0</p> 
<b>Vatn, sjór og strandlína</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Vatnsverndarsvæði</p> <p>Vötn, ár og læki</p> <p>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</p>	<p>Áhrif á vatnafar felast fyrst og fremst í skertu rennsli á þeim hluta Hverfisfljóts sem verður virkjaður. Ekki er að vænta áhrifa vegna vatnssöfnunar eða breytingu á grunnvatni og uppsprettum þar sem gert er ráð fyrir rennslisvirkjun án miðlunar. Skert rennsli verður á u.p.b. 2,5 km kafla frá stíflu að frárennslisskurði stöðvarhúss. Þar verður veruleg breyting á rennsli frá því seinni hluta desember og fram í maí. Ástæða þessa er hversu lítil munur er á virkjuðu og náttúrulegu rennsli á þessum tíma árs sem gerir það að verkum að mest allt ofangreint tímabil mun rennsli á þessum kafla verða hverfandi. Á þessum kafla eru Lambhagafossar og njóta fossar og nánasta umhverfi þeirra sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Forðast ber að raska fossum nema brýna nauðsyn beri til. Yfir sumarmánuðina og fram á haust er rennsli árinnar margfalt á við virkjað rennsli og verða áhrif virkjunar á vatnafar yfir það tímabil óveruleg m.a. á Lambhagafossa. Áhrif virkjunarinnar á vatnafar eru</p>	<p>0</p>

		staðbundin og að mestu leyti bundin við fyrstu fjóra mánuði ársins.	
<b>Landslag/ásýnd</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</i>  <i>Ásýnd/sjónræn áhrif</i>  <i>Byggðamynstur</i>	Skipulagsbreytingin og framkvæmdin sem hún innifelur kemur til með að skerða óbyggð víðerni þar sem mannvirki verði að mestu leyti ofan og utan hins byggða láglendis og munu að hluta skerða víðerni innan hálandislinu. Neikvæð áhrif á sérstæða landslagsheild og ásýnd óraskaðs svæðis verður raskað vegna vegar, skurða, stíflu, stöðvarhúss og fleiri mannvirkja auk þess sem hluta ársins verða talsverðar ásýndarbreytingar á svæðinu vegna skerts rennslis á 2,5 km kafla. Virkjanasvæðið mun þannig taka á sig yfirbragð iðnaðarsvæðis að framkvæmdum loknum. Að einhverju leyti er unnt að draga úr sýnileika mannvirkja með markvissum frágangi og hönnun mannvirkja.	
<b>Náttúrvá/Öryggismál</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<i>Verður náttúrvá til staðar á:</i>  <i>Nýjum byggingar-svæðum</i>  <i>Núverandi byggingar-svæðum</i>  <i>Megin samgöngu-æðum</i>  <i>Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi</i>	Virkjun í Hverfisfljóti er talin hafa óveruleg áhrif á þá þætti og matssprungunar sem liggja til grundvallar.	0

## Valkostir

Í umhverfismati vegna virkjunar í Hverfisfljóti við Hnútu var horft til ákveðinna valkosta varðandi staðsetningu aðkomuvegar og útfærslu virkjunar sem ekki verður farið nánar í þessari umfjöllun og vísað í matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar frá júlí 2020. Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar er gerður samanburður við „núllkost“ sem felst í óbreyttu ástandi og svæðið áfram skilgreint eftir gildandi aðalskipulagi.

Áhrif núllkosts sem er sú landnotkun sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir sem felur í sér að ekki verði farið í þessar framkvæmdir. Áhrif núllkosts hefur að flestu leyti svipuð áhrif á alla umhverfisþætti sem til skoðunar eru og þau viðmið sem eru höfð til tilsjónar þar sem en verið er samt að minnka umfangið talsvert frá gildandi aðalskipulagi þannig að ætla mætti að umhverfisáhrifin verði hlutfallslega minni.

## Samantekt niðurstöðu

9,3 MW virkjun í er talin hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti t.d. með bættu raforkuöryggi í sveitarfélagini. Óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúrufar og dýralíf og náttúru- og menningarminjar. Neikvæði áhrif á landslag og ásýnd. Óljós eða óveruleg áhrif á vatnafar en óveruleg áhrif á vatn, sjó og strandlínu og náttúrvá og öryggismál.

## 9.8.6 Skálarvirkjun

Eins og í gildandi aðalskipulagi er áfram sett stefna um virkjun Skraftár í landi Skálar en virkjunin er innan svæðis sem er á C-hluta náttúruminjaskrár. Forsendur virkjunar hafa ekki breyst frá gildandi aðalskipulagi og áfram er gert ráð fyrir 5 MW virkjun og mun orkan verðar nýtt í iðnaðarstarfsemi á virkjunarsvæðinu og hluti fluttur um jarðstreng að núverandi 19 kV háspennulínu til Kirkjubæjarklausturs. Gert er ráð fyrir 10 ha lóni og allt að 5 ha lóð fyrir stöðvarhús og fiskfóðurverksmiðju. Áætluð aðrennslis- og veitugöng eru 100 m, skurðir 40 m og mesta hæð á stíflum 6 m.

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Stefna aðalskipulags um Skálarvirkjun</i>		
<i>Samfélag (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</p> <p>Gæði þjónustu við íbúa?</p> <p>Atvinnumöguleika íbúa?</p> <p>Íbúafjölða og/eða íbúasamsetningu?</p> <p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþróttar-, tómstundar- og útvistarsvæðum og náttúru?</p>	<p>Uppbygging iðnaðarsvæðis mun hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulif, einkum á framkvæmdatíma vegna fjölgunar starfa á uppbyggingartíma.</p> <p>Stefnt er að því að raforkan á svæðinu nýtist til uppbyggingar á atvinnustarfsemi í sveitarfélagini þannig að hún stuðli að frekari uppbyggingu í sveitarfélagini til hagsbóta og framþróunar.</p> <p>Óveruleg eða jákvæð áhrif á lýðheilsu eða aðgengi að útvistarsvæðum eða náttúru með bættu aðgengi að svæðinu.</p>	
<i>Náttúrufar og dýralíf (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p>	<p>Óljós áhrif á dýralíf og gróðurfar. Ekki hefur farið fram gróður-eða dýrallífsrannsókn á svæðinu en ljóst þykir að þar sem rask verður vegna uppbyggingar á virkjun eða lóni þá mun það hafa staðbundin neikvæð áhrif á umhverfið bæði á framkvæmdatíma en einnig á það svæði sem fer undir lón.</p>	?

	<p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>		
Náttúru- og menningarminjar  (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p> <p>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>	<p>Svæðið er innan svæðis sem er á c-hluta náttúruminjaskrár og hverfisverndar vegna Skaftáreldahrauns sem jafnframt heyrir undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og því möguleg neikvæð áhrif á verndarsvæði.</p> <p>Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og því áhrifin óljós hvað þann þátt varðar.</p>	?
Vatn, sjór og strandlína  (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Vatnsverndarsvæði</p> <p>Vötn, ár og læki</p> <p>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</p>	<p>Óljós áhrif á vatnafar en möguleg áhrif væru aðallega á farveg Skaftár á framkvæmdasvæðinu og mögulega ofar á vatnsviðinu ef farið verður í aðgerðir til að auka rennsli á vetrum.</p> <p>Möguleg áhrif á grunnvatn vegna leka úr lóninu.</p>	?
Landslag/ásýnd  (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á</p>	<p>Stíflumannvirki í Skaftá á móts við Skál mun valda sjónrænum áhrifum við lónstæði og stíflu. Í hlaupum hefur þó vatnsyfirborð Skaftár verið sambærilegt og áætlað lón.</p>	

	<p><i>eftirfarandi meginþætti:</i></p> <p><i>Ásýnd/sjónræn áhrif</i></p> <p><i>Byggðamynstur</i></p>		
<b>Náttúrvá/ Öryggismál (viðmið sjá töfлу í kafla 9.6)</b>	<p><i>Verður náttúrvá til staðar á:</i></p> <p><i>Nýjum byggingar- svæðum</i></p> <p><i>Núverandi byggingar- svæðum</i></p> <p><i>Megin samgöngu- æðum</i></p> <p><i>Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi.</i></p>	<p>Möguleg óbein áhrif vegna aukinnar umferðar, hávaða og framkvæmda á uppbyggingartíma virkjunar.</p> <p>Óveruleg eða óljós áhrif á aðra þætti.</p>	<p>?</p> <p>0</p>

## Valkostir

Ekki voru settir fram aðrir valkostir varðandi virkjun Skaftár í landi Skálar. Núllkostur eða óbreytt ástand er sama stefna og sett er fram í gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 og er ekki verið að víkja frá þeiri stefnu.

## Samantekt niðurstöðu

5 MW virkjun í er talin hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti t.d. með bættu raforkuöryggi í sveitarféluginu og aukinni atvinnu á framkvæmdatíma. Óljós eða neikvæð áhrif eða neikvæð áhrif á náttúrufar og dýralíf og náttúru- og menningarminjar. Neikvæði áhrif á landslag og ásýnd. Óljós eða óveruleg áhrif á vatnafar en óveruleg áhrif á vatn, sjó og strandlínu og náttúrvá og öryggismál.

---

### 9.8.7 Verslunar- og þjónustusvæði í Hrífunesi

---

Í aðalskipulaginu er sett fram stefna um verslunar- og þjónustusvæði í Hrífunesi á svæði sem skilgreint er sem Vþ9. Um er að ræða stækjun á svæði sem í gildandi aðalskipulagi var skilgreint sem V2 þar sem heimilt var að vera með veitingaþjónustu og bændagistingu, stærð svæðis var um 19 ha. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er horft til þess að stækka svæðið talsvert eða upp í 80 ha þar sem heimilt verður að vera með veitingaþjónustu, gistingu og hótel.

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Stefna aðalskipulags um verslun og þjónustu í Hrifunesi</i>		
<b>Samfélag (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</p> <p>Gæði þjónustu við íbúa?</p> <p>Atvinnumöguleika íbúa?</p> <p>Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?</p> <p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómtunda- og útvistarsvæðum og náttúru?</p>	<p>Stefna aðalskipulags um uppbyggingu í landi Hrifunes er talin hafa jákvæð áhrif á þær matssurningar sem liggja að baki áhrifa á samfélagslega þætti. Verið er að stuðla að aukinni fjölbreytni atvinnutækifæra og vegna umfangs verkefnisins getur þetta orðið nokkuð stór vinnustaður sem kallar á aukið vinnuafli sem hefur jákvæð áhrif á efnahag á svæðinu bæði á uppbyggingartíma sem og þegar starfsemin er farin í gang.</p> <p>Möguleg jákvæð áhrif á íbúafjölda innan sveitarfélagsins vegna aðflutnings starfsfólks.</p> <p>Áhrif á aðra þætti eru talin óveruleg.</p>	
<b>Náttúufar og dýralíf (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>	<p>Uppbygging mun fara fram á svæði þar sem birkikjarr er talsvert þétt og áberandi í gróðurþekjunni. Að öðru leyti einkennist svæðið af móa og misgrónum moldarflákum. Leitast verður við að hreyfa sem minnst við gróðri utan fyrirhugaðra byggingarsvæða. Þar sem gert er ráð fyrir hótelbyggingu eru að mestu án birkikjarrs.</p> <p>Þar sem þörf reynist á að ryðja birkiskógi þá verður plantað birki sem því nemur annars staðar innan svæðisins.</p> <p>Óheimilt er að fella tré eða færa til gróður nema þar sem nauðsynlegt er t.d. þar sem skal byggja hús, leggja göngustíga, vegi og á dvalarstæðum við hús innan byggingarreits og skal það gert í samvinnu við Skógræktina. Hönnun svæðisins, á öllum stigum, skal vera unnin í samvinnu við Skógræktina og ef til einhværrar skerðingar kemur þarf samþykki hennar fyrir allar mótvægisáðgerðir sem skulu þær útlistaðar í deiliskipulagi. Óheimilt er að planta framandi trjátegundum á svæðinu. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir vatnsöflun á svæðinu, þar á meðal slökkvivatni og flóttaleiðum</p>	 0
<b>Náttúru- og menningarminjar (viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p>	<p>Engar þekktar náttúrumínjar eru á svæðinu né svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.</p> <p>Fornleifaskráning hefur farið fram á svæðinu og uppbygging á svæðinu er ekki talin hafa áhrif á fornleifar.</p>	0

	<p>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>		
<p><b>Vatn, sjór og strandlína</b></p> <p>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Vatnsverndarsvæði</p> <p>Vötn, ár og læki</p> <p>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</p>	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt en fráveita verður veitt í tveggja þrepa hreinsivirkri.	<b>0</b>
<p><b>Landslag/ásýnd</b></p> <p>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Ásýnd/sjónræn áhrif</p> <p>Byggðamynstur</p>	Umfang uppbyggingar mun hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd en dregið verður úr þeim áhrifum með því að úlit og hönnun mannvirkja falli sem best að umhverfi og landslagi svæðisins. Þess skal gætt að mannvirkioð hafi sem minnst áhrif á ásýnd á svæðið s.s. form, lit, glampa og ljós.	
<p><b>Náttúrvá/Öryggismál</b></p> <p>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</p>	<p>Verður náttúrvá til staðar á:</p> <p>Nýjum byggingarsvæðum</p> <p>Núverandi byggingarsvæðum</p>	Aukin starfsemi á svæðinu mun hafa í för með sér aukna umferð á svæðinu til viðbótar við önnur uppbyggingarsvæði sem eru við Hrifunesveg. Aukningin er þó talin ekki hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi en óviss vegna hættu á gróðureldum.	<b>0/?</b>

	<p><i>Megin samgöngu-æðum</i></p> <p><i>Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi</i></p>	
--	--	--

## Valkostir

Aðrir valkostir sem til skoðunar voru er núllkostur sem er gilandi aðalskipulag sem gerir ráð fyrir umfangsminni uppbyggingu en lögð er til í endurskoðuninni. Núllkostur hefur í för með sér í öllum umhverfisþáttum mun minni umhverfisáhrif og þá sér í lagi á umhverfisþættina náttúrfar og dýralíf, samfélag og landslag og ásýnd.

## Samantekt niðurstöðu

Stefna aðalskipulags um stækjun verslunar- og þjónustusvæðis í Hrífunesi er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag. Óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúrufar og dýralífi. Óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlinu og náttúrvá og öryggismál. Áhrifin eru talin vera neikvæð á landslag og ásýnd.

### 9.8.8 Ný frístundabyggð í Hemrumörk

Í stefnu aðalskipulagsins er sett stefna um frístundabyggð í Hemruhlíð í landi Hemrumarkar. Um er að ræða u.b.b. 127,5 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir samtals 25 lóðum sem verða á bilinu 0,5-23,5 ha að stærð. Á svæðinu eru nú nokkur frístundahús.

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Stefna aðalskipulags um frístundabyggð í landi Hemrúmarkar</i>		
<b>Samfélag</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</p> <p>Gæði þjónustu við íbúa?</p> <p>Atvinnumöguleika íbúa?</p> <p>Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?</p> <p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útvistarsvæðum og náttúru?</p>	<p>Stefna um frístundabyggð í landi Hemrúmarkar er talin hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og svarar eftirspurn eftir lóðum undir frístundabyggð á svæðinu. Hefur einnig jákvæð áhrif á þjónustu í sveitarfélagini þar sem dvalargestir sækja mögulega í þjónustu í byggð hvort sem matvöru eða afþreyingu.</p> <p>Stefna aðalskipulags um frístundabyggð í landi Hemrúmarkar er ekki talin hafa neikvæð áhrif á aðra landnotkun s.s. landbúnaðarland eða ræktunarmöguleika. Ekki er verið að taka gott landbúnaðarland undir frístundabyggð.</p>	
<b>Náttúrufar og dýralíf</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftifarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>	<p>Frístundasvæðið er staðsett í birkikjarri og hefur því uppbygging frístundabyggðar neikvæð áhrif á birki en varanleg skógarreyðing sem tekur til 0,5 ha svæðis er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Með því að stuðla að nýplöntun annars staðar til samræmis við það sem eytt verður er hægt að koma til móts við neikvæð áhrif.</p> <p>Frístundabyggð getur haft neikvæð áhrif á dýralíf á svæðinu með aukinni umferð, athafnir og framkvæmdir innan svæðisins. Ekki er vitað um mikilvæg vistsvæði fugla eða mikilvæg búsvæði dýra eða gróðurs á svæðinu.</p>	 0
<b>Náttúru- og menningarminjar</b>  <i>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</i>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p> <p>Fornleifar</p>	Óljós áhrif á fornleifar eða aðrar menningarminjar þar sem skráning hefur ekki farið fram.	?

	<p>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</p> <p>Búsetu- eða menningarlandslag</p> <p>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</p> <p>Svæði á náttúrumínjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>		
<p><b>Vatn, sjór og strandlína</b></p> <p>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Vatnsverndarsvæði</p> <p>Vötn, ár og læki</p> <p>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</p>	<p>Óveruleg áhrif á vatn, sjó og strandlínu, engin vatnsverndarsvæði eru í nágrenninu og fráveitu verður í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi og áhrif á aðra þætti sem til skoðunar eru talin óveruleg.</p>	<p>0</p>
<p><b>Landslag/ásýnd</b></p> <p>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Ásýnd/sjónræn áhrif</p> <p>Byggðamynstur</p>	<p>Óveruleg eða neikvæð áhrif á landslag eða ásýnd þar sem um er að ræða óbyggt svæði í dag sem mun breytast með uppbyggingu nýrra mannvirkja og breyta því talsvert byggðamynstri sem einkennist í dag af núverandi lanbúnaðarmannvirkjum og stöku frístundahúsum.</p>	<p>0</p> 
<p><b>Náttúrvá/Öryggismál</b></p> <p>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</p>	<p>Verður náttúrvá til staðar á:</p> <p>Nýjum byggingar-svæðum</p> <p>Núverandi byggingar-svæðum</p> <p>Megin samgöngu-æðum</p>	<p>Umferð um mun aukast talsvert með aukinni uppbyggingu frístundahúsa svæðinu og einnig með uppbyggingu annarra frístundahúsa í landi Hífuness en aukningin ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.</p> <p>Óveruleg á aðra þætti sem til skoðunar eru.</p>	<p>0</p>

	<i>Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi</i>		
--	---	--	--

## Valkostir

Aðrir valkostir sem skoðaðir voru er núgildandi stefna aðalskipulags sem gerir ráð fyrir skilgreiningu landbúnaðarsvæðis. Ekki var talin þörf að meta þann kost sértaklega í matstöflu.

## Samantekt niðurstöðu

Stefna aðalskipulags um stækkan verslunar- og þjónustusvæðis í landi Hemrumarkar er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag. Óveruleg áhrif á vatnafar og náttúrvá og öryggismál. Möguleg neikvæð eða óveruleg áhrif á náttúrfar og dýralif og landslag og ásýnd.

### 9.8.9 Verslunar- og þjónustusvæði í Hátúni

Í stefnu aðalskipulagsins er sett stefna um frístundabyggð 35 ha svæði í Hátúni þar sem fyrirhugað er að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn í litlum gistihúsum sem standa munu í nokkrum þyrringum. Markmiðið er að skapa sérstæða gistimöguleika í einstakri náttúru þar sem áhersla er lögð á staðsetningu í landslagi og útlit húsa. Einnig er áhersla lögð á vetrarferðamennsku, þannig að svæðið verði nýtt allan ársins hring en afþreying á staðnum miðast við allar árstíðir. Um er að ræða svæði sem staðsett er í Landbrotshólum sem er stærsta samfellda gervígásvæði landsins. Fyrirhuguð uppbygging fer þó ekki inná það ósnortna svæði og uppbyggingu komið fyrir á stöðum sem þykja vera innan þess mannvirkjabelts sem skapast hefur á svæðinu á undanförnum áratugum þar sem finna má ræktuð lönd og sumarhúsabyggð. Þrír kostir voru til skoðunar en í stefnu aðalskipulags er horft til kostar A1, sjá umfjöllun um valkosti hér að neðan.


<i>Viðfangsefni</i>	<i>Stefna aðalskipulags um verslun og þjónustu í Hátúni</i>		
<b>Samfélag</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur stefnumörkunin áhrif á:</p> <p>Gæði þjónustu við íbúa?</p> <p>Atvinnumöguleika íbúa?</p> <p>Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?</p> <p>Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?</p> <p>Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómtunda- og útivistarsvæðum og náttúru?</p>	<p>Stefna aðalskipulags um uppbyggingu ferðapjónustusvæðis er talin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á þær matssurningar sem liggja að baki áhrifa á samfélagslega þætti. Verið er að stuðla að aukinni fjölbreytni atvinnutækifæra en umfangið er frekar lítið þannig að áhrifin á aðra þætti eru talin óveruleg.</p>	
<b>Náttúrufar og dýralíf</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</p> <p>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</p>	<p>Svæðið er staðsett í jaðri Landbrothóla og á svæði sem þegar hefur verið raskað með vega- eða slóðagerð. Gróðurfar svæðisins einkennist af hraunlendi þá annað hvort mosahraunvist eða lynghraunavist. Á hluta svæðisins má einnig finna tún í rækt. Svæðið er staðsett innan svæðis sem skilgreint er mikilvægt fuglasvæði, Landbrot-Meðalland. Uppbygging getur því haft möguleg neikvæð á náttúrufar og dýralíf.</p>	  
<b>Náttúru- og menningaminjar</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</p>	<p>Óljós áhrif á fornleifar eða aðrar menningarminjar þar sem skráning hefur ekki farið fram.</p> <p>Svæðið nýtur verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en fyrirhuguð uppbygging er staðsett innan þess svæðis sem skilgreint er sem Landbrothólar.</p>	  

	<p><i>Fornleifar</i></p> <p><i>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</i></p> <p><i>Búsetu-eða menningarlandslag</i></p> <p><i>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</i></p> <p><i>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</i></p> <p><i>Hverfisverndarsvæði</i></p>	Óveruleg áhrif á aðrar matssurningar.	0
<b>Vatn, sjór og strandlína</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p><i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</i></p> <p><i>Vatnsverndarsvæði</i></p> <p><i>Vötn, ár og læki</i></p> <p><i>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</i></p>	Óveruleg áhrif á vatn, sjó og strandlinu, engin vatnsverndarsvæði eru í nágrenninu og fráveitu verður í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi og áhrif á aðra þætti sem til skoðunar eru talin óveruleg.	0
<b>Landslag/ásýnd</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p><i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</i></p> <p><i>Ásýnd/sjónræn áhrif</i></p> <p><i>Byggðamynstur</i></p>	Neikvæð áhrif á landslag eða ásýnd þar sem um er að ræða óbyggt svæði í dag sem mun breytast með uppbyggingu nýrra mannvirkja og breyta því landslagi sem einkennist í dag. Svæðið er þó staðsett á svæði sem nú þegar er raskað af vegagerð og slóðum sem og túnrækt.	
<b>Náttúrvá/Öryggismál</b>  <b>(viðmið sjá töflu í kafla 9.6)</b>	<p><i>Verður náttúrvá til staðar á:</i></p> <p><i>Nýjum byggingarsvæðum</i></p> <p><i>Núverandi byggingarsvæðum</i></p>	<p>Umferð um Meðallandsveg mun aukast talsvert með aukinni uppbyggingu ferðapjónustusvæði en aukningin ekki talin hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.</p> <p>Óveruleg á aðra þætti sem til skoðunar eru.</p>	0

	Megin samgöngu-æðum  Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi	
--	---	--


### Valkostir

Aðrir valkostir sem skoðaðir voru er núgildandi stefna aðalskipulags sem gerir ráð fyrir skilgreiningu landbúnaðarsvæðis. Ekki var talin þörf að meta þann kost sértaklega í matstöflu. Aðrir kostur sem skoðaðir voru var mismunandi staðsetning ferðaþjónustusvæðis á afmörkuðu svæði innan Landbrotshóla. Við vinnslu deiliskipulags var búið að greina landslag og náttúrfar jarðarinnar Hátuns og útfrá þeirri greiningu staðsetning ákveðin þar sem hægt væri að koma fyrir ferðaþjónustusvæðinu.



Mynd 36. Yfirlitsmynd yfir Hátún (blá lína). Rauð lína sýnir afmörkun fyrirhugaðs ferðaþjónustusvæðis.

erð var að lokum greining á svæði A og B. Sérstök áhersla var lögð á að takmarka sýn til nálægra bygginga með því að velja staðsetningu út frá hólum og landslagi. Með því að halda sig innan mannvirkjabeltis vestan Meðallandsvegar, er reynt að sameina alla þessa þætti.



Mynd 37. Valkostir sem voru til skoðunar.

Kostur A1: Kostir: gistihluti utan ásýndar aðliggjandi byggðar, slétt land f. hús, nálægð við náttúruupplifun, möguleiki að koma bílastæðum fyrir á túni með landmótun svo þau verði lítið sýnileg, þéttинг byggðar möguleg, minna rask, þjónustukjarni miðlægur, nýtir nuv. vegslóða og stutt aðkoma. Gallar: bílastæðahluti í ásýnd frá nuv. byggð, slétt landslag einsleitt, vegalengd frá aðkomu (bílastæðum) að gistihúsum lengist, kostnaður við landmótun bílastæða, lítið pláss til stækunar.

Kostur A2: Kostir: Að mestum hluta utan ásýndar aðliggjandi byggðar, mikil nálægð við náttúru, gistihús í lítilli ásýnd hvers annars, meira næði, þjónustukjarni miðlægur.

Gallar: Óslétt landslag fyrir hús sem kallar á dreifari byggð, mjög langur aðkomuvegur.

Kostur B1: Kostir: gistihluti að stærstum hluta utan ásýndar aðliggjandi byggðar, sléttlendi, nálægð við náttúru, þjónustukjarni getur verið miðlægur, nýtir nuv. vegslóða og stutt aðkoma.

Gallar: Þéttинг byggðar mikil, lítið pláss til stækunar, í nálægð við Tungulæk, uppræta þarf lúpínu á svæðinu, minna næði v/ nálægðar við þjóðveg, raskað svæði v/ slóða og girðinga

### Samantekt niðurstöðu

Stefna aðalskipulags um verslun og þjónustu í landi Hátúns talin hafa jákvæð áhrif á samfélag. Möguleg neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, náttúrufar og dýralíf, óveruleg, óljós eða neikvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar og óveruleg áhrif á náttúrvá og öryggismál og vatn, sjó og strandlinu. Óveruleg áhrif á vatnafar og náttúrvá og öryggismál. Möguleg neikvæð eða óveruleg áhrif á náttúrufar og dýralíf og landslag og ásýnd.

## 9.9 Mótvægisgerðir og vöktun

Lagðar eru til sérstakar mótvægisgerðir eða vöktun m.t.t. umhverfisáhrifa varðandi efnistöku, skógareyðingu náttúrlegra birkiskóga (sjá skilmála um frístundabyggð í landi Hemrumarkar og skilmála varðandi Hrifunes Vþ9).

## 9.10 Matsferli og samráðsaðilar

Um matsferli og samráð má lesa í greinargerð aðalskipulags.

## 10 Heimildaskrá

Alþingi Íslands. (2021). Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Retrieved from <https://www.althingi.is/lagas/151c/2021111.html>.

Alþingi Íslands. (2010). Skipulagslög nr. 123/2010. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>

Alþingi Íslands. (2015a). Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum., (713), 20–23.

Alþingi Íslands. (2015b). Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, (660). Alþingi Íslands. (2015c). Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/144/s/1163.html>

Drög að samgönguáætlun 2019-2033. Stefna í samgöngum. Samgönguráð - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ferðamálastofa (2017). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum

Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, aldrí og kyni 2011-2018. Hagstofa Íslands. Retrieved from [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_\\_byggdir\\_\\_Byggdakjarnar/MAN03105.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2__byggdir__Byggdakjarnar/MAN03105.px/)

Skrá um friðlýstar fornleifar, 1. útgáfu, 1990. Fornleifanefnd

Davíð Egilson, Matthew J. Roberts, Emmanuel Pagneux, Esther Hlíðar Jensen, Magnús Tumi Guðmundsson, Tómas Jóhannesson, Matthias Ásgeir Jónsson, Snorri Zóphóníasson, Bogi B. Björnsson, Tinna Þórarinsdóttir og Sigrún Karlsdóttir. Hættumat vegna jökulhlaupa í Skaftá: Samantekt. Skýrsla VÍ 2018-016- ISSN 1670-8261.

Ferðamálastofa (2017). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum

Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, aldrí og kyni 2011-2018. Hagstofa Íslands. Retrieved from [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_\\_byggdir\\_\\_Byggdakjarnar/MAN03105.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2__byggdir__Byggdakjarnar/MAN03105.px/)

Tillaga að viðauka við landskipulagsstefnu 2020

Veðurstofa Íslands, hættumat vegna ofanflóða. 2010.

Vera Roth, 2021. Þjóðleiðir í Skaftárhreppi. Hagnýting fornminja. Nýsköpunarverkefni – Lokaskýrsla. Háskóli Íslands.